4

Poppað íslenskt byggkorn til manneldis væntanlegt í verslanir

32

Framtíð landbúnaðar í Færeyjum er björt

38-39

Finnar geta lært af verklaginu við Búnaðarþing

Bændablaðið

6. tölublað 2018 • Fimmtudagur 22. mars • Blað nr. 511 • 24. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna var haldin 8. og 9. mars í Menntaskólanum í Kópavogi. Þar mátu dómarar 125 mismunandi vörur frá kjötiðnaðarmönnum víða af landinu. Stigahæsti kjötiðnaðarmaðurinn reyndist vera Oddur Árnason frá Sláturfélagi Suðurlands og hlaut hann um leið sæmdarheitið „Kjötmeistari Íslands". Hann er hér með Kristjáni Þór Júlíussyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráherra. – Sjá nánar bls. 7, 28 og 29. Mynd / Björk Guðbrandsdóttir

Sjúkdómar og tollar:

Danskir bændur áhyggjufullir

Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku var haldið um síðustu mánaðamót. Þar komu fram miklar áhyggjur af þeirri hættu sem greininni stafar af innflutningi lífdýra sem og fyrirhuguðum tollasamningum ESB við Suður-Ameríkuríki.

Formaður samtakanna, Christian Lund, og framkvæmdastjóri, Gitte Grønbæk, sáu um framsöguna, en margt afar áhugavert kom fram í máli þeirra. Þó stóð upp úr ný stefna varðandi flutninga á lífdýrum, sem snýst um að reyna að stöðva alla flutninga á lífdýrum til Danmerkur til þess að vernda danska nautgriparækt gegn mögulegum sjúkdómum í búfé. Þetta er tillaga sem gengur þvert á stefnu Evrópusambandsins og gæti verið erfitt að hrinda í framkvæmd en nálgun dönsku bændasamtakanna er þó afar áhugaverð og snýst um að ná víðtækri sátt og samstöðu allra fyrirtækja sem vinna úr afurðum nautgripa, þ.e. bæði kjöti og mjólk.

Nýr fyrirhugaður samningur um tollfrjáls viðskipti á milli ESB og Mercosur-landanna Brasilíu, Argentínu, Úrúgvæ og Paragvæ veldur kúabændum í Danmörku miklum áhyggjum. Ef þetta verður niðurstaðan í viðræðunum mun verð á nautakjöti lækka að því að talið er um 5,5% og er það mikið áhyggjuefni dönsku bændanna. Vegna þessa vilja dönsku bændasamtökin að sett verði almennt þak á það hve miklu magni nautakjöts megi hleypa inn í ESB án tolla. */SS*

– *Sjá nánar á bls. 50 og 51*

Framsóknarflokkurinn vill bann við innflutningi á hráu kjöti, ógerilsneyddri mjólk og eggjum

– Sjálfstæðisflokkurinn segir að tryggja skuli að innflutningur hrárra landbúnaðarafurða feli ekki í sér sýkingarhættu fyrir bústofna

„Í ljósi dóms EFTA-dómstólsins um innflutning á hráu kjöti, ógerilsneyddum mjólkurvörum og eggjum er ljóst að vegið er að íslenskum búfjárstofnum og lýðheilsu Íslendinga," segir í ályktun Framsóknarflokksins á nýliðnu flokksþingi.

Flokkurinn vill að bann við innflutningi á hráu kjöti, ógerilsneyddri mjólk og eggjum verði áfram tryggt í íslenskum lögum.

Í ályktun Sjálfstæðisflokksins á nýloknum landsfundi segir að tryggja skuli að innflutningur hrárra landbúnaðarafurða feli ekki í sér sýkingarhættu fyrir innlenda bústofna.

Samkvæmt ályktun Framsóknarflokksins telur flokkurinn að sjálfbær þróun verði ætíð að vera leiðarstef í allri atvinnustarfsemi sem byggir á nýtingu náttúruauðlinda.


Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins.


Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins.

Innflutningur má ekki fela í sér sýkingarhættu

Í ályktun Sjálfstæðisflokksins um landbúnaðarmál kvað við örlítið annan tón þar sem segir: „Tryggja skal að innflutningur hrárra landbúnaðarafurða feli ekki í sér sýkingarhættu fyrir innlenda bústofna"

Þá segir að gera verði sömu kröfur til framleiðslu innfluttra búvara og gerðar eru til innlendrar framleiðslu.

Jafnframt kemur fram í ályktun Sjálfstæðismanna að tryggja þurfi heilbrigða samkeppni með landbúnaðarvörur, þá sérstaklega mjólkurvörur, með það að markmiði að auka vöruúrval og bæta hag neytenda. */VH*



FRÉTTIR

Helmingur uppfyllti ekki kröfur MAST

Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga rannsökuðu næringar- og heilsufullyrðingar á matvörum og fæðubótarefnum frá maí 2016 til febrúar 2017.

Niðurstöður eftirlitsverkefnisins sýna að rúmur helmingur fullyrðinga uppfyllti ekki kröfur.

Rannsakaðar voru 40 mismunandi matvörur og fæðubótarefni frá 18 fyrirtækjum, með samtals 66 fullyrðingum. Skoðaðar voru bæði innlendar og innfluttar vörur, almenn matvæli og fæðubótarefni eða sérvörur. Einnig voru skoðaðar auglýsingar í dagblöðum og upplýsingar í netverslunum. Fyrirtækin voru ýmist undir eftirliti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga eða Matvælastofnunar. */VH*



Njarðvíkurskriður. Mynd / HKr.

75% þjóðvega í lélegu ástandi

Öryggisúttekt á íslenska þjóðvegakerfinu hefur farið fram síðustu ár og er alls búið að meta um 4.200 km.

Í úttektinni kemur fram að um 75% af íslenska vegakerfinu er með eina eða tvær stjörnur í öryggisúttekt EuroRap. Einungis 25% íslenskra vega er með þrjár stjörnur eða meira. Markmiðið hins vegar er að allir vegir verði að lágmarki þriggja stjörnu.

Með úttektinni, sem unnin er eftir stöðlum EuroRAP, verður til gagnagrunnur um vegi og umhverfi þeirra og hvernig öryggi þeirra er háttað. Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur ásamt samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og fleiri samstarfsaðilum staðið að úttektinni. Opnað hefur verið fyrir aðgang að úttektinni á vef FÍB.

Búnaðarþing 2018 ályktaði um merkingar á landbúnaðarafurðum:

Beitt verði viðurlögum þegar vísvitandi er verið að blekkja neytendur

– könnun sem Maskína gerði fyrir skömmu sýnir afgerandi vilja neytenda til merkinga á matvöru

Merkingar á landbúnaðarafurðum voru til umræðu á Búnaðarþingi sem haldið var í Reykjavík 5. - 6. mars. Ályktaði þingið um þau mál og lagði áherslu á að með bættum merkingum og eftirliti með þeim yrði komið í veg fyrir að neytendur séu blekktir.

Af hálfu neytenda hefur þráfaldlega verið bent á mikinn misbrest í merkingum á landbúnaðarvörum á undanförnum árum. Talsverðar úrbætur hafa verið gerðar hvað varðar upprunamerkingar en ljóst að bæta þarf um betur. Beindi Búnaðarþing því til landbúnaðarráðherra, fjármálaráðherra og ráðherra ferða-, iðnaðar- og nýsköpunarmála sem jafnframt fer með neytendamál, að tryggja að í gildi séu viðeigandi reglur um vandaðar og áberandi merkingar á öllum matvælum og öðrum landbúnaðarafurðum, innlendum sem innfluttum.

Neytendur vilja merkingar

Markaðsfyrirtækið Maskína gerði könnun á afstöðu neytenda um upprunamerkingar á matvöru fyrir Icelandic lamb í janúar síðastliðnum. Þar kom fram mjög ákveðin afstaða neytenda sem langsamlega flestir vilja vita um upprunaland matvöru. Ákveðnust var afstaðan til matvöru sem boðin er til sölu í verslunum. Einnig var mikill meirihluti sem vill upprunamerkingar á matvöru sem borin er á borð á veitingahúsum og í mötuneytum.


Viðurlögum beitt vegna blekkinga


Í ályktun Búnaðarþings um merkingarmálin segir m.a.:


„Merkingarnar taki m.a. til uppruna, ferils, framleiðsluhátta, innihalds og geymsluskilyrða. Skoða þarf nánar framsetningu á merkingum með tilliti til þess að þær gefi neytendum ætíð glöggar upplýsingar og beita þarf í auknum mæli viðurlögum þegar blekkingum er vísvitandi beitt.

Virkt eftirlit með innflutningi

Stofnanir sem fara með eftirlit með merkingum, innflutningi og markaðsfærslu landbúnaðarafurða stundi reglulega vöruskoðun vegna innflutnings og virkt almennt eftirlit. Við innflutning matvæla og annarra landbúnaðarafurða verði sérstök áhersla lögð á að réttum reglum sé fylgt varðandi heilbrigði, tollafgreiðslu og merkingar. Með því verði stuðlað að lýðheilsu, smitgát, plöntu- og dýraheilbrigði, vandaðri upplýsingagjöf til neytenda og heilbrigðara samkeppnisumhverfi.







Búnaðarþing telur að upplýsingar um uppruna matvara eigi ávallt að vera aðgengilegar fyrir neytendur, hvort sem er í verslunum, mötuneytum eða veitingastöðum.“

Í greinargerð með ályktuninni segir ennfremur:

„Nauðsynlegt er að tryggja að við innflutning á landbúnaðarvörum fari örugglega saman þau skjöl sem vörunni eiga að fylgja og skoðun á þeirri vöru sem raunverulega kemur til landsins. Eina aðferðin til að sannreyna það er virk vöruskoðun. Með því er tryggt að rétt heilbrigðisvottorð fylgi ævinlega þeirri vöru sem kemur. Jafnframt er mikilvægt að yfirfara með vöruskoðun og skjalasamanburði að rétt tollflokkun sé viðhöfð. Dæmi eru um að misbrestur sé á hvoru tveggja.”

Styrkja þarf skilgreiningar

Yfirfara þarf reglugerðir um merkingar matvæla og annarra landbúnaðarafurða, framsetningu þeirra sem og reglugerðir um inn- og útflutning. Styrkja þarf skilgreiningar að baki tollflokkun, mögulega með fjölgun tollnúmera og útgáfu úrskurða um bindandi tollflokkun.“

Blekkingum beitt við innfluttar vörur

„Þá er nauðsynlegt að gera átak í að lögum og reglum um merkingar sé fylgt en því hefur víða verið áfátt sbr. ákvæði reglugerðar 1294/2014. Taka þarf fastar á því ef vísvitandi blekkingum virðist beitt, t.d. eru fjölmörg dæmi um að innfluttri vöru séu búnar þær merkingar og umbúðir að hún virðist íslensk. Dæmi eru um að innfluttar vörur eru seldar undir innlendum vöruheitum, umbúðir þeirra merktar í fánalitum, upprunaland komi ekki fram eða að leturgerð upprunalands sé svo ógreinileg að vart sjáist,“ segir í ályktun Búnaðarþings 2018. */HKr.*

Útflutningur á íslensku grænmeti sem ræktað er án varnarefna til netverslunarinnar nemlig.com í Danmörku:

Íslenskar agúrkur á matarborð Dana

Sölufélag garðyrkjumanna sendi í upphafi vikunnar fyrstu sölusendingu sína af grænmeti til Danmerkur. Um er að ræða tvö bretti af agúrkum sem verða seldar af netversluninni Nemlig.com.

Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna, segir að til hafi staðið að sendingin færi fyrr en að henni hafi verið frestað vegna skorts á innlendum agúrkum.

„Það fór frá okkur tilraunasending fyrir ekki svo löngu og Danirnir voru gríðarlega ánægðir með hana. Í framhaldi af því sendum tvö bretti til viðbótar í byrjun vikunnar.“

Kröfuharðir neytendur

„Móttakandi sendingarinnar í Danmörku er netverslun sem heitir nemlig.com sem selur allt milli himins og jarðar og þar á meðal matvæli. Hún er að mínu mati ein glæsilegasta vefverslun á Norðurlöndunum í dag.



Gunnlaugur Karlsson.



Heimsendingarþjónusta nemlig.com.

Neytendur í Danmörku eru mjög kröfuharðir og týpískur viðskiptamannahópur nemlig.com pantar matinn yfir rauðvínsglasi á kvöldin og fær hann sendan heim og fer aldrei í matvöruverslun.

Viðræður við Irma enn í gangi

Guðlaugur segir að Sölufélag garðyrkjumanna hafi um tíma átt í viðræðum við dönsku verslunarkeðjuna Irma um útflutning á grænmeti og að þær viðræður séu enn í gangi.

„Í dag stranda viðræðurnar við Irma á því að þar vilja menn fá íslenska lífræna vottun á framleiðsluna. Vandamálið er að hér á landi gilda ekki sömu reglur um lífræna vottun og í Skandinavíu. Í Skandinavíu er heimilt að rækta plöntur í rennum í eins metra hæð eins og við gerum og þar telst það lífræn ræktun. Hér er ekki heimilt að votta slíka ræktun sem lífræna þrátt fyrir að moldin, næringarefnin og allt annað sé lífrænt ræktað.

Þessu þarf að breyta og það verða stjórnvöld að gera. Ef þau gera það ekki er ólíklegt að við séum að fara að flytja út agúrkur héðan sem lífrænt vottaðar.”

Engin varnarefni í íslenskum agúrkum

„Vefverslunin nemlig.com gerir kröfu um að varan innihaldi ekki varnarefni og það er ekkert vandamál fyrir okkur að uppfylla þá kröfu. Það er þegar búið að staðfesta að hún geri það ekki af óháðri rannsóknastofu. Við merkjum vöruna sérstaklega sem lausa við öll varnarefni.“

Áhugi fyrir annarskonar matvörum

„Danirnir hafa sýnt áhuga að fá frá okkur fleiri tegundir af grænmeti og jafnvel aðrar annarskonar matvörur eins og kjöt og fisk. Viðræður um það eru í gangi nú þegar. Ég á ekki von á öðru en að þessi viðskipti eigi eftir að vinda utan á sig og að salan eigi eftir að aukast með tímanum,“ segir Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna. */VH*


HVAÐ LANGAR ÞIG AÐ FÁ Í FERMINGARGJÖF?
KYNNTU ÞÉR ALLT ÚRVALIÐ Á ELKO.IS
SAMSUNG
Galaxy S9 | S9+
HANN ER LENTUR!
ELKO
GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS

FRÉTTIR



Stjórn Bóndafélags Føroya.

Bóndafélag Føroya:

Stjórn félagsins var endurkjörin

Stjórn Bóndafélags Føroya var endurkjörin á aðalfundi félagsins fyrir skömmu.

Í nefndinni sitja Sigert Patursson, Hoyvík, formaður, Eynar Martin Kjærbo, Skálavík, næstformaður, Heini á Heygum, Vestmanna, nevndarlimur, Eyðfinnur í Búðini, Velbastaður, nevndarlimur, Dánjal Petur Múller, Kvívík, nevndarlimur, Mourits Sørensen, Streymnes, nevndarlimur, Símun Gullaksen, Hattarvík, 1. tiltakslimur, Jóhan Jógvansson, Saksun, 2. tiltakslimur.

/VH



Stefnumótavinna Landssambands kúabænda.

Landssamband kúabænda:

Stefnumótunarvinna kynnt á landsfundi LK

Vinnuhópar á vegur Landssamband kúabænda hafa frá áramótum unnið að stefnumótun fyrir LK til næstu tíu ára. Hugmyndin að baki stefnumótunarvinnunni er að hún verði eins konar leiðarvísir fyrir Landssambandið næsta áratuginn.

Innifalin Meðal þess sem komið er inná í stefnumótunarvinnunni er fræðsla, ráðgjöf og rannsóknir, umhverfismál, kynningarmál, starfsumhverfi bænda og mál sem snerta framleiðslu og sölu afurða. Stefnumótunin er meðal annars byggð á eldri stefnumótun LK og Auðhumlu sem unnin var fyrir árin 2011-2021.

Tveir vinnuhópar

Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, segir að á aðalfundi LK 2017 hafi verið samþykkt að fara í stefnumótunarvinnu fyrir landssambandið til næstu tíu ára.

„Síðastliðið haust var ákveðið að setja á fót vinnuhópa, annars vegar fyrir mjólkurframleiðsluna og hins vegar fyrir nautakjötsframleiðslu, og er þetta í fyrsta sinn sem þetta er tvískipt.

Hóparnir hófu störf í upphafi árs 2018 og hafa verið að hittast á fundum síðastliðna mánuði og verður stefnumörkunin kynnt og tekin til afgreiðslu á landsfundi LK 6. og 7. apríl næstkomandi.“

Reynt að ná sem víðastri mynd

Í vinnuhópi fyrir mjólkurframleiðsluna störfuðu ellefu manns og sjö í vinnuhópnum vegna kjötframleiðslunnar. Að sögn Margrétar var snemma tekin ákvörðum um að ná breiðri sýn á starfið og til að slíkt mætti heppnast var meðal annars fengin matreiðslumaður og aðili frá afurðastöð til að vinna með hópnum sem vann að stefnumörkuninni með kjöthópnum. Auk þess voru fengnir ýmsir gestir; verslunarmenn, heildsalar, markaðsmenn og fleiri, til að vinna með hópunum til að ná breiðri mynd á starfið.

Kvótakerfið ekki skrifað inn í stefnumótunina

„Starfið hefur gengið mjög vel en ýmsir hafa velt því fyrir sér hvernig er hægt að móta stefnu þegar niðurstaða atkvæðagreiðslu um mjólkurkvótann liggur ekki fyrir.

Samkvæmt ráðgjöf frá sérfræðingum í stefnumótunarvinnu var ákveðið að fara þá leið að skrifa kerfið ekki inn í stefnumótunina sjálfa, enda framtíðarsýnin fyrir greinina sú sama. Í staðinn verður unnin greiningarvinna á mismunandi kerfum og hvaða möguleika þau bjóða áður en atkvæðagreiðslan mun eiga sér stað. Bæði kostir og gallar miðað við þá framtíðarsýn sem við munum kynna,“ segir Margrét Gísladóttir.

/VH



Braga Stefaný Mileris og Hildur Guðrún Baldursdóttir, sem standa á bak við Arctic Barley. Mynd / smh

Arctic Barley:

Poppað íslenskt byggkorn til manneldis væntanlegt í verslanir

Arctic Barley er nýtt íslenskt vörumerki en undir því er framleitt poppað byggkorn. Fljótlega eftir páska eru tvær byggblöndur væntanlegar í hillurnar í Hámu á Háskólatorgi Háskóla Íslands.

Að sögn þeirra Brögu Stefaný Mileris og Hildar Guðrúnar Baldursdóttur, sem standa á bak við Arctic Barley, eru vörurnar hugsaðar sem hollt og gott nasl milli mála eða sem múslí í jógúrt. Önnur blandan inniheldur poppað bygg, dökkt stevía-súkkulaði, döðlur og kókosflögur. Hin blandan er hugsuð sem snarlblanda og inniheldur poppað bygg, þurrkuð epli, kanil, kasjúhnetur og kókosflögur. Í vinnslu er frekari þróun á fleiri útfærslum og vörum.

Lokaverkefni í meistaranámi

Þær eru nemar í matvælafræði við Háskóla Íslands og er vöruþróunin og markaðssetning Arctic Barley-varanna lokaverkefni í meistaranámi þeirra. Vörurnar eru markaðssettar sem heilsuvörur enda innihalda þær engan viðbættan sykur, salt eða olíu. Bygg er, að þeirra sögn, stútfullt af trefjum og ýmsum vítamínum og margar rannsóknir hafi sýnt fram á heilsubætandi áhrif þess. Önnur byggblandan er með kanil, þurrkuðum eplum, kókos og kasjúhnetum og er að, þeirra sögn, einstaklega góð eintóm, í jógúrt eða jafnvel ofan á grjónagrautinn. Hin er múslíblanda með stevíu-súkkulaði, döðlum og kókos – sem hentar vel eintóm eða í jógúrt.

Bygg til manneldis

Braga og Hildur segja að allt hafi þetta byrjað í vöruþróunaráfanganum í Matvælafræði í byrjun árs 2016, þar sem nemendur voru hvattir til þess að finna nýstárlegar leiðir til að nýta íslensk hráefni sem er illa nýtt. Þar hafi byggið komið til sögunnar þar sem það er að miklu leyti nýtt í dýrafóður, þrátt fyrir að vera mjög heilsusamlegt korn og auðræktanlegt á Íslandi, en bygg hefur verið ræktað hér samfellt í meira en 50 ár. Þær segja að samkvæmt tölum frá 2014 voru einungis þrír byggræktendur af 436 á Íslandi sem seldu sitt korn til manneldis.

Þær segja að hugmyndin að því að poppa byggið hafi kviknað þegar þær gáfu hugarfluginu lausan tauminn. Þær hafi einbeitt sér að



því að reyna að finna skemmtilegar og öðruvísi leiðir til þess að nýta byggið og þá hafi þessi hugmynd, að prufa að poppa byggið, skotið upp kollinum. Það hafi komið einstaklega vel út, þótt það hafði þurft nokkrar misheppnaðar tilraunir með olíu, potta og fleira – áður en rétta aðferðin var fundin.

Góðar viðtökur í neytendakönnunum

Poppaða byggið var síðan valin til þess að taka þátt í Ecotrophelia í París 2016 fyrir hönd Íslands, sem er keppni í vistvænni nýsköpun matvæla. Sumarið 2016 fengu þær styrk frá matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands til að vinna að verkefninu. Þær segjast hafa fengið ómetanlegan stuðning þaðan, frá leiðbeinendum og kennurum þeirra í háskólanum. Síðasta sumar fengum þær líka styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og gátu þá klárað allar helstu mælingar og frekari prófanir. Þær fólust meðal annars í að meta besta hreinsunarstig byggs, sumsé að finna út hvers konar bygg hentaði best í vöruna og finna bestu aðferðina við poppun til að ná fram þeim eiginleikunum sem þær sóttust eftir.

Þær hafa talað við neytendur og gert neytendakannanir á blöndunum í Fræinu í Fjarðarkaupum og var vörunni mjög vel tekið að þeirra sögn.

Ekki ólíkt poppinu

Þær segja að líkja megi poppun byggsins að vissu leyti við poppun á maísbaunum. Kornið springur og opnast við hitann og sterkjan verður sýnileg. Munurinn er þó sá að byggkornið springur ekki eins mikið þar sem maísbaunin er stærri og vatnsmeiri.

Hrátt byggkorn er að þeirra sögn hart undir tönn og ómeltanlegt en með poppuninni „eldast“ það; mýkist að innan en er þó með brakandi ytri áferð auk þess sem byggið fær einstaklega skemmtilegt kornbragð við poppunina. Ekkert salt er notað og engin olía.

Skynmatsferill í Matís

Braga og Hildur hafa notið liðsinnis starfsfólks Matís í þróunarferlinu og fengið ómetanlegan stuðning þaðan. Þær segja að þær hafi notið góðs af ólíku fólki með mismunandi þekkingu og hæfni til að meta gæði byggsins. Þær segja að þjálfað skynmatsteymi hafi meðal annars hjálpað þeim að ákvarða bestu tegund byggs með tilliti til poppunar og á hvaða hitastigi poppun á byggi kæmi best út með tilliti til skynmatseiginleika þess.

Íslensk bankabygg

Byggið sem þær nota er íslenskt bankabygg og þær hafa notað bygg bæði frá Vallanesi og Þorvaldseyri með góðum árangri. Varðandi val á öðru hráefni leitast þær við að kaupa frá íslenskum framleiðendum og velja sem minnst unnið hráefni.

Þær segja að fyrstu vörurnar ættu að koma í sölu stuttu eftir páska. Þær séu með í skoðun samstarf við veitingastaði og kaffihús en markmiðið er að Arctic Barley-vörurnar þeirra fáist í heilsuhornum allra helstu matvöruverslana. Þær finna fyrir miklum áhuga á þessari leið til að nýta bygg og segja það myndi ekki koma þeim á óvart ef aðrir matvælaframleiðendur færu að nota það í sinni vöruþróun; enda íslenskt og einstaklega heilsusamlegt hráefni.

/smh



Kubota heyvinnuvélar

KUBOTA heyvinnuvélar eru fáanlegar í öllum stærðum og gerðum og henta því á sérhvert bú.

Sláttuvélar - miðjuhengdar í vinnslubreiddum 2,8 m upp í 4,0 m. Þriggja-hnífa diskar tryggja þéttan og góðan slátt.

Rakstarvélar - einnar stjörnu með vinnslubreidd upp í 4,6 m - tveggja stjörnu með vinnslubreidd upp í 9 metra og fjögurra stjörnu vélar með vinnslubreidd upp í 15 metra.

Snúningsvélar - fjögurra, sex, átta og tíu stjörnu vélar með vinnslubreidd frá 4,6 m upp í 14,0 m.

Rúlluvélar - Lauskjarna rúlluvélar með öflugum mötunarbúnaði, netbindingu söxun og skila þéttum og góðum rúllum.

Pökkunarvélar - Fáanlegar með einum eða tveimur örmum, dragtengdar, lyftutengdar og staðbundnar.

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum okkar

ÞÓR HF

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Baldursnesi 8
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.500 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.250 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Döpur staða

Íslenskir stjórnmálamenn bera ábyrgð á skiptingu tekna samfélagsins til samfélagslegra verkefna. Meðal þeirra eru samgöngumál, sem líka hafa mikil áhrif á útgjöld samfélagsins vegna heilbrigðismála. Það er vissulega fagnaðarefni að stjórnvöld skuli nú vera að vakna til vitundar um að þarna þurfi að taka til hendi, ekki síst í samgöngumálum.

Í báðum þessum málaflokkum hefur verið pottur brotinn í fjölda ára. Í raun er svo komið að vegakerfið er svo illa farið að kostnaður samfélagsins af uppbyggingu þess verður mun meiri en þurft hefði ef eðlilegu viðhaldi hefði verið sinnt. Ráðherrar liðinna ára hafa borið því við að önnur mikilvægari verkefni hafi verið framar í forgangsröðinni, eins og lækkun skulda þjóðarbúsins. Vissulega má færa rök fyrir slíku, en að trassa viðhald og eðlilega uppbyggingu þjóðvegakerfisins er fáránleg hagfræði. Með slíku er einungis verið að sópa vanda undir teppið, sem veldur auknum kostnaði síðar. Þetta er nú berlega að koma í ljós og útúrsnúningar stjórnmálamanna undanfarin misseri á gagnrýni á slóðahátt í samgöngumálum eru farnir að hljóma ansi aulalega í eyrum kjósenda þeirra.

Á þriðjudag opnaði Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra aðgang að gagnagrunni EuroRAP þar sem hægt verður að skoða stjörnugjöf EuroRAP fyrir íslenska þjóðvegakerfið. FÍB hefur annast framkvæmd EuroRAP-öryggisúttektarinnar á þeim 4.200 km af þjóðvegum landsins sem búið er að skrá í gagnagrunn EuroRAP.

Samkvæmt þessu kerfi, sem lýsir m.a. öryggisstöðlum fyrir vegakerfið, er ástand íslenska vegakerfisins hörmulegt. Um 75% af íslenska vegakerfinu eru með eina eða tvær stjörnur í öryggisúttekt EuroRAP. Með öðrum orðum eru 75% vegakerfisins meira og minna ónýt. Einungis 25% íslenskra vega eru með þrjár stjörnur eða meira. Markmiðið er hins vegar að allir vegir verði að lágmarki með þrjár stjörnur.

Fyrir hverja eina stjörnu sem vegur uppfærist um sýnir reglan að slysum fækkar um helming. Á árunum 2013-2017 fórust 69 í umferðinni og 936 slösuðust alvarlega.

Það kom fram í máli Sigurðar Inga Jóhannssonar samgönguráðherra að það væri óviðunandi hversu margir farast í umferðinni og verða fyrir alvarlegum meiðslum. Enda hefur verið sýnt fram á það, m.a. í Bændablaðinu, að hvert einasta alvarlegt slys getur kostað hundruð milljóna króna.

Það er alveg ljóst samkvæmt þessu að hagfræðin sem íslenskir stjórnmálamenn hafa unnið eftir á liðnum árum við rekstur þjóðarbúsins fær algera falleinkunn hvað þetta varðar. Lélegir vegir þýða nefnilega aukin útgjöld heilbrigðiskerfisins og lélegt viðhald vega þýðir aukin útgjöld fyrir framtíðina, bæði í samgöngumálum og heilbrigðismálum. Þarna hafa menn ekki bara verið að pissa í skóna sína í von um að geta sýnt fram á skammtímavarma í þjóðhagsspám, heldur væri nær að tala um að menn hafi þarna skitið í skóna sína og langt upp á bak.

Í ljósi þessa er það mikið fagnaðarefni að núverandi samgönguráðherra ætli sér að setja aukið fjármagn í samgöngumálin og er ljóst að þar verður strax að hefjast handa. Vonandi mun Sigurður Ingi knýja þetta mál áfram af fullri hörku, hvort sem það verður gert með erlendri lántöku eða á annan hátt. Það skiptir líka öllu máli fyrir ört vaxandi ferðamannastraum á þjóðvegum landsins. Þarna eru menn að tala um fjármagnsþörf upp á hundruð milljarða króna á næstu árum. */HKr.*

Stjórnmálaöflin líta ólíkum augum á íslenskan landbúnað

Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is



Fjórir stjórnmálaflokkar af átta sem sitja á Alþingi hafa haldið landsþing eftir síðustu þingkosningar, tveir stjórnarflokkar og tveir stjórnarandstöðuflokkar. Stundum er ekki mjög skýrt hvað samþykktir slíkra funda segja í raun og veru og það er afar mismunandi hvað flokkarnir eyða mörgum orðum í landbúnaðinn með beinum hætti.

Samfylkingin hélt sinn fund í byrjun mars. Í stjórnmálaályktun fundarins er ekki fjallað neitt um landbúnað eða dreifbýlið, en hægt er að finna landbúnaðarstefnu á vef flokksins sem er hluti af skjalinu „Eitt samfélag fyrir alla“ sem einnig var afgreitt á landsfundinum. Inngangurinn þar er eftirfarandi:

„Mikil sóknarfæri eru í landbúnaði og liggja þau m.a. í þróun matvæla, tengslum við ferðaþjónustu og skógrækt. Endurskoða skal búvörusamninga með það að markmiði að bæta kjör og aðstæður bænda og tryggja neytendum sanngjarnt verð og gæði. Draga þarf úr samtengingu framleiðslu og stuðnings ríkisins og færa stærri hluta stuðnings við landbúnað til sjálfbærrar nýtingar landsins …“

Ekki er þarna fjallað um mál sem brunnið hafa á landbúnaðinum síðustu mánuði eins og niðurstöðu EFTA-dómstólsins og sauðfjárræktina en síðar í kaflanum er lagt til að tollar verði lækkaðir, en einnig lagt til að ríkið setji sér matarstefnu sem taki mið af sjálfbærni í matvælaframleiðslu, loftslagsmálum, næringu, lýðheilsu og félagslegum þáttum.

Taka má heils hugar undir hugmyndir um matarstefnu en bændur eru ekki sammála hugmyndum um frekari lækkun á tollum. Fyrri punktarnir geta þýtt ýmislegt og óljóst hvernig flokkurinn myndi vilja framkvæma þá ef hann fengi umboð til þess en taka má undir sumt í þeim.

Viðreisn og Framsókn á öndverðum meiði

Viðreisn og Framsóknarflokkurinn héldu sína fundi viku seinna. Fulltrúar Viðreisnar hafa verið duglegir að tjá sig á Alþingi um málefni landbúnaðarins og í þessari viku var formaður flokksins að spyrja landbúnaðarráðherra um útflutningsskyldu í sauðfjárrækt, í því skyni að fullvissa sig um að ráðherra hefði engar fyrirætlanir að koma henni á. Því miður tók ráðherrann undir það. Í stjórnmálaályktun fundarins er þó ekkert sérstaklega um landbúnað fjallað, en fram kemur að afnema eigi samkeppnishindranir á innlendum markaði svo sem í landbúnaði, fjölmiðlun og smásölu áfengis. Í atvinnumálastefnu flokksins (sem er eldri) er talað um að hætta allri framleiðslu- og sölustýringu í landbúnaði en veita búsetu- og svæðisstyrki. Um það er og verður ágreiningur á milli bænda og flokksins.

Framsóknarflokkurinn segir eftirfarandi í sinni stjórnmálaályktun um landbúnað: „Sjávarútvegur og landbúnaður eru grunnatvinnuvegir landsins og traustar stoðir í byggðum þess. Greinarnar þurfa ávallt að búa við sanngjörn starfsskilyrði. Tryggja þarf samkeppnishæfni þeirra og leggja áherslu á að styðja við sjálfbærni, nýsköpun og veruþróun. Draga þarf enn frekar fram sérstöðu íslenskrar framleiðslu og umhverfislega þýðingu þess að nýta betur innlend aðföng eftir því sem hægt er.“

Þetta er jákvæður almennur texti sem túlka má með mismunandi hætti og ekki er þarna fjallað heldur um sauðfjárræktina eða tollamálin. Hins vegar er mjög skýrt að orði kveðið í ályktun um byggðamál um hráakjötsmálið sem er eftirfarandi: „Í ljósi dóms EFTA-dómstólsins um innflutning á hráu kjöti, ógerilsneyddum mjólkurvörum og eggjum er ljóst að vegið er að íslenskum búfjárstofnum og lýðheilsu Íslendinga. Framsóknarflokkurinn vill að bann við innflutningi á hráu kjöti, ógerilsneyddri mjólk og eggjum verði áfram tryggt í íslenskum lögum.“ Þetta er í góðu samræmi við ályktun nýliðins Búnaðarþings.

Sjálfstæðisflokkurinn vill samkeppni og markaðslausnir

Sjálfstæðisflokkurinn fundaði um síðustu helgi og fjallar sérstaklega um landbúnaðinn í ályktun um atvinnumál.

„Landbúnaður á Íslandi er burðarás í atvinnulífi hinna dreifðu byggða í landinu. Starfsskilyrði greinarinnar þurfa að hvetja til aukinnar verðmætasköpunar, sjálfbærni, fjölbreytileika og nýsköpunar. Virða þarf frelsi og sjálfsákvörðunarrétt íslenskra bænda og stuðla þannig að aukinni hagkvæmni og fjölbreytni. Strangar kröfur eiga að gilda um dýravelferð, hreinleika og heilbrigði. Tryggja skal að innflutningur hrárra landbúnaðarafurða feli ekki í sér sýkingarhættu fyrir innlenda bústofna. Traust umgjörð um merkingar á búvöru og rekjanleiki sameinar hagsmuni bænda og og neytenda.

Tryggja verður matvælaöryggi og fæðuöryggi íslensku þjóðarinnar. Gera verður sömu kröfur til framleiðslu innfluttra búvara og gerðar eru til innlendrar framleiðslu. Tvíhliða samningar um gagnkvæman markaðsaðgang fyrir landbúnaðarafurðir fela í sér sóknarfæri fyrir íslenskan landbúnað og auka valfrelsi neytenda. Íslenskur landbúnaður er í daglegri samkeppni við erlendan ríkisstyrktan landbúnað. Atvinnugreinin þarf sjálf að hafa tæki til að takast á við sveiflur og vinna að langtímahagsmunum neytenda og bænda. Framleiðslutakmarkanir þarf að útfæra þannig að þær stuðli að hagræðingu og framleiðniaukningu. Hágæðaafurðir og ímynd landsins gefa landbúnaðinum ný tækifæri innanlands og erlendis. Ferðamenn sem heimsækja landið sækjast eftir afurðum úr héraði og breiða út orðspor þeirra þegar heim er komið. Stefna ber að því að draga úr opinberum stuðningi við landbúnað og vinna að því að hann geti starfað á markaðsforsendum, meðal annars með því að stuðla að lækkun tilkostnaðar á öllum stigum framleiðslunnar. Þá þarf að tryggja heilbrigða samkeppni með landbúnaðarvörur, þá sérstaklega mjólkurvörur, með það að markmiði að auka vöruúrval og bæta hag neytenda.“

Þarna er margt sem má taka undir sem ráðherra málaflokksins úr Sjálfstæðisflokknum tekur vonandi til sín. Þó er ýmislegt mjög opið fyrir túlkunum og stundum getur verið erfitt að átta sig á hvað þessi stefna þýðir, en punktar um matvæla- og fæðuöryggi, að tryggt sé að innflutningur feli ekki í sér sýkingarhættu og fleira, en ýmislegt annað orkar tvímælis.

Tökum þátt, fræðum og spyrjum spurninga

Allt að einu þá er rétt að hvetja bændur og aðra lesendur, hvar í flokki sem þeir standa til þess að taka þátt í stjórnmálastarfi og vinna ávallt að því að auka skilning á landbúnaðinum í stjórnmálunum og í samfélaginu almennt. Nýtið endilega tækifærin til að ræða þessi mál við þingmenn og ráðherra og spyrjið þá um þeirra sýn og á landbúnaðinn – Hvert ætla þeir með hann – bæði þeir sem nú stjórna og þeir sem gera það ekki?

Menn þurfa ekki að vera sammála gildandi landbúnaðarstefnu hverju sinni en verða að skilja að breytingar verður að hugsa til hlítar og vita hvernig menn ætla að ná þeim fram – ekki bara með almennum orðum.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Kjarlaksvellir í Hvammsdal. Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF



Keppendur SS í fagkeppninni við verðlaunin sín. Frá vinstri: Jónas Pálmar Björnsson verkstjóri, Benedikt Benediktsson framleiðslustjóri, Oddur Árnason fagmálastjóri, Bjarki Sigurjónsson verkstjóri, Björgvin Bjarnason, gæðastjóri Reykjagarðs, Steinar Þórarinsson verkstjóri. Á myndina vantar Hrafn Magnússon, Jónas Helgason og Hermann Bjarka Rúnarsson, en þeir tóku einnig þátt í keppninni. Mynd / Björk Guðbrandsdóttir

Sigursælir kjötiðnaðarmenn hjá SS

Kjötiðnaðarmenn SS sýndu frábæra frammistöðu í fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna og besta skinka Íslands 2018 sem fór nýlega fram.

Oddur Árnason, fagmálastjóri SS, varð kjötmeistari Íslands árið 2018. Hann fékk auk þess verðlaun fyrir bestu vöruna úr nautakjöti, einnig fyrir reykgrafið Landnámsnaut, auk þess að fá Lambaorðuna fyrir Tindfjallahangikjet og verðlaun fyrir athyglisverðustu nýjungina fyrir Sveitakonfekt. Jónas Pálmar Björnsson, verkstjóri hjá SS, fékk verðlaun fyrir bestu vöruna úr hrossa/folaldakjöti fyrir grafið lakkrísfolald.

Fagmenn SS sendu inn 31 vöru í keppnina og hlutu 30 vörur verðlaun, þar af 19 gullverðlaun. Þess má geta að Göngubiti og Lukkubiti, sem eru nýjar þurrverkaðar snakkpylsur á markaði, fengu báðar gullverðlaun. Auk þess var Hunangsskinkan frá SS kosin besta skinkan 2018. Forkeppnin fór fram á haustdögum þar sem dómnefnd Meistarafélags kjötiðnaðarmanna valdi þrjár bestu skinkurnar úr fjölda innsendra vara, þar átti SS tvær af þremur bestu skinkunum. Aðalkeppnin fór fram í febrúar í Kringlunni þar sem almenningur dæmdi á milli og bar Hunangsskinkan sigur úr býtum. */MHH*

Hinrik á Grillinu fékk silfur á Norðurlandamótinu Nordic Chef Junior

Matreiðslumaðurinn Hinrik Örn Lárusson, sem starfar á Grillinu á Hótel Sögu, vann silfurverðlaun í Norðurlandamótinu Nordic Junior Chefs sem fór fram í Herning í Danmörku síðastliðinn þriðjudag.

Samhliða þeirri keppni var keppnin Nordic Chef of the Year og framreiðslukeppnin Nordic Waiter of the Year. Hafsteinn Ólafsson frá Sumac Grill + Drinks, sem bar sigur úr býtum í keppninni Kokkur ársins 2017, keppti í matreiðslukeppninni og í framreiðslunni keppti Lúðvík Kristinsson frá Grillinu. Þeir komust ekki á verðlaunapall.



Frá verðlaunaafhendingunni. Hinrik er þriðji frá vinstri. Myndir / Klúbbur matreiðslumeistara

Mótshald samhliða Foodexpo

Sænski keppandinn bar sigur úr býtum í Nordic Chef Junior og sá finnski varð í þriðja sæti.

Klúbbur matreiðslumeistara sendi þessa þrjá keppendur til leiks og rekur klúbburinn afreksstarf í matreiðslu og keppnisstarf ungra matreiðslumanna í Kokkalandsliðinu og keppnina Kokkur ársins ásamt þátttöku í alþjólegum keppnum eins og hér um ræðir. Skipulag keppninnar er í höndum Norðurlandasamtaka matreiðslumeistara og fer keppnin fram í Herning samhliða matvælasýningunni Foodexpo.



Hinrik Örn Lárusson á Grillinu, silfurverðlaunahafi í Nordic Junior Chefs.

„Mystery basket"-fyrirkomulag

Í tilkynningu frá Klúbbi matreiðslumeistara kemur fram að fyrirkomulag matreiðslukeppninnar hafi verið með svokölluðu „mystery basket"-sniði þar sem keppendur fá að sjá skylduhráefnin degi fyrir keppni og skila síðan af sér þriggja rétta matseðli fyrir 12 gesti á keppnisdegi.

Framreiðslumaðurinn vinnur með matreiðslumönnum við þjónustu á keppnismatnum og þarf einnig í keppninni að sýna fagleg vinnubrögð í sínum aðgerðum við pörun á vínum við réttina og að útbúa kokkteila.



Hafsteinn Ólafsson og Lúðvík Kristinsson.

Þjálfari Hafsteins og dómari í matreiðsluhluta keppninnar var Þráinn Freyr Vigfússon frá Sumac Grill + Drinks. Þjálfari Hinriks var Sigurður Laufdal, yfirmatreiðslumaður á Grillinu.

Thelma Björk Hlynsdóttir, frá Grillinu, þjálfaði Lúðvík og dæmdi jafnframt í framreiðslukeppninni. */smh*

MÆLT AF MUNNI FRAM

198

Á einkar björtum morgni sit ég einn ganginn enn við vísnaþáttargerð fyrir Bændablaðið. Það örlar á vorkomunni, farið að svía ögn um á Svalbarðsströnd, og örsmátt flugnamor vaknað af dvala, tifandi ráðaleysislega á rúðum stofunnar. Merki vorsins munu sjást víðar, þó hvergi eins óræk og í Langadal **Einars Kolbeinssonar** í Bólstaðarhlíð:

Vorið færist vinur nær,
vaknar líf um dalinn,
enda komnar álftir tvær
aftur í Langadalinn.

Nokkrum mínútum síðar tísti aftur í símann:

Loksins vetur langur senn
liggja mun í valnum.
Núna sá ég eina enn
álft í Langadalnum.

Jakob Ó. Pétursson (1907-1977) kenndur við Hranastaði í Eyjafirði var afburða ritfær maður og lipur hagyrðingur. Hann var ritstjóri Íslendings, blaðs sjálfstæðismanna á Akureyri, um langa hríð. Enn fremur var Pétur mikill vísnasafnari. Af ýmsu má ráða að Pétur hafi ekki verið ákafur bindindismaður, enda meðal vina kallaður „Peli" og kenndur við **„Pelagerði"**. Einhverju sinni léði hann Sigurði Gíslasyni vísnasafn sitt til einhverra nota. Sigurður skilar Pétri safninu ásamt nokkrum stökum:

Ég á kafi alveg er
í því hafi vísna,
sem án vafa verður mér
vitaðsgjafi býsna.

Ekki mundi ég una því
öllum þessum vísum sleppa,
fyrst ég komst hér æti í,
úrvalsstökur margra greppa.

Sú er bót að ei sér á
af þótt tekið verði,
en öllu skila skal og má
skáldi í Pelagerði.

Brynjólfur Einarsson skipasmiður í Vestmannaeyjum, f. 1903 í Lóni, var um tíma búsettur á Eskifirði. Ölfús granni Brynjólfs þurfti nauðsynlega áfengis með og braut sér leið gegnum glerrúðu í áfengisleit. Þá orti **Brynjólfur**:

Hverjir, sem um heilar rúður höfði stinga,
í hálsinum með glerbrot ganga,
glóðarauga og bláan vanga.

Eitt sinn, í ákafri norðan stórhríð á Eskifirði, stóð **Brynjólfur** daglangt við að moka frá útidyrum hússins, og hafði hvergi við:

Þegar afla á Íslandsmiðum þraut,
og atvinnan því dragast saman hlaut,
maðurinn sér maklegt verksvið fann:
-Að moka snjó í kapp við skaparann.

Svo ein heilræðavísa eftir **Ágúst Jónsson** í Höskuldarkoti:

Mikilsvert er meðalhóf,
meðan varir lífsins þóf.
Of og van er einatt böl,
er eykur strit og sálarkvöl.

Vel er við hæfi, undir hótunum Kóreuríkjanna undanfarið, að birta vísur sr. **Sigurðar Norland** (gagaraljóðaháttur) sem hann orti meðan hið eiginlega Kóreustríð geisaði:

Þingið kannar þjóðarföng,
þvingar annir lands um hring,
kringum mann er klípitöng,
klingir bann og formæling.

Landi þjóðin bindur bönd,
blandast góðu ferlegt grand,
handaóður vindur vönd,
vandast róður, fer í strand.

Sjaldan bíða brekagjöld,
baldinn lýður heimtar völd,
kalda stríðið ógnar öld,
aldan ríður, fellur tjald.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR



Á undanförnum mánuðum hafa tilkynningar borist um fuglaflensugreiningar bæði í alifuglum og villtum fuglum í löndum þar sem margir af íslensku farfuglunum hafa vetursetu. Mynd / HKr.

Dýravelferð og lýðheilsa:

Viðbúnaður vegna fuglaflensu

Eins og alltaf á þessum árstíma metur Matvælastofnun í samvinnu við sérfræðinga á Tilraunastöðinni á Keldum og í Háskóla Íslands, hvort hætta sé á að farfuglarnir okkar beri með sér fuglaflensusmit til landsins.

Á heimasíðu Mast segir að því miður sé staðan sú í Evrópu um þessar mundir að töluvert hefur verið um fuglaflensu, bæði í alifuglum og villtum fuglum. Það er því mikilvægt að fuglaeigendur gæti smitvarna og allir séu vakandi fyrir óeðlilegum dauða bæði villtra fugla og fugla í haldi.

Á undanförnum mánuðum hafa tilkynningar borist um fuglaflensugreiningar bæði í alifuglum og villtum fuglum í löndum þar sem margir af íslensku farfuglunum hafa vetursetu, svo sem í Hollandi, Englandi og Írlandi.

Ekki er talin þörf á að auka viðbúnað enn sem komið er en Matvælastofnun vill samt sem áður brýna fyrir fuglaeigendum að huga að smitvörnum og þá sér í lagi að koma í veg fyrir að villtir fuglar komist í fóður og drykkjarvatn alifugla.

Að svo stöddu er því lágmarks viðbúnaðarstig í gildi. Það felur meðal annars í sér að tilkynna skuli til Matvælastofnunar um dauða villta fugla ef orsök dauða er ekki augljós. Það má gera með því að senda ábendingu á vef stofnunarinnar eða með tölvupósti á netfangið mast@mast.is. Jafnframt skulu fuglaeigendur hafa samband við stofnunina verði þeir varir við aukin dauðsföll eða grunsamleg veikindi meðal fugla sinna. /VH



Innlausnarvirði greiðslumarks mjólkur er 122 krónur á lítra á árinu 2018.

Innlausn á greiðslumarki mjólkur 1. mars:

Sjö óskuðu eftir innlausn

Á fyrsta innlausnardegi ársins 2018 fyrir greiðslumark mjólkur þann 1. mars óskuðu sjö handhafar greiðslumarks eftir að ríkið innleysti greiðslumark sitt og 93 handhafar lögðu inn kauptilboð.

Innlausnarvirði greiðslumarks mjólkur er 122 krónur á lítra á árinu 2018 og annast Matvælastofnun innlausn greiðslumarks.

Innlausn greiðslumarks mjólkur fer fram 1. mars, 1. maí, 1. september og 1. nóvember ár hvert.

Nýliðar hafa forgang

Samkvæmt búvörusamningum, sem tóku gildi þann 1. janúar 2017, skulu framleiðendur sem teljast nýliðar eða hafa framleitt a.m.k. 10% umfram greiðslumark á árunum 2013 til 2015 hafa forgang að kaupum 50% þess greiðslumarks sem Matvælastofnun hefur innleyst. Sá pottur skiptist síðan jafnt á milli forgangshópanna skv. 10. gr. reglugerðar nr. 1181/2017 um stuðning við nautgriparækt og skiptist svo hlutfallslega í samræmi við þann lítrafjölda sem óskað var eftir af framleiðendum í þeim hópum. Það greiðslumark sem þá er eftir er til úthlutunar öðrum kaupendum greiðslumarks og kaupendum í forgangshópum, að frádregnu því magni sem þeir fengu úthlutað úr forgangspotti.

93 gild kauptilboð

Á innlausnardeginum 1. mars innleysti Matvælastofnun, fyrir hönd ríkisins, greiðslumark sjö framleiðenda samtals 607.189 lítra að upphæð 74.077.058 krónur. Matvælastofnun úthlutaði 303.593 lítrum úr forgangspotti 1, 10% umframframleiðslupotti, 151.798 lítrum úr forgangshópi 2, nýliðahópi, og loks 151.798 lítrum úr almennum potti.

Gild tilboð um kaup á greiðslumarki voru frá 93 framleiðendum og var alls óskað eftir 9.178.367 lítrum. Í forgangi 1, framleiðendur sem höfðu framleitt 10% umfram greiðslumark á viðmiðunarárunum, voru 44 framleiðendur og í nýliðaforgangi voru átta framleiðendur. /VH

Félag sauðfjárbænda í Austur-Húnavatnssýslu:

Sætta sig ekki við mikinn verðmun milli afurðastöðva

- Eigendur SAH-Afurða fara yfir málið á næstu vikum

„Við höfum ekki rætt þessi mál enn innan okkar raða, en stefnum á að taka umræðu um málið í apríl eða maí. Þá mun liggja fyrir hvert verðþróun lambaafurða stefnir á árinu," segir Eiður Gunnlaugsson, stjórnarformaður Kjarnafæðis, en félagið á og rekur SAH-Afurðir á Blönduósi.

Félag sauðfjárbænda í Austur-Húnavatnssýslu efndi til almenns félagsfundar í lok febrúar. Þar var samþykkt að skora á stjórn SAH-Afurða ehf að bæta innleggjendum sauðfjárafurða upp þann mikla mun sem var á verði þeirra og annarra afurðastöðva haustið 2017. Í samþykkt fundarins segir að meðal verðmunur SAH-Afurða og annarra afurðastöðva hafi numið 13% síðasta haust miðað við uppbætur sem aðrar afurðastöðvar hafi greitt. Félagar FSAH telja þennan mikla mun algerlega óásættanlegan.



Eiður Gunnlaugsson, stjórnarformaður Kjarnafæðis, segir að það muni liggja fyrir í apríl eða maí hvert verðþróun lambaafurða stefni á árinu.

Jafnframt samþykkir fundurinn að fela stjórn FSAH að leita allra leiða til að tryggja bændum á svæðinu sambærilegt verð við aðra. /MÞÞ

Aðalfundur Landssamtaka landeigenda:

Grundvallarmarkmið að félagið standi vörð um eignarréttinn

Á aðalfundi Landssamtaka landeigenda flutti Örn Bergsson formaður skýrslu stjórnar í síðasta sinn sem formaður. Lýsti hann því grundvallarmarkmiði samtakanna að standa vörð um eignarrétt landeigenda því á hann væri ekki gengið við setningu laga og reglugerða.

Hann ræddi um afgreiðslu þjóðlendumála á undanförnum árum og lýsti því að stærstur hluti landsins hefði verið tekinn til meðferðar, en mál í Dalasýslu biðu nú úrskurðar Óbyggðanefndar. Kröfur fjármálaráðherra tengdar Snæfellsnesi væru nú komnar fram og væru minni í sniðum en oft áður. Þá væru einungis Vestfirðir og Austfirðir eftir. Örn sagði að afstaða ríkisins og dómstóla hefði í þessum málatilbúnaði öllum einkennst af lítilli virðingu, svo virtist sem ríkið reyndi að ná eignarlöndum undir sig í skjóli gallaðrar lagasetningar, ráða lögmannsstofu til að vinna kröfugerðir og reka málin síðan fyrir úrskurðarnefnd og dómstólum. Ríkisendurskoðun hefði bent á að þessi málsmeðferð gæti varla talist eðlileg.

Örn greindi frá vinnu samtakanna í tengslum við setningu nýrra



Örn Bergsson.

náttúruverndarlaga á árinu 2015 en í þau hefði verið sett bráðabirgðaákvæði um að skilgreina skyldi almannarétt í lögum. Þeirri vinnu væri ekki lokið en samtökin þyrftu að halda fram sínum málstað á þeim vettvangi.

Samtökin aldrei boðuð á fund um landsáætlun

Örn ræddi um lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Samtökin hefðu tilnefnt fulltrúa sinn í nefnd um það efni en sá fulltrúi hefði aldrei verið boðaður á fundi nefndarinnar vegna mistaka í ráðuneytinu. Sagði Örn samtökin ekki geta sætt sig við þau drög að stefnu sem nefndin hefði lagt fram.

Eignarrétturinn verði ekki gjaldfelldur

Örn gerði væntanlegar breytingar á stjórnarskrá Íslands að umtalsefni og gat þess að samtökin þyrftu að gæta þess að eignarrétturinn yrði ekki gjaldfelldur í því starfi sem þarna væri fram undan.

Örn lýsti því að samtökin væru orðin viðurkenndur hagsmunagæsluaðili fyrir landeigendur. Hann lýsti því að þörf væri enn fyrir samtökin þó nú væri stórum hluta þjóðlendumála lokið með misgóðri niðurstöðu fyrir landeigendur. Þörf fyrir hagsmunagæslu samtakanna í samhengi við fleiri hluti en Þjóðlendumálin, nefna mætti sem dæmi mál í tengslum við línulagnir, ágang á svæði af hendi ferðaþjónustuaðila og fleira.

Þakkaði samstarfið í stjórn samtakanna og lýsti því yfir að hann gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku fyrir samtökin. /HKr.

Óskar Magnússon á Sámsstaðabakka kosinn nýr formaður Landssamtaka landeigenda

Landssamtök landeigenda héldu aðalfund sinn á Hótel Sögu þann 15. mars. Þar var Óskar Magnússon á Sámsstaðabakka í Fljótshlíð kosinn nýr formaður í stað Arnars Bergssonar á Hofi í Öræfum, sem gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku.

Örn Bergsson var aftur á móti kosinn í stjórn félagsins ásamt Guðrúnu Maríu Valgeirsdóttur úr Reykjahlíð, Sigurði Jónssyni í Eyvindartungu og Birni Magnússyni að Hólabaki.

Í varastjórn voru kosin Snorri H. Jóhannesson, Erlendur Ingvarsson, Þórólfur Sveinsson, Haukur Halldórsson og Elín R. Líndal.



Óskar Magnússon.

Hættir formennsku eftir 10 ár

Örn Bergsson hefur setið í stjórn Landssamtaka landeigenda frá stofnun þess fyrir 11 árum og þar af sem formaður í 10 ár.

Nýi formaðurinn, Óskar Magnússon, er fæddur á Sauðárkróki 13. apríl 1954. Hann nam lögfræði við Háskóla Íslands og lauk Master of International Business Law frá George Washington University í Bandaríkjunum. Óskar hefur verið blaðamaður, lögmaður og hæstaréttarlögmaður, verið forstjóri og stjórnarformaður ýmissa fyrirtækja og setið í stjórnum fjölda fyrirtækja. /HKr.

ÞAKKIR TIL BÆNDA

Enn eitt árið fer sala á Búvís áburði fram úr okkar björtustu vonum, við þökkum bændum fyrir það.

Tryggið ykkur plast í tíma og fáið sent heim í hérað eða heim á hlað



POWER STRETCH





BAL'ENSIL

Héraðsprent

TamaNet™ 4500m

EDGE to EDGE™

Edge to Edge 4500 m - lengstu netrúllur í heimi
- Í einni rúllu eru yfir 500 heyrúllur

Frábært verð á rúlluplasti

PLAST

Power Stretch 75 cm svart	8.890 kr. án vsk.
Power Stretch 75 cm hvítt	8.950 kr. án vsk.
Rani 50 cm hvítt/ljósgrænt	7.550 kr. án vsk.
Rani 75 cm svart	8.950 kr. án vsk.
Rani 75 cm hvítt/ljósgrænt	9.100 kr. án vsk.
Bal'ensil 75 cm hvítt/ljósgrænt	9.960 kr. án vsk.

RÚLLUNET

Tama 1,23x3600 m	27.900 kr. án vsk.
Tama 1,23x4500 m	32.900 kr. án vsk.

Greiðslukjör til haustsins.

Búvís
2006-2016
Akureyri · Sími 465 1332
www.buvis.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2013 · 2014 · 2015-2016 · 2017

FRÉTTIR



Við Jökulsárlón.

Vatnajökulsþjóðgarður:

Drög lögð að breytingu á reglugerð um atvinnustarfsemi

Á vefnum Samráðsgátt (samradsgatt.island.is) liggja nú til umsagnar drög að breytingu á reglugerð um starfsemi innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Þar er atvinnutengd starfsemi innan þjóðgarðsins skilgreind og kveðið á um málsmeðferð, samningsgerð við Vatnajökulsþjóðgarð og eftirlit með slíkri starfsemi.

Atvinnutengd starfsemi er þjónusta sem aðrir en þjóðgarðurinn sjálfur bjóða gegn þóknun innan marka þjóðgarðsins. Nýting eignarréttinda innan þjóðgarðsins telst ekki atvinnutengd starfsemi. Samkvæmt drögunum verður atvinnutengd starfsemi óheimil án samnings við Vatnajökulsþjóðgarð um slíka starfsemi. „Stjórn þjóðgarðsins mótar skilyrði fyrir atvinnutengdri starfsemi innan þjóðgarðsins, þar með talið um þá starfsemi sem getur verið heimil innan þjóðgarðsins og þau svæði sem um ræðir. Slík skilyrði eru sett fram eftir atvikum í atvinnustefnu eða stjórnunar- og verndaráætlun," segir meðal annars í 31. grein a-liðar.

Þá er greinarmunur gerður á milli starfsemi sem nauðsynlegt er að takmarka að umfangi innan þjóðgarðsins og starfsemi sem ekki er nauðsynlegt að takmarka að umfangi.

Með reglugerðinni er verið að fylgja eftir breytingum á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð sem gerðar voru árið 2016. Jafnframt er kveðið á um að í samningum sem gerðir eru við Vatnajökulsþjóðgarð skuli setja þau skilyrði fyrir starfseminni sem talin er þörf á, meðal annars vegna verndarmarkmiða þjóðgarðsins.

Umsögnum um drögin má skila á Samráðsgátt Stjórnarráðsins til 9. apríl næstkomandi. */smh*

Fé fellt í Loðmundarfirði

Matvælastofnun gerði út leiðangur 10. mars síðastliðinn til að fella fé í Loðmundarfirði sem þar hefur gengið laust, án eftirlits og fóðrunar. Tuttugu og níu kindur fundust sem allar voru felldar.

Í tilkynningu frá Matvælastofnun kemur fram að 18 þessara kinda hafi verið frá einum bæ, ein kind frá öðrum en tíu hafi verið ómerktar. Margsinnis hafi stofnunin þurft að hafa afskipti af öðru búinu á undanförnum árum. „Kröfur stofnunarinnar um úrbætur hafa ekki verið virtar að fullu og hefur fé frá bænum fundist í Loðmundarfirði að vetrarlagi. Umráðamanni dýranna var veittur frestur til 1. febrúar sl. til að endurheimta fé sitt úr firðinum, sem hann gerði að hluta."

Matvælastofnun sinnir eftirliti með velferð dýra en ábyrgð á fjallskilum liggur hjá sveitarfélögum.

Í tilkynningu stofnunarinnar kemur fram að það hafi verið mat viðstaddra að ómögulegt væri að sækja féð og var það því fellt á grundvelli 7. gr. laga um velferð dýra.

Í reglugerð um velferð sauðfjár segir m.a. að:

- óheimilt sé að hafa fé á útigangi á vetrum þar sem ekki verði komið við fóðrun og eðlilegu reglubundnu eftirliti.
- umráðamanni sauðfjár eða geitfjár beri að tryggja gott aðgengi eftirlitsaðila að öllum dýrum og öllum þeim stöðum þar sem þau er haldin.
- tryggja skuli velferð allra dýra með því að líta reglulega til með þeim og bæta úr því sem ábótavant er.
- daglegt eftirlit skal haft með sauðfé og geitfé á húsi. Sérstakt og tíðara eftirlit skal haft með nýfæddu, sjúku og slösuðu fé. Sama á við um ær og huðnur nálægt burði. Fé sem haldið er úti yfir vetur skal haft í fjárheldum girðingum þannig að eftirlit sé framkvæmanlegt fram yfir sauðburð.
- fé skuli haldið hreinu og það rúið a.m.k. einu sinni á ári. Þegar fé er rúið að vetri til skal það hýst í skjólgóðri byggingu, þess gætt að það ofkælist ekki og skal einnig tryggt að fóðrun þess sé góð.

/smh



Kind dragnast með stærðar snjóköggul fastan á sér í Loðmundarfirði. Starfsmenn Matvælastofnunar skáru köggulinn úr ull kindarinnar og töldu þeir að hann hefði vegið hátt í tíu kíló. Munu aðrar kindur einnig hafa haft slíka köggla hangandi á sér, en þeir voru minni. Á myndinni, sem tekin er á eyrum Fjarðarár í sunnanverðum Loðmundarfirði, sér yfir ána að ferðafélagsskálanum á Klyppstað og til vinstri upp í mynni Norðdals sem leiðangur Matvælastofnunar fór um á vélsleðum.

Mýraeldahátíð 7. apríl

Laugardaginn 7. apríl verður Mýraeldahátíð haldin í sjötta sinn í reiðhöllinni Faxaborg í Borgarnesi og hefst hún klukkan 13. Hátíðin er haldin til að minnast hinna miklu sinuelda sem urðu á Mýrum í Borgarbyggð árið 2006.



Alls brunnu um 67 km² lands í Mýraeldunum árið 2006.

Fjölmörg fyrirtæki ásamt handverksfólki verða með kynningar á vörum sínum og þjónustu. Boðið verður upp á létt tónlistaratriði, hoppukastala fyrir börnin ásamt ýmsu góðgæti. Um kvöldið verður kvöldvaka ásamt dansleik í félagsheimilinu Lyngbrekku á Mýrum. Þar munu þjóðþekktir tónlistarmenn stíga á stokk en söngvarinn Jógvan Hansen fer þar fremstur í flokki.

Velferðarsjóður fyrir félagsmenn BÍ:

Félagsgjöld BÍ árið 2018

Á næstu dögum verða sendir út greiðsluseðlar til félagsmanna BÍ vegna félagsgjalda þessa árs.

Á nýafstöðnu Búnaðarþingi var samþykkt lítilsháttar hækkun á gjaldinu. Auk þess var samþykkt að innheimta framlag í nýjan Velferðarsjóð Bændasamtaka Íslands við sama tækifæri.

Með samþykktinni er nú skilyrði að allir félagsmenn, sem eru með aðild sem tengd er við rekstur, leggi framlag í Velferðarsjóðinn. B-aðild að samtökunum er undanþegin, en sú aðild er ætluð ef fleiri en tveir einstaklingar standa fyrir búi.

Árgjaldið 2018

• A-aðild er kr. 47.000. Þar af renna kr. 2.000 í Velferðarsjóð BÍ.
• B-aðild er kr. 13.000.
• C-aðild, þ.e. þeir sem sótt hafa um undaþágu vegna lágrar veltu, verður kr. 15.000. Þar af renna kr. 2.000 í í Velferðarsjóð BÍ.

Ertu félagi?

Aðeins þeir sem eru nú þegar í samtökunum fá send boð um áframhaldandi félagsaðild. Þeir sem ekki eru í BÍ, en óska eftir að gerast félagar, geta skráð sig á bondi.is eða haft samband við þjónustufulltrúa. Nánari upplýsingar um félagsgjaldið og uppbyggingu þess eru veittar í síma 563-0300 eða í netfangið bondi@bondi.is.

Velferðarsjóður tekur til starfa

Nýstofnaður Velferðarsjóður BÍ tekur bráðlega til starfa. Tilgangur og markmið sjóðsins er að styðja fjárhagslega við félagsmenn Bændasamtaka Íslands er þeir verða fyrir meiriháttar áföllum í búrekstri sínum, s.s. vegna veikinda og slysa. Sjóðurinn styður einnig forvarnarverkefni tengd vinnuvernd og slysavörnum eða önnur verkefni sem hafa það að markmiði að bæta velferð sjóðsfélaga.

Miðað er við að félagsmenn geti sótt um í Velferðarsjóðinn síðar á árinu og ekki síðar en 1. júní næstkomandi. Starfstímabil sjóðsins verður frá 1. janúar 2018 þannig að hægt verður að sækja um stuðning vegna áfalla sem orðið hafa frá og með þeim tíma. Hægt er að kynna sér samþykktir sjóðsins og úthlutunarreglur á bondi.is, en það verður kynnt sérstaklega hvenær opnað verður fyrir umsóknir. Umsóknareyðublöð verða á félagsmannasíðu Bændatorgsins þegar þar að kemur.



Hluti hópsins á kynningunni með Friðriki Sigurðssyni lengst til vinstri og sendiherranum Kristjáni Andra Stefánssyni við hlið hans. Óli Viðar Andrésson er bak við þá. Mynd / Davíð Samúelsson

KS kynnir íslenska lambakjötið í París

Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga (KKS), í samstarfi við utanríkisráðuneytið og sendiráð Íslands í París, stóð á dögunum fyrir lambakjötskynningu í sendiherrabústaðnum í París.

Friðrik Sigurðsson, yfirmatreiðslumaður hjá utanríkisráðuneytinu, hafði frumkvæðið að kynningunni ásamt Óla Viðari Andréssyni, sölustjóra KKS, og Kristjáni Andra Stefánssyni, sendiherra Íslands í Frakklandi.

„Hvatinn að þessari kynningu var að sendiherra Íslands í París, sem er mikil áhugamaður um að leggja íslenskum framleiðendum lið í að koma vörum sínum á framfæri í Frakklandi. Hann fékk Friðrik Sigurðsson, matreiðslumeistara og bryta utanríkisráðuneytisins, í nokkra daga verkefni í París þar sem verið var að kynna afurðir úr íslensku sjávarfangi og þá kviknaði sú hugmynd að taka eina lambakjötskynningu í framhaldi af því. Friðrik, sem hefur unnið með okkur í nokkrum kynningum í Rússlandi, hafði samband við okkur og bauð okkur að vera með, sem við að sjálfsögðu þáðum," segir Óli Viðar.

Áhrifafólki boðið

Að sögn Óla Viðars var lagt upp úr því að bjóða áhrifafólki í matvæla- og veitingageiranum í Frakklandi á kynninguna. „Þetta voru til að mynda dreifingaraðilar, Michelin-kokkar, blaðamenn og veitingahúsaeigendur.

Það sem við notuðum á kynningunni voru vöðvar úr framparti, læri og hrygg, einnig lifur og hangikjöt.

Markmiðið með þessu er að ná inn á vel borgandi markaði og selja íslenska lambakjötið sem sérstaka vöru. Það gerum við með því að selja söguna með, það tekur tíma og mjakast hægt og rólega í rétta átt.

Síðan verður tíminn að leiða það í ljós hvort við náum árangri á þessum markaði, en það er þakkarvert þegar utanríkisþjónusta Íslands er tilbúin að bakka okkur upp og hjálpa okkur með að opna á möguleika fyrir afurðir okkar á erlendir grundu.

Því höfum við fengið að kynnast meðal annars í Rússlandi, Japan og núna Frakklandi og reyndar fleiri löndum," segir Óli Viðar. */smh*

JÖKLAR

Upplifun á Íslandi

ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKA FERÐAÞJÓNUSTU

Forsniðin einingahús Fljótleg í uppsetningu



Jöklahúsin eru komin í útleigu víða um Ísland - Myndirnar sýna vel heppnaðan Jöklaklasa á Snæfellsnesi
Fleiri myndir á www.landshus.is/myndir

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

LANDSHÚS

STERKUR PALLBÍLL VERÐUR STERKARI

Sparneytnari, hagkvæmari og hljóðlátari ISUZU D-MAX

Isuzu D-Max BASIC dísil, beinskiptur. Verð: **4.850.000 kr.**
Isuzu D-Max PRO dísil, sjálfskiptur. Verð: **5.690.000 kr.**

164 hestöfl – 3.500 kg dráttargeta. Eyðsla frá 7,0 l/100km*

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM86518

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

FRÉTTIR



Styrkir úr Landbótasjóði runnu til vinnu á rétt tæpum sjö þúsund hekturum lands, sem er það mesta síðan sjóðurinn tók til starfa.

Landbótasjóður:

Unnið á tæplega sjö þúsund hekturum

Landbótasjóður Landgræðslunnar úthlutar árlega styrkjum til bænda og annarra umráðahafa lands til verkefna er snúa að stöðvun jarðvegsrofs, endurheimt gróðurs og jarðvegs. Unnið var á tæpum sjö þúsund hekturum á síðasta ári sem er það mesta frá því að sjóðurinn tók til starfa.

Árið 2017 bárust 90 umsóknir í sjóðinn en styrkur var veittur til 87 verkefna. Landbótasjóður var settur á fót árið 2003.

Á heimasíðu Landgræðslunnar segir að á vegum sjóðsins hafi á síðasta ári verið úthlutað 64,4 milljónum króna í formi beinna styrkja auk 9,3 milljóna króna í formi fræs sem var afhent styrkþegum. Heildarstyrkur reyndist því vera 74,8 milljónir króna. Landgræðslan, umhverfisráðuneytið og Framleiðnisjóður landbúnaðarins lögðu sjóðnum til fjármagn.

Ef verkefni eru umreiknuð í flatamál kemur í ljós að þau jukust verulega á árunum 2016 og 2017 samanborið við árin á undan, en framlög í sjóðinn hækkuðu á liðnu ári. Á árinu 2017 var unnið á 6.998 hekturum, sem er það mesta frá því að sjóðurinn tók til starfa. Á síðasta ári dreifðu styrkþegar tæplega 1.000 heyrúllum á land sitt og gróðursettu um 32.000 trjáplöntur. */VH*



Með innleiðingu og framkvæmd reglugerðarinnar verður til skrá um vegi aðra en þjóðvegi þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Mynd / HKr.

Umhverfisráðuneytið:

Reglugerð um vegi í náttúru Íslands

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur undirritað nýja reglugerð um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Með innleiðingu og framkvæmd reglugerðarinnar verður til skrá um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil.

Reglugerðin kveður á um að við gerð aðalskipulags eða svæðisskipulags geri sveitarfélög tillögu að slíkri skrá í víðtæku samráði við meðal annars félaga- og hagsmunasamtök og stofnanir.

Við mat á því hvort vegir eigi heima á skránni skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að valda neikvæðum áhrifum á náttúru, s.s. raska gróðri, valda jarðvegsrofi eða hafa neikvæð áhrif á ásýnd og landslag. Vegirnir verða flokkaðir í fjóra flokka, meðal annars eftir greiðfærni.

Einnig þarf að tiltaka hvort um opna vegi eða vegi með takmarkaða notkun er að ræða. Þó svo að akstur sé heimilaður á vegum samkvæmt skránni felur það ekki í sér að þeir séu færir öllum vélknúnum ökutækjum og leiða ekki til ábyrgðar ríkis eða sveitarfélaga á viðhaldi þeirra.

Vegagerðin heldur skrá yfir þessa vegi í stafrænum kortagrunni og veitir almenningi aðgang að skránni í gegnum vefþjónustu bæði til skoðunar og niðurhals. */VH*



Hlutverk Umhverfisbankans verður að draga saman þekkingu á umhverfismálum á einn stað og beita m.a. myndbandstækninni til að ná til yngri kynslóða. Mynd / ÁÞ

Vilja stofna umhverfisbanka:

Stutt myndbönd studd ítarefni munu einkenna Umhverfisbankann

Framtíð lands og þjóðar – og heimsins alls – veltur á aukinni þekkingu fólks á umhverfismálum og raunhæfum aðgerðum á sviði umhverfismála. Það þarf að stórauka fræðslu í umhverfismálum og þá ekki síst í framhaldsskólum og byggja á myndrænni fræðslu.

Undanfarnar vikur hefur Landgræðslan haft forgöngu um að leita eftir samstarfi ýmissa aðila í því skyni að stofna nýstárlegan gagnabanka sem nefndur hefur verið Umhverfisbankinn.

Hugmyndin að gagnabankanum kviknaði á Umhverfisþingi í Hörpunni. Í hópi frummælenda voru tvær stúlkur úr Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þær sögðu einfaldlega að of lítið væri til af kennsluefni í umhverfisfræðum í framhaldsskólum. Stúlkurnar báðu um að ungt fólk væri frætt um umhverfismál en dregið úr hræðsluáróðri.

Góðar undirtektir en fjármagn skortir

„Við höfum hitt ótal aðila og kynnt þeim hugmyndafræðina að baki Umhverfisbankanum. Við viljum fá sem flesta að borðinu og að stjórn bankans verði í höndum þeirra sem leggja til efni," sagði Áskell Þórisson, sem starfar á sviði kynninga og fræðslu hjá Landgræðslunni.

„Sem dæmi má nefna að við höfum rætt við Veðurstofuna, Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun, Menntamálastofnun, Landbúnaðarháskólann, Umhverfisstofnun, Landvernd, Skógræktina, Félag ungra umhverfissinna, Samlíf, Félag kennara í raungreinum og Matís. Undirtektir hafa verið ágætar en það skortir fjármuni svo hægt sé að ýta verkefninu úr vör. Hjá þessum aðilum starfa margir af



Áskell Þórisson, starfsmaður á sviði fræðslu og kynningar hjá Landgræðslunni.

okkar bestu vísindamönum á sviði umhverfisfræða og við erum þess fullviss að með þeirra aðstoð er hægt að útvega skólakerfinu gríðarlegt magn lifandi fróðleiks sem nemendur kunna að meta og tileinka sér. Í huga okkar Landgræðslumanna skiptir litlu hvar gagnabankinn verður vistaður.

Aðalatriðið er samvinna og markmiðið er betur upplýstir nemendur. Þekking, byggð á vísindalegum staðreyndum, er eitt af því fáa sem getur komið okkur til bjargar í þeim vanda sem við blasir."

Sami vísindamaður í mörgum skólum á sama andartaki

Áskell sagði að hlutverk bankans væri að draga saman þekkingu á umhverfismálum á einn stað og beita m.a. myndbandstækninni til að ná til yngri kynslóða.

„Hugmyndafræðin gengur m.a. út á það að fá vísindamenn landsins til að fjalla í örstuttu máli um einstök mál sem tengjast þeirra sérsviði – og tengja svo ítarefni við allt saman. Sami loftslagsfræðingurinn gæti þannig verið að ávarpa nemendur í nokkrum skólum samtímis einn og sama morguninn. Þetta efni gætu kennarar líka nýtt í hópaverkefni. Við höfum rætt um að fá stuttar myndir frá stofnunum á borð við FAO og þýða yfir á íslensku. Markhópurinn er ekki einungis kennarar og nemendur. Allir landsmenn geta nýtt sér bankann."

Viðskiptavinirnir verða að geta treyst bankanum

En banki er ekki banki nema viðskiptavinir hans geti lagt inn efni. Áskell sagði að ætlunin væri að hafa starfandi ritnefnd sem tryggði að fólk gæti treyst því efni sem er í Umhverfisbankanum. Farið yrði yfir allt efni, hvaðan sem það kæmi, og kannað hvort það styddist við bestu fáanlega þekkingu.

„Þegar svona gagnabankar eiga í hlut skiptir öllu að viðskiptavinirnir geti treyst þeim. Við viljum ekkert bankahrun í þessum geira."

Þegar gagnabankinn verður að veruleika mun einnig verða boðið upp á ljósmyndasafn sem fólk má nota að vild.

Litlir fróðleikslækir verða að straumhörðu fljóti

Það er alveg ljóst að stofn- og síðar rekstarkostnaður Umhverfisbankans mun kosta umtalsvert fé.

„Við verðum að vinna saman í þessu máli. Við verðum að veita saman lækjum fróðleiks og þekkingar og búa til straumhart fljót þekkingar. Við verðum að nota þá tækni sem yngri kynslóðir þekkja; tala á því máli sem unga fólkið skilur. Samanlagður stofn- og rekstrarkostnaður bankans í nokkur ár nemur vissulega einhverjum milljónum – en það verður eins og og dropi í hafið miðað við ávinninginn," sagði Áskell að lokum. */HKr*

Erindi um milliliðalaus viðskipti með mat aðgengileg á bondi.is:

Facebook hentar vel sem sölumiðill

Finninn Thomas Snellman hélt erindi um milliliðalaus viðskipti með mat í byrjun mánaðarins í Hörpu í Reykjavík. Auk hans fjallaði Brynja Laxdal um sölumál á Facebook hérlendis og Arnar Gísli Hinriksson ræddi um fjölbreyttar aðferðir við markaðssetningu á Netinu. Fyrirlestrarnir eru nú aðgengilegir á vefsíðu Bændasamtakanna, bondi.is.

Eftir erindin var vinnustofa



Thomas Snellman í Hörpu.

þar sem gestum gafst kostur á að leggja sitt af mörkum til þess að finna leiðir til að auðvelda viðskipti með matvörur á milli bænda, smáframleiðenda, veitingamanna og neytenda.

Það var m.a. niðurstaðan að stofna þyrfti svæðisbundnar sölusíður á Facebook og efla samvinnu smáframleiðanda með áherslu á vöruþróun og gæði. Þá þyrfti að kynna síðurnar með öflugum hætti og jafnframt einfalda regluverk fyrir smáframleiðendur. /TB



Eftirfarandi bíla- og búvélaverkstæði nota Rymax smurolíur

Vélabær ehf.
Bæ Bæjarsveit, 311 Borgarnes

Hróar ehf.
Skipanesi, 301 Akranes

Pardus
Suðurbraut, 565 Hofsós

Eystra – Hraun ehf.
Eystra - Hruni, 880 Kirkjubæjarklaustur

Eyfell ehf.
Gilsbakka 33 - Ásólfsskála, 860 Hvolsvöllur

Neyðarþjónusta Sveins
Bjarnaholti 5, 780 Höfn í Hornafirði

Vélaverkstæði Guðmundar og Lofts ehf.
Iðu Bláskógarbyggð, 801 Selfoss

B3 ehf.
Bakka Svarfaðardal, 621 Dalvík

Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar ehf.
Búlandi 1, 530 Hvammstangi

Bílherjinn
Mörk 2, 765 Djúpivogur

Framrás
Smiðjuvegi 17, 870 Vík



Rymax er merki um gæði, smurolíur og glussar á öll tæki og vinnuvélar.

Frábær vara á frábæru verði.

Poulsen
partur af lífinu

Poulsen ehf. | Skeifunni 2 | 108 Reykjavík | Hyrjarhöfða 9 | 110 Reykjavík | ✆ 530 5000 | poulsen.is

FRÉTTIR



Matvælastofnun:

Gjaldskrárhækkanir

Gjaldskrá Matvælastofnunar hækkaði 23. febrúar síðastliðinn og þar með talin gjöld er snúa að bændum. Um er að ræða almenna hækkun en gjaldskrá Matvælastofnunar hafði ekki hækkað frá 2012.

Að sögn Evu Gunnarsdóttur, innheimtu- og launafulltrúa hjá Matvælastofnun, var við gjaldskrárbreytinguna felldur niður viðauki I sem innihélt töflu sem sýndi fast eftirlitsgjald eftir búfjártegund og fjölda dýra.

„Í ljósi þess að áhættuflokkun fyrir frumframleiðslu og annað dýrahald var lokið var ljóst að ekki var þörf á þessum viðauka lengur því þá tók við annað gjald *Áhættuflokkað eftirlit* samkvæmt 2. grein reglugerðarinnar," segir Eva.

Tímagjald greitt fyrir allt viðbótareftirlit

Í meðfylgjandi töflu eru tilgreinar þær gjaldskrárbreytingar Matvælastofnunar sem snúa að bændum. „Annað er óbreytt í gjaldskránni, meðal annars það að kostnaður vegna rannsókna og greininga er greiddur af eftirlitsþega, sem og að tímagjald er greitt fyrir allt viðbótareftirlit, svo sem eftirfylgniskoðanir, vegna úttekta, vegna ábendinga/kvartana, sýnatöku og fleira.

Eins og áður, til viðbótar við eftirlitsgjöld, skal greiða akstursgjald fyrir hverja eftirlitsheimsókn. Akstursgjaldið lækkaði lítillega við gjaldskrárbreytinguna," segir Eva Gunnarsdóttir hjá Matvælastofnun.

Dæmi um gjaldskrárbreytingar Matvælastofnunar

	Til og með 22.2.2018	Frá og með 23.2.2018
Áhættuflokkað eftirlit	20.870 kr.	23.375 kr.
Tímagjald dagvinna 8.00-17.00	8.348 kr.	9.350 kr.
Tímagjald yfirvinna 17.00-8.00	12.335 kr.	13.815 kr.
Útgáfa starfsleyfis/ endurnýjun	8.348 kr.	9.350 kr.
Akstursgjald	3.330 kr.	3.300 kr.

Bændur geta lækkað eftirlitsgjöldin

Eva bætir því við að vert sé að taka fram að hækkun gjaldskrár hafi ekkert með nýtt áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi að gera en hins vegar geta bændur lækkað eftirlitsgjöld með góðri frammistöðu þar sem tíðni eftirlits lækkar hjá þeim bændum sem færast upp um frammistöðuflokk.

/smh

ALHLIÐA VÉLAVERKSTÆÐI

- Allar almennar vélaviðgerðir
- Almenn renni- og fræsivinna
- Rennum og slípum sveifarása
- Málmsprautum slitfleti, t.d. á tjakkstöngum
- Gerum við loftkælingu bíla
- Almenn suðuvinna
- Plönum hedd
- Tjakkaviðgerðir

Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI
Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is


Einar Guðmundsson, framkvæmdastjóri hjá Búvís, og Ingólfur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga, handsöluðu kaupin formlega standandi uppi á vörubílspalli við sögina með trén í elsta hluta Kjarnaskógar í baksýn. Myndir / Skógræktarfélag Eyfirðinga

Skógræktarfélag Eyfirðinga:

Ný öflug og afkastamikil stórviðarsög í notkun

Skógræktarfélag Eyfirðinga fékk nýlega afhenta nýja stórviðarsög sem á eftir að gjörbreyta aðstöðu félagsins til viðarvinnslu í Kjarnaskógi. Sögin er af gerðinni Woodmizer og er mun öflugri og afkastameiri en sögin sem félagið hefur notað fram að þessu.

Viðarvinnsla hefur verið vaxandi þáttur í starfsemi Skógræktarfélags Eyfirðinga undanfarin ár. Nú er svo komið að sögin sem félagið hefur notað um árabil ræður vart við verkefnið lengur. Þörf er á hraðvirkari og öflugri sög, meðal annars til þess að hægt sé að fletta meira timbri á hverri vinnustund, enda verður efnið því dýrara sem lengur tekur að vinna það.


Ingólfur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga, ánægður með nýja gripinn.

Duga engin tómstundaverkfæri

Eftir því sem trén í skógum Skógræktarfélags Eyfirðinga stækka gefast meiri tækifæri til flettingar á íslenskum viði í borð og planka. Félagið sagar þó ekki einungis timbur úr Kjarnaskógi og öðrum reitum sem félagið hefur umsjón með heldur er timbur farið að berast úr öðrum skógum í nágrenninu og sömuleiðis úr bæjarlandi Akureyrarbæjar. Viðurinn fellur að mestu til við grisjun skóganna en einnig þegar tré eru felld í görðum. Til dæmis berast félaginu æ stærri og sverari asparbolir og til sögunar á slíkum trjám duga engin tómstundaverkfæri.

Vinnur sjálf fyrir eigin húsaskjóli

Í undirbúningi er að reisa skýli yfir sögina nýju á athafnasvæði Skógræktarfélagsins í Kjarna. Sléttaður hefur verið völlur undir skýlið spölkorn sunnan við húsnæði félagsins og þar ætti sögin að komast undir þak á næstu mánuðum. Skýlið verður að sjálfsögðu klætt með heimafengnu timbri sem sagað verður með nýju söginni. Því má segja að sögin eigi eftir að vinna sjálf fyrir eigin húsaskjóli. */MÞÞ*

Auður Magnúsdóttir ráðin sem nýr framkvæmdastjóri Landverndar

Auður Magnúsdóttir, deildarforseti Auðlinda- og umhverfisdeildar Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Landverndar.

Auður hefur störf 1. maí næstkomandi. Hún er með doktorspróf í lífefnafræði frá Stokkhólmshaskóla/Karolinska Institut og hefur stundað rannsóknir á því sviði. Hún starfaði áður sem deildarstjóri hjá Orf Líftækni og hjá Íslenskri erfðagreiningu. Síðastliðin tvö ár hefur hún gegnt starfi deildarforseta Auðlinda- og umhverfisdeildar Landbúnaðarháskóla Íslands.

Auður hefur setið í framkvæmdastjórn hjá Orf Líftækni og hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og er formaður Samtaka kvenna í vísindum. Hún hefur sinnt umhverfismálum frá unglingsárum. Auður tekur við starfinu af Salome Hallfreðsdóttur, en Salome hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra frá því í nóvember síðastliðnum þegar Guðmundur Ingi Guðbrandsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Landverndar, tók við embætti umhverfisráðherra.


Auður Magnúsdóttir tekur við sem nýr framkvæmdastjóri Landverndar þann 1. maí.

50 ára afmæli

Landvernd stendur á tímamótum, þar sem að á næsta ári rennur upp fimmtíu ára afmæli samtakanna.


„Samtökin ætla sér að verða enn öflugri og einlægur málsvari náttúrunnar og markmiðið er að fjölga félagsmönnum svo um munar, enda eru það stuðningsaðilar samtakanna sem tryggja vernd náttúru Íslands og halda umræðu og aðgerðum um umhverfismál á lofti," segir m.a. í fréttatilkynningu frá samtökunum. */MHH*

Jötunn Byggingar kynna Einhamar

JÖTUNN BYGGINGAR

Vönduð heilsárshús, hönnuð og framleidd fyrir íslenskar aðstæður sem henta sérlega vel sem útleigueiningar fyrir ferðaþjónustu. Húsin eru afhent fullbúin og uppsett hjá viðskiptavini.

- Útveggir uppbyggðir í samræmi við íslenska reglugerð.
- 150mm einangrun klætt að utan með Alusink bárustál eða máluðum panel.
- Loft einangruð með 200mm einangrun klædd að innan með tilbúinni klæðningu sem ekki þarf að mála.
- Alusink bárustál á þaki.
- Raflagnir innanhúss ásamt töflu innifalin.
- Pípulagnir innanhúss ásamt hitakerfi eru innifalin
- Gólf eru með parketi og flísum þar sem við á.
- Elhúsinnrétting, ísskápur, ofn, helluborð og háfur.
- Baðherbergi: Flísalagt gólf og veggir, klósett, vaskur og sturtuklefi með blöndunartækjum.
- Ca. 40m^2 útipallur.
- Undirstöður, steyptir bitar 0,2 x 0,6 x 8m 4 stk.
- Allar flasningar, þakrennur og niðurföll að jörð innifalin.
- Uppsetning öll innifalin.





Akfært fyrir vörubíl með krana þarf að vera að staðsetningu húsa, sjái verktaki sér hag í að koma með húsin tilbúin á staðinn.

Verð aðeins

kr. **9.980.000**

án vsk

Ekki innifalið í verði: Gröftur og fylling, heimtaugar vatni, heitu og köldu og rafmagni, rotþró, frárennslisagnir utanhússs, flutningur á húsi frá Selfossi og gisting og fæði fyrir uppsetningarteymi.

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Sími 766 0505 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

---

NJARÐARNES 4 — STEINSMIÐJA AKUREYRAR MINNISMERKI.IS — NJARÐARNES 4

MARSTILBOÐ - FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND

113
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund með grafskrift

103
76x55 cm frá sökkli



120 cm sökkull
GRÁR - 219 þúsund með grafskrift
með lugt og vasa - 289 þúsund

103M
68x47 cm frá sökkli



80 cm sökkull
GRÁR - 165 þúsund með grafskrift

111
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund með grafskrift

110
100x57 frá sökkli



130 cm sökkull
GRÁR - 270 þúsund með grafskrift

252
br 60 x h 50 frá sökkli



80 cm sökkull
Grár - 159 þúsund með grafskrift
Pláss fyrir 2 nöfn

s: 466 2800 / 899 9370 — Nýuppfærð heimasíða sala@minnismerki.is - mikið úrval og góð verð

STEKKUR

Eitt og annað tengt sjó

Í eina tíð þótt hæfilegt að skammta fulltíða karlmanni fjórða hlut af hertum meðalþorski í máltíð en kvenfólki og unglingum minni auk þess fylgdi með hnefafylli af sölvum eða bútur af hvannarót.

Viðbitið var súrt smjör, því nýtt smjör var ódrýgra. Þeir sem áttu erfitt með að tyggja harðan fisk fengu hann bleyttan í sýru. Roð, sporðar, uggar og þorskhausabein var hreinsað og látið saman við skyr á sumrin og skammtað á veturna með súrskyrinu.

Flestan fisk má herða

Fyrrum var skreið ýmist þurrkuð á rám eða görðum. Fiskur sem hengdur var upp á rá nefndist ráskerðingur ef hann var kviðflattur, en ráfiskur ef hann var hnakkaflattur. Plattfiskur var kviðflattur og þurrkaður á grjótgörðum. Flestan fisk má herða en algengast að herða þorsk, ýsu, steinbít og lúðu.

Draugur rífur í sig skreið

Í Eyrbyggju er sagt frá bænum Fróðá á Snæfellsnesi þar sem drepsóttir og afturgöngur herjuðu á heimilisfólkið. Þegar ósköpin voru í hámarki mátti nótt og dag heyra drauga rífa í sig skreiðina á bænum svo að harðfiskur hefur greinilega verið vinsæll hjá lifandi jafnt sem dauðum þar á bæ.

Sett niður í Jesú nafni

Sjómenn á áraskipum fyrr á tímum settu ekki báta sína á flot nema standa að í Jesú nafni. Enginn róður hófst án þess að beðin væri sjóferðabæn og í flestum skipum var fjöl með blessunarorðum ætluðum fleyinu.

Náfiskur

Ekki þótti alltaf gott að veiða meira en aðrir því að sá sem varð allt í einu fiskinn upp úr þurru var líklega feigur og fiskurinn sem hann veiddi kallaður náfiskur. Þetta gat þó einnig snúist við því ef fiskinn formaður fór allt í einu að afla illa var það líka talið feigðarmerki.

Illt að mæta konu

Áður fyrr þótti slæmt að mæta konu á leið til skips og ef vinnukonur voru sendar til að ræsa áhöfn lögðu þær sig allar fram við að mæta ekki sjómönnunum sem voru á leið til báta sinna á leiðinni.

Nakin kona í draumi

Í eina tíð vildu sumir tengja drauma um konur við óhöpp um borð. Dæmi um slíkt er að sjómann dreymdi eiginkonu skipsfélaga sína kviknakta. Hann bar það upp við hina um borð og þeir túlkuðu drauminn þannig að núna kæmi eitthvað upp á. Það varð líka raunin, því sama dag strandaði báturinn.

Nöfn tengd hafinu

Íslendingar hafa sótt hugmyndir að nafngiftum til hafsins. Til dæmis kvenmannsnöfnin Unnur, Bára og Alda og karlmannsnöfnin Ægir og Sævar.

Fiskurinn hefur fögur hljóð

Flestir fiskar geta myndað hljóð og margar tegundir nota hljóð til samskipta við makaleit, sem vörn gegn rándýrum og í torfumyndun. Hljóðin eru annaðhvort mynduð með því að fiskarnir nudda saman líkamspörtum eða með vöðva í sundmaganum. */VH*

HLUNNINDI & VEIÐI

Hlýnun sjávar blessun eða bölvun?

Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com



Hlýnun sjávar við Ísland síðustu tvo áratugina hefur haft jákvæð áhrif á vöxt og viðgang sumra fiskistofna við landið en haft neikvæð áhrif á aðra. Ekki er hægt að slá neinu föstu um það hvort þróunin er til góðs eða ills þegar á heildina er litið.

Hlýindaskeiðið í hafinu við Ísland, sem hefur staðið í rúmlega 20 ár, er hreint ekki án fordæma. Í skýrslu útgefinni af umhverfisráðuneytinu árið 2008 um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi er rifjað upp að snemma á 20. öldinni hafi orðið miklar breytingar á sjávardýrafánunni við landið sem tengst hafi þeirri miklu hlýnun sem varð í Norður-Atlantshafi upp úr 1920. Þessum breytingum lýstu náttúrufræðingarnir Bjarni Sæmundsson og Árni Friðriksson m.a. á þann hátt að útbreiðslusvæði og hrygningar- og fæðuslóð ýmissa fisktegunda hefði stækkað og færst norður á bóginn með auknum hlýindum. Til dæmis fóru þorskur og síld að hrygna í stórum stíl norðanlands, en fram til 1920 var hrygning þessara tegunda nánast einskorðuð við suðurströndina. Þá urðu margar suðlægar tegundir algengar, svo sem makríll, túnfiskur, sverðfiskur, augnasíld, lýr, geirnefur og tunglfiskur. Á hinn bóginn hafði hlýnunin þau áhrif að loðnan, sem er kaldsjávarfiskur, hætti hrygningargöngum sínum í hlýsjóinn fyrir sunnan land og hrygndi fyrir norðan og austan land og á Hornafjarðarsvæðinu. Þetta ástand hófst rétt fyrir 1930 en virðist hafa gengið til baka 4–5 árum seinna. Frá þeim tíma hrygndi loðna að mestu sunnan lands og vestan.

Aukin útbreiðsla

Þessi lýsing hljómar að ýmsu leyti kunnuglega sé hún höfð til samanburðar við ástandið núna. Á yfirstandandi hlýindaskeiði hafa svokallaðar suðlægar tegundir við Ísland, fyrst ýsa og svo í kjölfarið skötuselur, langa og blálanga, aukið útbreiðslusvæði sín vestur og norður fyrir land sem hefur gefið þessum stofnum möguleika á að stækka. Nú er svo komið að meira en helmingur ýsustofnsins mælist úti fyrir Norðurlandi í árlegu togararalli Hafrannsóknastofnunar en fyrir nokkrum áratugum var lítið að hafa af ýsu fyrir norðan.

Þorskurinn heldur sínu striki

En hvernig hefur þorskinum, mikilvægasta fiskstofni landsmanna, reitt af í þessum umbreytingum í hafinu? Að sögn Guðmundar Þórðarsonar sviðsstjóra botnsjávarlífríkis á Hafrannsóknastofnun hefur hlýnun sjávar ekki breytt miklu um útbreiðslusvæði hans enn sem komið er. Þorskinn er að finna bæði í kaldari sjó og hlýrri, fyrir norðan land og sunnan. Hann er í umhverfi sem virðist henta honum ágætlega.

Á hlýindaskeiðinu á fyrri hluta 20. aldar stækkaði þorskstofninn við Ísland mjög mikið. Þorsklirfur rak í ríkum mæli til Grænlands þar sem seiðin ólust upp og skiluðu sér til baka til Íslands sem fullorðinn fiskur. Að auki fékk þorskstofninn mikla friðun á stríðsárunum þegar erlend veiðiskip hurfu af miðunum hér við land. Að því kom svo á sjöunda áratugnum að veður kólnaði á ný, þorskveiðar við Grænland hrundu, bæði vegna kólnunarinnar og ofveiði, og Grænlandsgöngurnar til Íslands heyrðu að mestu sögunni til. Þorskveiðar við Grænland hafa aukist á undanförnum árum úr um 3000 tonnum 2010 í um 15 þúsund tonn 2015 og 2016 og spilar þar hlýnun sjávar eflaust hlutverk. Magn þorsks við Vestur-Grænland er samt ekki nema lítið brot af því sem áður var.



Óvæntustu áhrifin af hlýnun sjávar var innrás makrílsins á Íslandsmið. Mynd / Síldarvinnslan

> Nú er svo komið að meira en helmingur ýsustofnsins mælist úti fyrir Norðurlandi í árlegu togararalli Hafrannsóknastofnunar en fyrir nokkrum áratugum var lítið að hafa af ýsu fyrir norðan.

> Þorskinn er að finna bæði í kaldari sjó og hlýrri, fyrir norðan land og sunnan. Hann er í umhverfi sem virðist henta honum ágætlega.
> Á hlýindaskeiðinu á fyrri hluta 20. aldar stækkaði þorskstofninn við Ísland mjög mikið. Þorsklirfur rak í ríkum mæli til Grænlands þar sem seiðin ólust upp og skiluðu sér til baka til Íslands sem fullorðinn fiskur.

Innrás makrílsins

Óvæntasta breytingin af völdum hlýnunar sjávar var koma makrílsins hingað til lands. Hér er um að ræða hreina viðbót utan frá við fiskafla landsmanna upp á nálega 170 þúsund tonn árlega síðustu árin og hefur skilað á bilinu 10-24 milljörðum króna í útflutningstekjum. Það eru aðeins rúm tíu ár síðan makríllinn fór að veiðast hér að einhverju ráði (árið 2007) en hann varð fljótlega ein verðmætasta fisktegundin.

Ekki fer samt hjá því að hrollur fari um marga þegar makríll flæðir í svona miklu magni yfir Íslandsmið og þar með yfir helstu hrygningarstöðvar heföbundinna nytjafiska okkar. Ljóst er að þessi innrásarher bæði gefur og tekur. Hann er jú kominn hingað í ætisleit. Sumir kenna makrílnum um hrun sandsílastofnsins. Aðrir hafa áhyggjur af þorskungviðinu.

Þá hefur verið bent á að fljótlega eftir að hlýindaskeiðið hófst, eða í kringum aldamótin 2000, hafi nýliðun aukist mjög í hlýsjávarstofnunum svokölluðu, humar, löngu, keilu, blálöngu og flatfisk. Þetta náði hámarki árið 2010 en síðan virðist nýliðunin hafa hrunið í öllum þessum stofnum og er humarinn gleggsta dæmið um það. Vottur af nýliðun er þó farinn að sjást aftur í einhverjum þessara stofna. Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar á fæðu makrílsins hér við land hafa ekki leitt í ljós neitt augljóst samband á milli hans og áðurnefndra breytinga.

Loðnustofninum hrakar

Stærsta neikvæða breytingin samfara hlýnun sjávar við Ísland er sú að loðnustofninum hefur hrakað mjög. Loðnuafli Íslendinga hefur farið úr meira en einni milljón tonna í upphafi hlýindaskeiðsins niður í allt að 100 þúsund tonn þegar verst hefur látið. Loðnan hefur að því er virðist hopað fyrir hlýindunum á undanförnum árum, haldið sig lengra norður í höfum og vestar yfir grænlenska landgrunninu. Jafnframt hefur dregið úr nýliðun og loðnustofninn hefur minnkað. Þorsteinn Sigurðsson sviðsstjóri uppsjávarlífríkis á Hafrannsóknastofnun bendir á að samfara þessu virðist vera að skapast aftur það ástand sem lýst er í bók Bjarna Sæmundssonar frá árinu 1926 að loðnan sé farin að hrygna úti af Norðurlandi.

> Þá hefur verið bent á að fljótlega eftir að hlýindaskeiðið hófst, eða í kringum aldamótin 2000, hafi nýliðun aukist mjög í hlýsjávarstofnunum svokölluðu, humar, löngu, keilu, blálöngu og flatfisk. Þetta náði hámarki árið 2010 en síðan virðist nýliðunin hafa hrunið í öllum þessum stofnum og er humarinn gleggsta dæmið um það.

Hnignun loðnustofnsins er afar slæm í tvennum skilningi því annars vegar er loðnan einn verðmætasti nytjafiskur okkar þegar allt leikur í lyndi og hins vegar er hún aðalfæða þorsksins og annarra tegunda. Hjálmar Vilhjálmsson fiskifræðingur orðaði það svo einhvern tímann, að verðmætasta loðnan væri sú sem hafnaði í þorskmaga.

Jákvætt – neikvætt

Í fyrirsögn þessa pistils er spurt hvort hlýnun sjávar sé til góðs eða ills fyrir fiskistofnana þegar á heildina sé litið. Guðmundur Þórðarson segir að hvorki sé hægt að svara því játandi eða neitandi. Svarið fari eftir því með hvaða gleraugum sé horft á málið.

„Loðnugöngurnar eru orkuinnflutningur norðan úr hafi á Íslandsmið. Makríllinn er að taka orku af Íslandsmiðum en aflaverðmætið er mikið. Það er fátt bara gott eða vont í náttúrunni og ekki hægt að setja verðmiða á þetta," segir hann.

Þorsteinn Sigurðsson tekur í sama streng:

„Það er ekki hægt að svara þessari spurningu á annan hvorn veginn. Menn hafa alltaf litið á hækkandi hitastig sem jákvætt fyrir Ísland en við erum að stórum hluta með fisktegundir sem aðlaga sig því hitastigi sem er hverju sinni. Þetta getur bæði verið jákvætt og neikvætt. Hlýnunin er klárlega neikvæð þegar kemur að þeim fiskum sem venjulega nýta loðnuna frá sumri og fram á veturinn því hún er ekki til staðar með sama hætti og var fyrir um 20 árum. En svo er það kannski líka jákvætt að loðnan skuli vera farin að hrygna fyrir norðan land því þá er hún aftur aðgengilegri sem fæða annarra fiska lengur en áður hringinn í kringum landið."

Súrnun sjávar

Að lokum má svo minna á að önnur og alvarleg afleiðing af breyttum umhverfisskilyrðum er súrnun sjávar. Ef súrnunin fer að verða mikil og hryggleysingjar geta ekki tímgast og vaxið eru fiskseiðin svipt fæðu sinni. Að sögn Guðmundar bendir ekkert til þess að þetta gerist í náinni framtíð. Súrnunin mælist á miklu dýpi en því miður virðist sem hún færist ofar og ofar með hverju árinu.

Dekkjaveisla Í BJB Hafnarfirði fyrir páska



Hafðu samband og fáðu tilboð í þá stærð sem þig vantar í síma:

565 1090



Verðdæmi:

PEGASUS heilsársdekk	235/65 R17	listaverð 70.320 kr.	**Nú 56.000 kr.**
GENERAL heilsársdekk	255/55 R19	listaverð 159.000 kr.	**Nú 119.940 kr.**
FEDERAL jeppadekk M/T	37x12,5 R17LT	listaverð 206.320 kr.	**Nú 139.000 kr.**

Tilboð stendur til 28. mars eða á meðan birgðir endast.

Við lækkum ekki gæðin, bara verðin... 😎
Við erum fagmenn í dekkjum!

DEKK | PÚST | SMURNING | BREMSUR | FJÖÐRUN | STILLING | RAFGEYMAR | ÞJÓNUSTA

Framúrskarandi fyrirtæki 2012 - 2017

Pústþjónusta BJB ehf. | Flatahrauni 7 | 220 Hafnarfirði | viktor@bjb.is | www.bjb.is | S: 565 1090

Pústþjónusta BJB
Aukin þjónusta

Láttu drauminn um nýtt heimili verða að veruleika með vönduðu og hagstæðu húsi frá Húseiningu



Húseining framleiðir smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1. Vogum. Húseining býður upp á gott úrval af húsagerðum, þar sem allir eiga að geta fundið heimili sem hentar. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is

- **Íslensk hönnun og framleiðsla.**
- **TwinWall tveggja þátta húseiningar.**
- **Framleidd samkvæmt staðli úr völdu gæðatimbri C 18-24.**
- **Hús með mikilli loftun í öllu burðarvirki sem tryggir gæði og endingu.**
- **Timburhús eru heilnæmur íverustaður.**
- **Sterkari hús.**
- **Lofthæð húsanna inni er 2,8 metrar.**
- **Þýskir gluggar og hurðir úr PVC, lágmarks viðhald.**
- **Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að mála.**
- **Verð og gæði í fyrirrúmi.**



SMART - einbýli

Húsin eru 73m², þar að auki er 28m² verönd með heitum potti. Smart enbýlishús eru hönnuð með hagkvæmni að leiðarljósi. Verð við verksmiðjudyr fyrir utan flutning aðeins kr. **22.760.000** með vsk.



KLASSIK - einbýli

Fjölmargar stærðir og útfærslur tryggja hagkvæmt fullbúið einbýlishús eftir þínum óskum. Fjöldi teikninga. Gott úrval klæðninga, vandaðir veggir og gluggar tryggja góða endingu.



SÓL - sumarhús

Fjölmargar stærðir og skemmtilegar útfærslur tryggja þér vandað, vel einangrað sumarhús á góðu verði.



KÓSÝ - smáhýsi

Hin vinsælu smáhýsi okkar hafa verið framleidd árum saman og fást í fjölmörgum útfærslum eftir þörfum hvers og eins.

Twin Wall

HÚSEINING

Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is

HROSS & HESTAMENNSKA

Ræktunarbú ársins í hrossarækt – breyttar reglur



Þorvaldur Kristjánsson
ábyrgðarmaður í hrossarækt
thk@rml.is

Á fundi fagráðs í hrossarækt sem haldinn var 22. febrúar var farið yfir reglur um ræktunarbú ársins í hrossarækt, sem er heiðursviðurkenning Bændasamtaka Íslands. Þessar reglur hafa verið að þróast á síðastliðnum árum og verður sú þróun kynnt hér, ásamt síðustu breytingum.

Reglur um þessa viðurkenningu hafa verið þannig að ræktunarbú eða ræktendur sem rækta fjögur hross og að lágmarki tvö með fyrstu verðlaun sem sýnd eru á árinu í fullnaðardóm koma til álita. Upphaflega var reiknuð út meðaleinkunn hrossanna eins og hún kemur fyrir, meðalaldur hrossanna og fjöldi; búunum raðað upp eftir þessum þáttum og það bú sem skorar hæst valið ræktunarbú ársins. (Þegar talað er um bú hérna er einnig átt við hópa af hrossum frá ákveðnum ræktendum.)

Reglurnar hafa verið að þróast á undanförnum árum en árið 2016 var ákveðið að leiðrétta allar einkunnir fyrir kyni og aldri líkt og gert er í kynbótamatinu. Þetta er gert til að gera einkunnir samanburðarhæfari áður en búum er raðað upp eftir meðaleinkunn. Svo er búunum raðað upp eftir leiðréttri meðaleinkunn og fjölda sýndra hrossa.

Þá var í fyrra ákveðið að breyta því hvernig hross sem hljóta fyrstu verðlaun eða heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á búinu hafa áhrif á niðurstöðu búsins til að tryggja að þessi árangur hafi í öllum tilfellum jákvæð áhrif á röðun búanna (sjá í reglunum að neðan). Áður var það til dæmis þannig að hryssa sem hlaut heiðursverðlaun fyrir afkvæmi bætti einu fimm vetra hrossi með 8.00 í aðaleinkunn við hópinn, en það gat dregið meðaleinkunn búanna niður í sumum tilvikum.



Frá Landsmóti hestamanna á Hólum í Hjaltadal 2016. Mynd/ghp

Öll hross með sama uppruna

Nú var ákveðið að skýra betur út hvaða hópar hrossa liggja valinu til grundvallar. Reglurnar hafa verið þannig undanfarin ár að bæði ræktunarbú eða aðilar (ræktendur) hafa getað komist í pottinn ef þeir sýna að lágmarki fjögur hross á árinu og tvö í fyrstu verðlaun eins og fyrr segir. Þannig hefur þetta verið í bland ræktunarbú þar sem öll hrossin eru frá sama uppruna, ræktunarbú þar sem uppruni hrossa er blandaður og einnig hópar hrossa frá einstökum ræktendum þar sem öll hrossin eru frá sama uppruna eða fleirum en einum uppruna.

Nú var ákveðið að einfalda þetta val og einskorða valið í framtíðinni við ræktunarbú þar sem öll hrossin sem mynda hópinn sem liggur valinu til grundvallar þurfa að hafa sama uppruna (upprunanúmer).

Tilgangur verðlaunanna er fyrst og fremst að verðlauna ræktunarárangur en þessi síðasta breyting er gerð til að tryggja að einnig sé verið að verðlauna uppeldið og utanumhaldið um hrossin; vegferðina frá hugmynd að pörun til sýningar. Einnig var þetta orðið fullflókin og mikil vinna við valið þegar bæði þurfti að horfa til uppruna og ræktenda og tryggja að ekkert hross gleymdist. Enda að verða flóknari mynd í seinni tíð hvernig staðið er að skráningu á uppruna og ræktendum.

Þessi nýja regla kemur ekki í veg fyrir að til dæmis ræktendur í þéttbýli geti verið verðlaunaðir, enda er áfram horft til þéttbýlisstaða sem uppruna og að sjálfsögðu til ræktunarnafna. Það þótti sanngjarnt og rétt að hafa tvær undantekningar á þessari meginreglu:

Í fyrsta lagi má tengja saman tvö upprunanúmer ef viðkomandi ræktendur hafa flust búferlum. Þetta er gert til þess að ræktendur þurfi ekki að byrja á núllpunkti ef þeir flytjast búferlum og kenna hross sín við annan uppruna á einhverjum tímapunkti. Einnig má tengja saman tvö upprunanúmer ef ræktendur rækta hross á tveimur jörðum þegar um sama (eða sameiginlegan) rekstur er að ræða. Til að Fagráð geti tekið tillit til þannig aðstæðna var ákveðið að þetta þurfi að tilkynna fyrir 1. maí ár hvert.

Forval hrossa til dóms

Forval hrossa til dóms er töluvert eins við þekkjum og nokkuð ljóst er að ræktunarverðlaunin eins og þau hafa verið auka heldur á það; þegar ræktandi er búinn að sýna ákveðinn hóp hrossa með góða meðaleinkunn bíður hann í sumum tilvikum með að sýna hross sem eru kannski alveg tilbúin til dóms ef það er hætta á að þau lækki meðaleinkunn hópsins. Þessi verðlaun eru náttúrulega fyrst og fremst hugsuð til að verðlauna ræktendur sem skila hrossum til dóms sem eru af miklum gæðum og til þess fallinn að auka á erfðaframfarir í stofninum. Þessi verðlaun þurfa í raun ekki að velta öðrum hrossum fyrir sér og því síður að draga úr því að þau séu sýnd. Af þessari ástæðu var ákveðið að við útreikning á meðaleinkunn búanna og samantekt á fjölda hrossa yrði í framtíðinni eingöngu horft til hrossa sem hlytu 8.00 í aðaleinkunn þar sem búið væri að leiðrétta fyrir aldri og kyni (leiðréttri aðaleinkunn).

Þegar búið er að taka frá hross sem ná ekki 8.00 í leiðréttri aðaleinkunn, þá er búunum raða upp eftir meðaleinkunn og fjölda á sama hátt og gert er í dag.

Fólk getur skoðað hvernig leiðréttingin er fyrir aldri og kyni í kynbótamatinu en það kemur fram í WorldFeng í flipanum Kynbótamat sem er á grunnsíðu hvers hests en þar er skjal sem heitir Alþjóðlegt kynbótamat. Þar má sjá til dæmis að fjögurra vetra hryssa með 7.80 og fjögurra vetra stóðhestur með 7.70 í aðaleinkunn eru með 8.00 í aðaleinkunn eftir leiðréttingu. Þannig að þetta útilokar ekki efnilegustu fjögurra vetra hrossin frá útreikningnum. Aftur á móti er sex vetra hryssa með 7.90 í aðaleinkunn með 7.95 eftir leiðréttingu og yrði þá ekki með í útreikningnum.

Þetta er jákvæð breyting og til þess fallin að gera upp á milli búa á grundvelli bestu hrossanna en draga þau ekki niður fyrir að sýna hross af ýmsum gerðum sem verðmætt er að fá til dóms.

Skráning á uppruna og ræktanda

Tekið skal fram að reglan er sú að skráning á uppruna og ræktanda (og nafni hestsins) er ekki breytt eftir að hrossið hefur hlotið dóm. Ræktendur hafa því góðan tíma fram að sýningu til að leiðrétta þessar skráningar. Það er gott að hafa það í huga og þessari reglu verður fylgt eftir í framtíðinni og ekki síður en gert hefur verið hingað til.

Í þeim mikla fjölda hrossa sem eru í pottinum á hverju ári hefur tímasetning á endanlegri skráningu t.d. ræktanda vel getað hafa farið framhjá Fagráði. Það er afar óheppilegt þó að Fagráð sé ekki að véfengja breytingar á þessum skráningum enda þurfa þær í öllum tilvikum að koma beint frá skráðum ræktanda.

Þessar breytingar í heild sinni eru vonandi til bóta, til þess fallnar að skýra valið og fækka matskenndum atriðum. Reglurnar í heild sinni eru hér fyrir neðan.

Reglur um ræktunarbú ársins

Gögnin sem liggja til grundvallar eru dómar allra fulldæmdra hrossa á viðkomandi ári, sem eru



fædd á Íslandi. Þá liggja og allar kynbótasýningar í heiminum undir. Aðeins hæsti dómur hvers grips telur með. Öll hross telja þar sem viðkomandi ræktandi er tilgreindur, þ.e. hross sem hér telja til stiga eru stundum ekki lengur í eigu viðkomandi ræktenda/bús. Réttar skráningar upplýsinga í WorldFeng eru hér lykilatriði, sá grunnur sem allt byggir á.

Fyrsta sían sem lögð er á gögnin er að a.m.k. fjögur hross frá búi hafi hlotið fullnaðardóm á árinu. Önnur sían að a.m.k. tvö þeirra hafi náð 8,00 í aðaleinkunn.

Aðaleinkunnir hrossanna eru þá leiðréttar fyrir aldri og kyni líkt og gert er við útreikning á kynbótamatinu. Við útreikning á meðaleinkunn sýndra hrossa og samantekt á fjölda hrossa er aðeins horft til hrossa frá hverju búi sem ná 8.00 í aðaleinkunn (sem búið er að leiðrétta fyrir aldri og kyni). Þá er búum raðað upp eftir fjölda sýndra hrossa og leiðréttum aðaleinkunnum. Stig þessara þátta eru lögð saman fyrir hvert bú og raðað eftir skori.

Heiðurs- og fyrstuverðlauna gripir ræktenda, á sýningarárinu, telja til stiga samkvæmt eftirfarandi reglum:

- Heiðursverðlaun hryssu á árinu gilda sem eitt einstaklingsdæmt hross og hækkar meðaleinkunn búsins um 0.05 stig.
- Heiðursverðlaun stóðhests á árinu gilda sem fjögur einstaklingsdæmd hross og hækkar meðaleinkunn búsins um 0.05 stig.
- 1. verðlaun stóðhests á árinu gilda sem tvö einstaklingsdæmd hross og hækkar meðaleinkunn búsins um 0.05 stig.

Fagráð tilnefnir á hverju ári 12 efstu búin til þessarar viðurkenningar og þegar það liggur fyrir hver þessi bú eru, er stigað og raðað að nýju innbyrðis (eftir meðaleinkunn og fjölda hrossa) svo endanleg röðun náist fram.

Tekið skal fram að sá hrossahópur sem kemur til álita ár hvert sem grundvöllur ræktunarbús ársins og þeirra búa sem tilnefnd eru verður að hafa sama uppruna/upprunanúmer. Skráðir ræktendur hrossanna verða að vera skráðir undir upprunanúmeri búsins (s.s. einstaklingur og rekstrarkt. hans / fjölskyldur og rekstrarkennitölur á sömu fastanúmerum).

Undantekning:
Tengja má saman tvö upprunanúmer ef viðkomandi ræktendur hafa flust búferlum eða rækta hross á tveimur jörðum, enda er um sama (eða sameiginlegan) rekstur að ræða. Til að Fagráð geti tekið tillit til þannig aðstæðna þarf að tilkynna þetta fyrir 1. maí ár hvert.

FERMING 2018

Gott samband byggir á traustum grunni

Fallegar og vandaðar fermingargjafir fyrir upprennandi knapa

Fermingartilboð í verslunum Líflands dagana 12. mars - 30.apríl



LÍFLAND
Stofnað 1917

Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 | www.lifland.is lifland@lifland.is | Reykjavík Lynghálsi | Akureyri Óseyri | Borgarnes Borgarbraut | Blönduós Efstubraut | Hvolsvöllur Ormsvöllur

Gæða gluggar og útihurðir frá Viking fyrir íslenskar aðstæður!

Trégluggar með og án álkápu í öllum litum
Stuttur afgreiðslutími



Viking
VIKING WINDOW AS

Hafið samband og fáið tilboð!

AFLVÉLAR

Aflvélar ehf · Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ · Sími 480-0000 · sala@aflvelar.is

Bændablaðið
Auglýsingar 563-0303
Næsta blað kemur út 12. apríl



FRÉTTASKÝRING

Miklar áhyggjur eru af notkun eitraðra varnarefna í landbúnaði úti í hinum stóra heimi en minna um aðgerðir:

„Ef býflugurnar hverfa þá deyr mannkynið“

– Nýleg rannsókn í Bandaríkjunum sýnir fram á skaðsemi eiturefnamengaðra ávaxta og grænmetis fyrir ófrískar konur



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Býflugur gegna lykilhlutverki við frjóvgun og viðhaldi nytjajurta sem og annarra jurtastofna. Án þeirra myndi ræktun og landbúnaður hrynja og þar með afkoma manna. Mynd/Anthidium

Þrjár tegundir eiturefna sem notaðar eru í landbúnaði í ríkjum Evrópusambandsins ógna nú verulega bæði villta býflugnastofninum sem og ræktuðum býflugum. Það eru niðurstöður matvælaöryggiseftirlits Evrópu (Europe's food safety watchdog) að því er fram kom í frétt Reuters á síðasta degi febrúar 2018.

Samkvæmt frétt Reuters er einkum um að ræða þrjár tegundir skordýra- og plöntueiturs sem valda því að býflugnastofninn eru í þeirri hættu að deyja hreinlega út. Að baki þessarar niðurstöðu liggja yfir 700 rannsóknir sem gerðar hafa verið á áhrifum efnanna klóþíanídín, imídaklópríð og þíametoxam sem eru í einu lagi nefnd neóníkótínóíðar. Á fínna máli er yfirleitt talað um „varnarefni“ í þessu sambandi. Eitrið veldur m.a. taugalömun og gerir flugurnar ófrjóar.

Efni af þessum toga eru lítt eða ekki notuð í íslenskum landbúnaði. Í íslenskum gróðurhúsum hafa menn fremur farið þá leið að beita náttúrulegum vörnum. Þær felast í því að nota skordýr til að vinna á öðrum skaðlegum skordýrum sem herja á plöturnar. Þá veldur hitastigið á Íslandi því að mun minna er um skaðleg skordýr í jarðvegi en þekkist þar sem hitastigið er hærra.

„Ef býflugurnar hverfa eigum við aðeins fjögur ár eftir ólifuð”

Býflugur gegna lykilhlutverki við frjóvgun og viðhaldi nytjajurta sem og annarra jurtastofna. Án þeirra myndi ræktun og landbúnaður hrynja og þar með afkoma manna. Ekki ómerkari maður en eðlisfræðingurinn Albert Einstein gerði sér grein fyrir þessu og er sagður hafa sagt í byrjun fimmta áratugar síðustu aldar:

„Ef býflugurnar hverfa af yfirborði jarðar mun mannkynið einungis eiga fjögur ár ólifuð. Ef það eru engar býflugur, þá mun engin frjóvgun eiga sér stað, engar plöntur vaxa, engin dýr lifa og heldur engir menn.“


[If the bee disappeared off the surface of the globe then man would only have four years of life left. No more bees, no more pollination, no more plants, no more animals, no more man.]

Einstein var þó trúlega ekki fyrstur til að fjalla opinberlega um mikilvægi býflugna á þennan hátt. Er þar m.a. nefndur til sögunnar Maurice Maeterlinck, sem gaf út sambærilega yfirlýsingu í bókinni „The Life of the Bee“ sem kom út 1901.

Það kom hins vegar fram í franskri náttúrufræðigreiningu „La Vie des Bêtes et l'Ami des Bêtes“ í maí 1965 að Einstein hefði hreinlega reiknað það út að mannkynið ætti einungis fjögur ár ólifuð ef býflugurnar hyrfu af yfirborði jarðar. Þar með var tilkall hans til þessara orða staðfest.

Náttúrufræðingurinn Charles Darwin mun einnig hafa komið inn á þetta í hinni byltingarkenndu bók sinni um uppruna tegundanna, „The Origin of Species“, sem kom út árið 1859. Þar benti hann á mikilvægi einstakra tegunda fyrir lífið á jörðinni. Taldi hann að mikilvægar plöntutegundir gætu dáið út ef býflugurnar hyrfu.

Um orð þessara snillinga efast nú fáir en samt fá fjársterk risafyrirtæki enn að stýra mannkyninu í átt til þeirrar útrýmingar sem þessir sömu snillingar lýsa.



Eðlisfræðingurinn Albert Einstein er sagður hafa reiknað það út að þegar býflugurnar væru horfnar af yfirborði jarðar ætti mannkynið einungis eftir fjögur ár eftir ólifuð.

Hættan viðurkennd en samt er haldið áfram að eitra fyrir flugunum

Frá árinu 2013 hefur ítrekað verið staðfest með rannsóknum að notkun eiturefna (e. pesticides) veldur dauða býflugnastofna. Staðfestir Jose Tarzona, yfirmaður matvælaöryggisyfirvalda Evrópu (The European Food Safety Authority - EFSA) að rannsóknir sýni að efnin hafi einkum mikil áhrif á þrjár tegundir býflugna. Þrátt fyrir ítrekaðar rannsóknir og ályktanir ESB og alþjóðlegra stofnana um málið hefur EFSA í raun staðið gegn banni á eiturefni eins og glýfósat í landbúnaði og látið þar undan kröfum stórfyrirtækja sem framleiða slík efni eins og Monsanto og Syngenta. Reglugerð sem ESB setti 2013 til að taka á þessum vanda hefur reynst nær haldlaus.

Franziska Achterberg, talsamaður Greenpeace í ESB ríkjunum, segir ríkin verði að leggja til fyrrnefnd eiturefni verði bönnuð til að koma í veg fyrir skelfilegt hrun í býflugnastofnunum.

Stjórnleysi ríkir í notkun eitraðra varnarefna

Eiturefnanotkun í landbúnaði meðal aðildarríkja Evrópusambandsins virðist vera meira og minna stjórnlaus ef marka má skýrslur ESB. Þar hafa verið gerðar úttektir á árangri af fjölda reglugerða og tilskipanna sem ætlað var að draga úr eiturefnanotkuninni, en árangurinn er lítill sem enginn.

Matvælaeftirlitskerfi ESB virðist heldur ekki hafa auðnast að knýja menn til að fara eftir reglugerðunum sem er þó bakgrunnur þeirra heilbrigðisvottorða sem gefin eru út, m.a. vegna matvæla sem flutt eru til Íslands.

Aukin viðkvæmni jurta er fylgifiskur einhæfrar ræktunar

Áætlað hefur verið að 67 þúsund afbrigði sjúkdóma herji á uppskeru bænda um allan heim. Nytjaplöntur virðast sífellt verða viðkvæmari fyrir þessum sjúkdómum í takt við einhæfari ræktunar og að mennirnir reyna að ná sem mestri uppskeru út úr hverri tegund.

Til að koma í veg fyrir skaða af völdum sveppagróðurs, skordýra og plöntusjúkdóma hafa menn farið þá leið að nota stöðugt meira af eiturefnum og beita erfðatækninni í æ ríkara mæli. Gallinn er bara sá að þessar varnarráðstafanir hafa líka afar neikvæð áhrif á náttúruna. Þær valda líka vaxandi hættu fyrir heilsu fólks sem neytir matvæla sem unnar eru úr þessum jurtum og við neyslu kjötmetis af dýrum sem fóðraðar eru á slíkri uppskeru.

Skrifræði ESB dugar skammt

Skriffinnar í Evrópusambandinu hafa greinilega haft nóg að gera við að útbúa alls konar reglugerðir og tilskipanir til að hafa hemil á beitingu eiturefna af ýmsum tog sem ætlað er að kveða niður óværuna sem herjar á nytjajurtirnar. Gallinn er bara sá að ansi fáir virðast lesa allt það sem skriffinnarnir senda frá sér og þar af leiðandi er lítið farið eftir því. Niðurstaðan er því hömlulaus notkun eitur- og varnarefna sem eru valda náttúru, mannfólki og dýrum miklum skaða.

Stjórnendur Evrópusambandsins eru greinilega farnir að hafa miklar áhyggjur af þessum málum ef marka má málþing sem búið er að blása til í Brussel þann 26. júní í sumar. Er þetta í annað sinn sem slíkt er gert og er titill málþingsins ansi veglegur eða:

„2nd Symposium on the Future of Sustainable Agriculture in the EU: Assessing the Role of Pesticides and Biocides“

Í löndum Evrópusambandsins hefur verið reynt að hafa hemil á eiturefnanotkuninni í gegnum reglugerð um plöntuvarnarefni eða „Regulation on Plant Protection Products,“ sem innleitt var 2009 og reglugerð um lífrænar afurðir „Regulation on Biocidal Products,“ sem innleiddar voru 2012. Var þessum reglugerðum ætlað að vera til verndar heilsu manna, dýra og umhverfis. Einnig var ætlunin að draga smám saman úr notkun

hættulegra efna í landbúnaði. Meira regluverk hefur verið í gangi innan ESB sem miðar að sömu niðurstöðu en að því er virðist með afar döprum árangri. Þar er meira að segja um hreinar tilskipanir að ræða eins og tilskipun um sjálfbæra notkun „varnarefna“ „The Directive on Sustainable Use of Pesticides,“ frá 2009. Þessari tilskipun var ætlað að virkja stýrða notkun á eiturefnum „Integrated Pest Management (IPM),“ sem átti að leiða til upptöku sjálfbærari aðferða við plöntuvarnir. Ekki nóg með það því á árinu 2015 lagði framkvæmdastjórn ESB fram lista yfir virk efni sem sambandsríkjunum var gert skylt að draga úr notkun á.

Eins og að skvetta vatni á gæs

Ekki vantar því regluverk, tilskipanir ESB og beinar skipanir framkvæmdastjórnar, en það virðist hafa verið litlu áhrifaríkara en að skvetta vatni á gæs. Í skýrslu sem gerð var um árangur af þessum markmiðum og tilskipunum árið 2016 kom í ljós að þær voru ekki að virka eins og til stóð. Það sem meira er, enn frekari yfirferð á málunum og enn ein skýrslan sem gefin var út 2017 sýndi að aðildarríkin höfðu ekki fylgt þessum málum eftir. Meira að segja er ekki enn búið að útkljá í sumum aðildarríkjunum hvort þeim beri að innleiða reglugerðirnar sem framleiddar eru í stórum stíl í Brussel um þessu mál.

Stríðið við stórfyrirtækin um bann við glýfósati

Til að kóróna allt saman hefur verið uppi mikill tvískinnungur innan sambandsins allt frá árinu 2015 um bann sem þá átti að innleiða við notkun á eiturefninu glýfósat, en hefur ítrekað verið frestað. Á bak við þær frestanir eru gríðarleg pressa frá risafyrirtækjunum sem framleiða slík efni þar sem Monsanto, Bayer AG, DuPont og Syngenta hafa verið í fararbroddi gegn banni. Leiddi það til þess að banni við notkun á glýfósati í landbúnaði í ríkjum ESB var enn frestað um fimm ár í desember 2017. Hafa fyrirtækin eytt gríðarlegum peningaupphæðum gegn banninu. Voru matvælaöryggisyfirvöld Evrópusambandsins „EFSA“, þar á öndverðum meiði við alþjóðlegu krabbameinsrannsóknarstofnunina „IARC“ sem vildi láta banna notkunina.

Rannsóknir sýna fram á skaðsemi efnanna á heilsu manna

Meðan þessi botnlausi vandræðagangur er innan Evrópusambandsins fer umræðan vaxandi um allan heim um skaðann af notkun eiturefna við ræktun nytjajurta.

Hinn 15. ágúst 2017 var birt grein í Medical Xpress þar sem fjallað var um skaðsemi af notkun eiturefna í landbúnaði. Var þar vísað til skýrslu Berkeley-háskóla sem sýni að börn á landbúnaðarsvæði í Salinasdalnum þjáðust af heilsuleysi sem tengt var við notkun eiturefna í landbúnaði. Var þar einkum talað um lungnaskaða og aukna tíðni asma í börnum sem voru innan kílómetra frá þeim svæðum sem verið var að úða eiturefnum og dreifa áburði. Þar var einnig minnst á skaðleg áhrif af brennisteini á börn og landbúnaðarstarfsmenn. Bent var á að 21 milljón kílóa af hreinum brennisteini hefði verið í efnum sem notuð voru í landbúnaði í Kaliforníu á árinu 2013. Brennisteinn hefði mikið verið notaður í efnablöndur vegna þess að hann væri talinn lítt skaðlegur fyrir fólk.

Í ágúst 2017 bárust fréttir notkun eiturefna í kjúklingabúum í Hollandi og bann við dreifingu eggja sem innihéldu eiturefni úr svokölluðum „plöntuvarnarefnum“.

Honn 19. október 2017 var frétt í The Times of India um að sjö banvæn eiturefni sem búið væri að banna á heimsvísu væru enn notuð við landbúnaðarframleiðslu á Indlandi. Varð andlát bónda í Yavatmal-héraði sem lést af eitrun slíkra efna kveikjan að þeirri frétt. Í kjölfar andlátsins birti umhverfisvísindastofnun í Delhí lista yfir sjö mjög hættuleg efni sem enn væri verið að nota í indverskum landbúnaði til að drepa óværu sem herjaði á jurtir og til eyðingar á illgresi.

Yfir 20 tegundir eiturefna á jarðarberjum í Bandaríkjunum

Hinn 30. október 2017 birti sjónvarpsstöðin CNN frétt um lista yfir óhreinu afurðirnar í ræktun ávaxta og grænmetis í Bandaríkjunum. Þar kom fram að jarðarberin trónuðu á toppi þess vafasama lista. Í einu sýni af jarðarberjum fundust yfir 20 tegundir eiturefna.


Rannsókn staðfestir að eitruð varnarefni valda ófrjósemi hjá mannfólkinu

Er þetta litið mjög alvarlegum augum þar sem ávextir og grænmeti eru talin mikilvæg í fæðu kvenna á meðgöngutíma. Hafði mikil neysla grænmetis og ávaxta einmitt verið tengd ófrjósemi kvenna í rannsóknum á konum sem áttu í erfiðleikum með að eignast börn. Er þar vísað í rannsókn sem birtist í tímaritinu JAMA International Medicine 27. október 2017.

Bent er á í frétt CNN að varnarefnin svokölluðu [e. pesticides] séu óværudrepandi efni sem oft sé úðað yfir ávaxtaræktun og grænmeti til að reyna að verja uppskeruna fyrir myglu, skaðlegum sveppagróðri, rotnun, illgresi og skordýrum. Vaxandi áhyggjur séu nú yfir að notkun þessara efna tengist



Eitruðum varnarefnum úðað á akra.



Í Bandaríkjunum hefur mest af eiturefnum fundist á jarðarberjum.

bráðatilfellum í heilsutjóni fólks.

Vitnað er í doktor Yu-Han Chiu sem starfar við næringar-efnafræðideild Harvard T.H. Chan School of Public Health. Hann sagði m.a.:

„Það hafa verið uppi áhyggjur af því í nokkurn tíma að ef fólk kemst í snertingu við jafnvel mjög litla skammta af þessum varnarefnum [eiturefnum], eins og rannsóknir sýna, þá geti það haft neikvæð áhrif á heilsu manna. Einkum hjá ákveðnum hópum eins og óléttum konum. Á fóstur og stálpuð börn. Okkar rannsóknir sýna að þessar áhyggjur eru ekki ástæðulausar.“

Í rannsókninni sem tóku þátt 235 konur á aldrinum 18 til 45 ára sem voru að undirgangast frjósemismeðferð á almenningssjúkrahúsi í Massachusetts. Farið var vandlega í gegnum matarræði kvennanna og metið hversu mikið af eiturefnum konurnar höfðu innbirt við neyslu ávaxta og grænmetis. Var þar stuðst við opinberar tölur um notkun þessara efna frá landbúnaðarráðuneyti Bandaríkjanna og samkvæmt notkunaráætlun þar sem fylgst er með notkun slíkra efna um öll Bandaríkin.

Hátt hlutfall eiturefna í ávaxtarækt

Þarna kom fram að tiltölulega lágt hlutfall eiturefna fannst á lárperum (avókadó), lauk, þurrkuðum plómum eða sveskjum, korni og í appelsínusafa. Hins vegar mældist hátt hlutfall í ferskum plómum, ferskjum, jarðarberjum sem og í spínati og piparávöxtum.



Dicamba-varnarefnum er líkt við Agent Orange sem notað var í stórum stíl í Víetnamstríðinu og olli miklum skaða. Ein afleiðingin var að fjölmörg börn í landinu fæddust vansköpuð.

Enn sterkari eitur fyrir erfðabreytt soja

Þrátt fyrir staðreyndirnar um skaðsemi efnanna halda stór-fyrirtækin áfram baráttu sinni fyrir innleiðingu jafnvel enn skaðlegri efna. Þann 12. desember 2017 birti Reuters frétt um að Monsanto hefði boðið bændum peningagreiðslu sem næmi helmingsverðmæti sojabaunauppskeru þeirra. Það eina sem þeir þurftu að gera var að leggja fram sannanir fyrir því að þeir hefðu úðað sojaakra sína sem ræktaðir eru upp af erfðabreytta afbrigðinu XtendiMax með eitraða varnarefninu VaporGrip.

Það efni er byggt á eiturefninu Dicamba (3,6-díklóró-2-metoxýbensósýra) sem er sagt mun sterkara efni en Roundup sem byggir á hinu virka eiturefni glýfósat. Í fréttinni var sagt að Monsanto hefði í kyrrþey fjárfest fyrir um 1 milljarð dollara í framleiðslu á efnum sem byggðar eru á notkun Decamba.

Decamba inniheldur efnið 2,4D (2,4-díklórófenoxýediksýra) sem einnig er kallað Agent Orange og var notað að bandaríska hernum til að eyða skógum í Víetnamstríðinu. Erfðabreytta sojaafbrigðinu er ætlað að þola slíkt eitur. Yfir 1.100 „varnarefni“ sem innihalda Decamba eru nú sögð komin á markað í Bandaríkjunum.

Neysla mengaðra ávaxta og grænmetis hættuleg ófrískum konum

Rannsóknin sýndi að konur sem borðuðu meira en 2,3 skammta á dag af ávöxtum eða grænmeti sem innihélt mikið af eiturefnum höfðu 18% minni líkur á að geta orðið óléttar en þær sem borðuðu minna en einn skammt á dag. Þá voru 26% minni líkur hjá þeim á að geta fætt lifandi barn en hinna sem neyttu eiturefnamenguðu ávaxtanna í litlum mæli.

„Allavega fundum við út að inntaka á mikið menguðum ávöxtum og grænmeti tengist beint minni frjósemi og árangri við að fjölga sér,“ sagði Yu-Han Chiu.

Hann segir skynsamlegt í ljósi þessara rannsókna að fólk forðist neyslu mengaðra ávaxta og grænmetis. Annar kostur sé að leita uppi lífrænt ræktaða ávexti og grænmeti.

„Það er mjög mikilvægt að hafa það í huga að þetta er í fyrsta sinn sem svona tengsl [um áhrif neyslu mengaðra ávaxta og grænmetis á meðgöngu] eru staðfest. Það er því afar mikilvægt að okkar niðurstöður verði metnar í endurteknum rannsóknum.“

Varnarefni verði rannsökuð og meðhöndluð ekki síður en eiturlyf

Dr. Philip Landrigan, deildarstjóri við Icahn School of Medicine at Mount Sinai fjallar um rannsókn JAMA Internal Medicine og segir hann m.a.:

„Við höfum ekki lengur efni á að álykta sem svo að ný varnarefni séu hættulaus heilsu manna fyrr það er örugglega sannað að þau valdi fólki engum skaða. Við verðum að þora að takast á við framgöngu framleiðenda, viðurkenna dulinn kostnað af lélegu regluverki. Einnig að efla kröfur bæði varðandi prófanir á nýjum efnum sem og á eftirmarkaði og vegna snertinga fólks við slík efni. - Rétt eins og við gerum varðandi aðra líffræðilega virka efnaflokka eins og eiturlyf.“

Í ljósi þessa hljóta menn í framhaldinu að spyrja sig um virkni opinbers eftirlits með innflutningi ávaxta og grænmetis til Íslands. Ekki síst varðandi innflutning á jarðarberjum í ljósi gríðarlegrar sölu hinnar nýju verslunar Costco á jarðarberjum á sínu fyrsta starfsári á Íslandi.



MENNING & LISTIR

„Prýðileg reiðtygi“ áhugaverð sýning í Bogasal Þjóðminjasafnsins:

Söðlar fortíðarinnar voru stöðutákn líkt og glæsibifreiðar nútímamannsins

Í Bogasal Þjóðminjasafna Íslands stendur yfir athyglisverð sýning sem ber heitið „Prýðileg reiðtygi“. Þar gefur að líta íslenska söðla frá fyrri öldum. Gefur sýningin góða innsýn í það merkilega handverk sem hér hefur verið unnið í gegnum tíðina og oft við erfiðar aðstæður, ekki síst í málmsmíði, leðurvinnu, vefnaði og útsaumi.

Lilja Árnadóttir, sviðstjóri munasafns, segir sýninguna eingöngu byggða á munum sem varðveittir séu í safninu og tilheyri reiðmennsku og útbúnaði til að sitja hest og ferðast á milli staða. Hún er sjálf vel kunnug sveitastörfum og hestamennsku og á uppruna að rekja á bæ í Borgarfirði sem heitir Beigaldi og er rétt sunnan þjóðvegarins nokkrum kílómetrum norðaustan við Borgarnes.

„Það sem við höfum dregið hér fram eru m.a. munir þar sem sérstaklega hefur verið lagt í skreytingar og vandað til gerðar. Mikið af þessu er mjög gamalt, eða frá átjándu öld. Þetta eru hlutir sem Þjóðminjasafnið eignaðist fyrir löngu, en slíkir hlutir eru nú að mestu horfnir úr almannaeigu.“

Lilja segir að í flestum tilfellum sé vitað um uppruna gripanna og eigendur. Ekki sé þó eins mikið vitað um þá sem smíðuðu söðlana eða unnu skreytingarnar sem á þeim eru. Hún segir að mikið skreyttir söðlar sem þarna megi sjá hafi augljóslega ekki verið á færi almúgafólks að eignast. Þetta séu söðlar sem hafi verið mjög dýrir í framleiðslu.




Bryggjuhnakkur frá 18. öld. Setan er vaðmálsklædd en blökur eru úr leðri. Virkin sver og vel gerð, sennilega úr íslensku birki.
Mynd / Úr sýningaskrá ÞÍ

Söðull var áður almennt heiti á reiðtygjum karla og kvenna

Í hugum flestra er söðull trúlega eingöngu yfir hnakk fyrir kvenfólk sem sat þá þvert á baki hestsins. Það er þó ekki upprunalega skilgreiningin á orðinu söðull.

„Það eru til lýsingar í fornum sögum um karlmenn og konur sem



Vatnslitamynd af sveifarsöðli, svokölluðum hellusöðli. 1 sveif, 2 frambrík, 3 seta, 4 fótskör, fótafjöl, 5 látúnsskraut, 7 laf, síðuskinn, undir er þófi.
Mynd/Úr sýningarskrá ÞÍ



Þessi mynd af fólki á hestum við íslenskan torfbæ birtist í The Penny Magazine. Mynd/Úr sýningarskrá ÞÍ



Lilja Árnadóttir, sviðstjóri munasafns Þjóðminjasafns Íslands. Í forgrunni og í bakgrunni gefur að líta hluta sýningargripa sem tilheyra söðlanotkun fyrri alda. Mynd/HKr.



Í Þjóðminjasafni Íslands má sjá skemmtilega framsetningu á munum úr lífi og starfi Íslendinga allt fram á okkar daga. Mynd/HKr.



Reiðakúla eða reiðaskjöldur frá 17. öld úr látúni. Skjöldurinn er dálítið hvelfdur með hnappi á miðju. Hann er allur grafinn með laufmunstri og dýrum: ljóni, hirti og hundi á hlaupum í skógi. Á stéttina umhverfis eru letruð varnaðarorð með latínuletursupphafsstöfum: RIDTV VARLEGA DRECKTV SPARLEGA DAVDINN KEMVR SNARLIGA – (Ríddu varlega, drekktu sparlega, dauðinn kemur snarlega).
Mynd/Úr sýningaskrá ÞÍ

riðu í skrautlegum söðlum. Á fyrri öldum var orðið söðull bæði notað fyrir reiðtygi karla og kvenna. Var þá talað um karlsöðla og kvensöðla. Orðið hnakkur kemur seinna til sögu og getum við aðeins séð þróunina í þessu hér í Bogasalnum.“

Þessi skýring stemmir vel við fagheiti þeirra sem smíðuðu þessa gripi, en þeir hafa alla tíð verið kallaðir söðlasmiðir. Þá gildir einu hvort um smíði á nútíma hnökkum er að ræða eða önnur reiðtygi.

Lilja segir að sérfræðingar Þjóðminjasafnsins telji að á bak við smíði á þeim gripum sem þarna eru til sýnis hafi eingöngu verið íslenskt hagleiksfólk.

Íslensk málmsmíði var á mjög háu stigi

„Málmsmíði var á mjög háu stigi hér á landi og sést það vel í silfurgripum sem varðveist hafa. Einhvern veginn í ósköpunum hafa menn í fásinninu og við frekar lélegar aðstæður getað búið þetta til. Ekki var þéttbýlinu þá heldur til að dreifa, en einstaka menn hafa samt komið sér upp góðum verkstæðum og verið listasmiðir.

Mest af þessu söðulskrauti er drifið eins og kallað er, en þá er mynstrið stansað í málminn.“

Lilja segir að þessi aðferð við að búa til upphleyptar myndir í málm og leður hafi verið kölluð drifsmíði og þá talað um drifnar skreytingar.

„Ef maður er hestfær getur maður líka svolítið velt því fyrir sér hvernig það hefur verið að sitja hest í söðlum sem við köllum hellusöðla. Slíkur söðull er alprýddur málmleggingum og reiðkonan varð að sitja alveg þvert á reiðstefnu. Það hefur verið mjög erfitt fyrir bakið og líka erfitt að stjórna hestinum. Varla hefur verið hægt að sitja í slíkum söðli nema á mjög hægum gangi því ekki er nokkur leið að sitja svona á mikilli ferð og halda jafnvæginu um leið. Enda má ætla að ekki hafi verið farnar mjög langar vegalengdir í svona búnaði. Þetta hefur meira verið notað spari, eins og þegar riðið var til kirkju.“

Stöðutákn síns tíma

Lilja segir að oftast hafi verið stutt til kirkju og ríkir bændur sem höfðu ráð á svo veglegum söðlum hafi líka átt sínar eigin kirkjur. Notkun þessara skrautlegu söðla hafi því verið svolítið sjónarspil fyrir efnafólk að sýna ríkidæmi sitt. Vel skreyttir söðlar hafi því verið eins konar



Klakksöðull með einum klakki (með sunnlennsku lagi) og grannri sveif (enska lagið). Setan er klædd rauðu flosi. Söðul þennan átti Jóhanna Sveinbjarnardóttir frá Ási í Hrunamannahreppi.
Mynd/Úr sýningarskrá ÞÍ

stöðutákn líkt og dýrir og fínir bílar eru oft í dag.


Söðlar líklega lítt notaðir í aðdráttarferðum

„Í aðdráttarferðum í kaupstað eða á verslunarstaði var allt annað notað. Þá voru það ábyggilega oftast karlmenn sem riðu og notuð þau reiðtygi sem tiltæk voru eins og hnakka, hnakkpútur eða jafnvel þófa. Á þessari sýningu eru þó engir slíkir atvinnutengdir hlutir heldur einungis það sem kalla má skartgripi.“

Söðlarnir á sýningunni eru eins íslenskir og hugsast getur fyrir utan málminn, sem hefur verið innfluttur. Í þeim er gjarnan grind úr viði sem hugsanlega hefur verið innfluttur en getur líka í sumum tilfellum hafa verið íslenskur að uppruna. Þá er vefnaður úr ull sem oft er liðuð með litarefnum úr íslenskri náttúru. Leður hefur væntanlega líka verið íslenskt að uppruna.



Sviðsett mynd af konu í söðli sem tekin var í Reykjavík af Daniel Bruun.
Mynd/Nationalmuseet í Danmörku



Þessi látúnsbúni söðulreiði frá 17. öld er með afar íburðarmiklu verki. Hann er tvöfaldur, þ.e. tvær ólar liggja hlið við hlið samfastar í miðju, undir reiðakúlunni. Reiðinn var festur við söðulinn með hringjum. Allar ólar reiðans eru skreyttar með látúnsþynnum sem á er fínlega grafið skrautverk og eru sumar með gagnskornu verki, þar sem mest ber á blómum og greinum í rómansk-íslenskum stíl. Allt er snilldarvel gert og hefur reiðinn verið mikils virði á verðlagi 17. aldar. Smiðurinn var líklega Brynjólfur Halldórsson.
Mynd/HKr.

Einn söðull á sýningunni hefur sérstöðu að því leyti að hann er eini söðullinn með máluðum skreytingum á leður. Í leðrið voru þá líka upphleyptar skreytingarnar.

Enski söðullinn

Í gömlu íslensku söðlunum sátu konurnar alveg þversum á baki hestsins og hvíldu þá fætur sína samsíða á fótafjöl. Þegar verslun við útlönd fór að aukast á nítjándu öldinni kom hér til sögunnar svokallaður „enskur söðull“. Hann var betur lagaður með klakk sem hægri fótur hvíldi á og sat konan þá meira í reiðstefnu hestsins. Gaf slíkur söðull mun meiri möguleika til að stjórna hestinum án þess að missa jafnvægið.

Yfir söðulsveigina var gjarnan lagt veglegt klæði, söðuláklæði, sem að hluta var þá líka til skjóls fyrir fætur þess sem á sat. Eitt lendaklæði má líka sjá á sýningunni en slík klæði voru lögð yfir lendar hestsins aftan við söðulinn.

Reiðarnir sem fylgdu söðlunum voru síðan oft miklir skrautmunir úr steyptu og gröfnum kopar. Í þá var mikið lagt og má t.d. sjá á í þeim grafnar vísuhendingar og margvíslegt skraut og myndir. Það vekur athygli að í þessa muni var oft þrykkt myndum af dýrum sem ekki þekktust á norðurslóðum eins og úlföldum. Brynjólfur Halldórsson sem uppi var á 18. öld var silfursmiður og einn myndarlegasti söðulreiði sem varðveist hefur er merktur með nafni hans.

Beislin gátu líka verið með margvíslegu skrauti eins og ennislaufum og fleiru sem sjá má á sýningunni. Jafnvel að skrautlauf væri á nasaólinni. Þarna má einnig sjá gjarðahringi frá átjándu öld sem mikið hefur varðveist af. Til eru slíkir hringir frá sextándu og sautjándu öld úr kopar. Enn eldri gjarðhringir hafa einnig fundist úr járni í fornum kumlum, en járn er þó yfirleitt fljótt að tærast í íslenskum jarðvegi.

Fyrir áhugafólk um sögu lands og þjóðar og hestamennsku er það sannarlega þess virði að skoða þessa sýningu í Bogasalnum sem stendur fram á haust. */HKr.*

Prýðileg reiðtygi

Í Þjóðminjasafni Íslands er varðveittur fjöldi muna sem tengjast íslenska hestinum. Annars vegar er búnaður sem notaður var við hesta í atvinnu- og bjargræðisskyni. Hins vegar munir sem nauðsynlegir voru til þess að sitja hestinn og komast á milli staða, sjálf reiðtygin.



Glitsaumað söðuláklæði úr Þjóðminjasafni Íslands sem sett er saman úr tveim dúkum. Ártalið á áklæðinu er 1864.

Hér eru sýnd reiðtygi sem telja verður prýðileg. Þau prýddu gæðinga og vörpuðu ljósi á þjóðfélagsstöðu reiðfólks. Undrum sætir hversu miklu var til kostað í smíði aldrifinna söðla og skrautlegra beisla. Aðeins vel stætt fólk átti slíkan búnað.

Knapar lögðu upp úr því að reiðtygi væru skrautleg og til prýði. Skreyttur söðull með viðeigandi búnaði var verðmæt eign. Á fyrri öldum sátu konur í kvensöðli með báða fætur öðrum megin; þær riðu kvenveg. Karlar riðu alltaf klofvega í sínum söðli.

Söðlar

Söðulskreytingar voru listiðja hagleiksfólks á Íslandi og var málmsmíði stundið víða um landið. Kvensöðlar voru margir þaktir myndum, oft með framandi blæ. Myndirnar eru af jurtum, dýrum og furðuskepnum.

Á sýningunni er úrval söðla. Þeirra á meðal eru hellusöðlar. Í þeim var setið þversum á hestinum, fætur voru samsíða á breiðri fótafjöl. Margir hellusöðlar voru þaktir lágmyndum úr málmi. Í klakksöðli sat konan með annan fótinn á fjöl en hinn hvíldi á söðulklakki. Báðar gerðir söðla voru í notkun á Íslandi fram á 19. öld og klakksöðull fram á fyrri hluta 20. aldar.

Reiðar

Reiði var notaður til þess að söðullinn rynni ekki fram á makka hestsins og héldist á sínum stað. Á miðjum reiðanum var hálfkúla eða skjöldur til skrauts. Volki var aftastur á reiðanum og spenntur undir taglið.

Reiðar voru oft íburðarmiklir, mikið skreyttir og með náraslettum; löngum þverólum sem löfðu niður á nára hestsins framan við reiðakúluna. Fleiri skreyttar ólar gátu verið áfastar reiðanum. Oft voru þær prýddar stokkum, beitum, laufum og skjöldum með gröfnu eða gagnskornu skrauti.

Beislisbúnaður

Algengast var að finni reiðbeisli væru úr leðri. Þau voru sett saman úr kinnólum, ennisól og kverkól sem tengd voru mélum og taumi. Íburðarmeiri beislisbúnaður var oft prýddur ennislaufum, ádráttum, skjöldum og látúnsdoppum.

Oftast var skrautið steypt úr koparblöndu. Lauf og ádrættir voru þrædd upp á ólarnar en annað skraut var hnoðað í leðrið. Taumar voru yfirleitt úr nautshúð, ull eða hrosshári. Sylgjur á ólum og gjörðum voru ýmist ferhyrndar stokkhringjur eða skeifulaga hófhringjur. */IJ*

ÍSTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

Aðalfundur ÍSTEX hf. verður haldinn miðvikudaginn 4. apríl 2018, kl. 20:00 í húsnæði félagsins í Mosfellsbæ.

Dagskrá:
1. *Almenn aðalfundarstörf samkvæmt 15. grein samþykkta félagsins.*
2. *Heimild aðalfundar til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutabréfum.*
3. *Þróunarmál - Aukin söluverðmæti ullar (grófleiki og ný flokkun).*
4. *Önnur mál, löglega upp borin.*

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi á skrifstofunni í Mosfellsbæ viku fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis.

Aðgöngumiðar og fundargögn verða afhent á skrifstofu félagsins að Völuteig 6 í Mosfellsbæ á fundardag.

Mosfellsbæ, mars 2018.
Stjórn ÍSTEX hf.

TILRAUNASTÖÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS Í MEINAFRÆÐUM AÐ KELDUM

Vísindadagur á Keldum á sjötíu ára starfsafmæli

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum fagnar sjötíu ára starfsafmæli í ár. Meðal viðburða er Vísindadagur sem fer fram 20. apríl 2018 á bókasafni Tilraunastöðvarinnar og er allan daginn.

Tilraunastöðin er fyrst og fremst rannsóknastofa á háskólastigi og þar fara fram rannsóknir og greiningar á dýrasjúkdómum.

Vísindadagur

Vísindadagurinn hefur að undanförnu verið haldinn annað hvert ár. Hann hefur fest sig í sessi sem vettvangur fyrir kynningu á starfseminni og er nú haldinn í áttunda sinn. Ráðstefnan verður 20. apríl 2018 frá kl. 8.30-16 og er skipt upp í nokkra ráðstefnuhluta (sjá dagskrá). Meginefni ráðstefnunnar eru rannsóknir og vísindastörf á Keldum í tilefni sjötíu ára starfsafmælis, nú með almennara sniði en áður.

Ráðstefnan verður haldin í bókasafni Tilraunastöðvarinnar og er aðgangur öllum heimill og að kostnaðarlausu. Á Vísindadegi Keldna 2018 verður fræðsluefni um helstu nýjungar í rannsóknum og greiningum á dýrasjúkdómum. Vísindadagurinn verður samráðsvettvangur hagsmunaaðila, einkum dýralækna og starfsmanna í dýrasjúkdómageiranum. Stefnt er að því að koma saman starfsmönnum Keldna og starfandi dýralæknum á Íslandi á þessum vísindadegi. Níu fyrirlesarar munu sjá um fræðsluna, einn gestur erlendis frá, hinir eru sérfræðingar á Keldum. Erlendi gestafyrirlesarinn er Martin Krarup Nielsen frá University of Kentucky - Maxwell H. Gluck Equine Research Center, sérfræðingur í sníkjudýrum, og hann mun halda tvo fyrirlestra. Í vísindanefndinni sem sér um undirbúning og skipulag eru: Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, Stefanía Þorgeirsdóttir og Þórunn Sóley Björnsdóttir.

Keldur í sjötíu ár

Meginviðfangsefni Tilraunastöðvarinnar er rannsóknir á dýrasjúkdómum og varnir gegn þeim. Sjötíu ár eru síðan rannsóknastarfsemi hófst á Tilraunastöðinni.

Aðdragandinn var talsverður en áður fóru rannsóknir á búfjársjúkdómum fram á Rannsóknastofu Háskólans við Barónsstíg. Ríkið keypti jörðina Keldur í Mosfellssveit með öllum mannvirkjum ásamt eyðibýlinu Keldnakoti árið 1941. Í fyrstu var aðstaðan á Keldum nýtt til dýrahalds



Sigurður Ingvarsson.

en fyrsta rannsóknastofuhúsið var reist árið 1948. Forstöðumaður var Björn Sigurðsson læknir. Margt hefur breyst á þessum sjötíu árum. Ný smitefni greinast stöðugt og sumum hefur verið útrýmt með skilvirkum aðgerðum, byggðum á fræðilegum grunni. Fræðasviðin hafa þróast, nýjar aðferðir eru notaðar við greiningar og rannsóknir og nákvæmni og afkastageta margra rannsóknatækja hefur margfaldast. Samhliða þróun í tölvumálum og netvæðingu er upplýsingastreymi á auknum hraða.

Rannsóknatæki hafa verið tölvuvædd og úrvinnsla gagna er öflugri og oft notendavænni en áður, má t.d. nefna stafræna myndgreiningu og greiningu á gögnum raðgreiningar erfðaefnis. Kostnaðurinn og fyrirhöfnin við uppbyggingu á nýrri aðferðafræði og úrvinnslu gagna getur verið talsverð. Því hefur Tilraunastöðin nýtt sér kjarnaaðstöðu og uppbyggingu á henni innanlands og erlendis og er í samstarfi við þessa aðila. Vaxandi lífsýnasöfn gefa aukna möguleika á nýjum samanburðarrannsóknum af ýmsum toga.

Starfsemin í dag

Tilraunastöðin starfar fyrst og fremst sem rannsóknastofa á háskólastigi og er eini vettvangurinn í landinu þar sem rannsóknir fara fram á dýrasjúkdómum á mörgum fræðasviðum. Rannsakaðir eru sjúkdómar í flestum spendýrategundum Íslands og allmörgum fugla- og fisktegundum.

Tilgangur rannsóknanna er að efla skilning á eðli sjúkdóma og skapa nýja þekkingu. Heilbrigð dýr eru forsenda arðvænlegs landbúnaðar og fiskeldis. Einnig er mikilvægi heilbrigðra dýra sem bera ekki sjúkdóma í menn hvati að hagnýtingu rannsóknanna.



Tilraunastöðin er fyrst og fremst rannsóknastofa á háskólastigi og þar fara fram rannsóknir og greiningar á dýrasjúkdómum. Þar verður haldinn Vísindadagur 20. apríl í tilefni af 70 ára afmæli stöðvarinnar.

Vísindadagur á Keldum 20. apríl 2018

Tími	Fyrirlesari	Titill
08:30 - 08:35	Sigurður Ingvarsson	Setning Vísindadags 2018
08:35 - 08:50	Lilja Alfreðsdóttir	Ávarp mennta- og menningarmálaráðherra
08:50 - 9:50	Martin Nielsen	Equine helminth parasites: *Epidemiology, diagnostics, anthelmintic resistance, and disease*
09:50 - 10:10	***Kaffihlé***	
10:10 - 10:40	Matthías Eydal	Rannsóknir á sníkjudýrum hrossa á Íslandi
10:40 - 11:10	Karl Skírnisson	Um hunda- og kattasníkjudýr á Íslandi
11:10 - 11:40	Guðný Rut Pálsdóttir	Um tríkinur (Trichinella spp.)
11:40 - 12:15	***Hádegishlé***	
12:15 - 12:45	Eggert Gunnarsson	Nokkrir alvarlegir bakteríusjúkdómar í búfé á Íslandi
12:45 - 13:15	Vala Friðriksdóttir	Salmonella og Campylobacter í dýrum og mönnum
13:15 - 13:45	Þórunn Rafnar Þorsteinsdóttir	Sýklalyfjaónæmar bakteríur í dýrum á Íslandi
13:45 - 14:05	***Kaffihlé***	
14:05 - 14:35	Árni Kristmundsson	Áhrif sjúkdóma á nytjastofna ferskvatns og sjávar á Íslandi
14:35 - 15:05	Vilhjálmur Svansson	Veirur í dýrum á Íslandi
15:05 - 15:35	Martin Nielsen	Equine parasitology research: What's new?
15:35 - 16:00	***Léttar veitingar***	

Tilraunastöðin er í nánu samstarfi við atvinnulífið, má þar nefna landbúnað, fiskeldi, matvælaframleiðslu og líftækniiðnað. Starfið er rótgróið og gott dæmi um samlegðaráhrif vísindastarfs og atvinnulífs.

Á Keldum er fagleg forysta á ýmsum fræðasviðum og mikil þekking og reynsla. Helstu fræðasviðin eru príonfræði, veirufræði, bakteríufræði, sníkjudýrafræði, meinafræði, ónæmisfræði, sameindalíffræði og tilraunadýrafræði. Tilraunastöðin er í öflugu tengslaneti vísindastarfs á alþjóðavísu. Rannsóknaverkefni síðustu ára eru m.a. ónæmis- og sjúkdómafræði fiska, sníkjudýra- og bakteríufræði, veirur í sauðfé og hestum, riða og skyldir sjúkdómar og sumarexem í hestum.

Hvað er fram undan?

Ymsar áskoranir eru á döfinni og mörgum áleitnum rannsóknaspurningum þarf að svara með nýjum nálgunum við sýnatöku og í aðferðafræði og úrvinnslu gagna. Framtíðarsýnin er skýr m.t.t. þess hvernig efla má fræðasviðin. Breytingar eru fram undan á loftslagi, ferðamannastraumi, flutningi fóðurs, matvæla og dýraafurða, vexti í fiskeldi, inngripum mannsins í vistkerfi o.fl. Þetta kallar á uppbyggingu innviða og aukinn viðbúnað og viðbragðsþjónustu. Mikilvægt er að við rannsökum hvaða þýðingu þessar breytingar hafa fyrir dýrasjúkdómastöðuna á Íslandi.

Sigurður Ingvarsson,
forstöðumaður og prófessor á Keldum

Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar
LED rakaþétt ljós



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM
OSRAM

Startarar og Alternatorar
í flestar gerðir véla og tækja





Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is



Við erum stoltir af nýjasta meðlimi fjölskyldunnar.

Vinnuvélar tækjamiðlun ehf. hefur tekið við umboðinu fyrir Doosan.

Vinnuvélar
Tækjamiðlun Innflutningur Sala

Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf // Kistumel 2 // 116 Reykjavík
Sími 480 0444 // vinnuvelar@vinnuvelar.is // www.vinnuvelar.is

WALTERSCHEID



HÆGT ER AÐ KAUPA STAKA HLUTI Í DRIFSKAFTAHLÍFAR OG KÚPLINGAR

VANDAÐIR KROSSAR

BENZI & DI TERLIZZI s.r.l.

DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI



ERU ÖRYGGISMÁLIN Í LAGI Á ÞÍNUM BÆ?
GOTT ÚRVAL AF ÖRYGGISHLÍFUM - HAGSTÆTT VERÐ



VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

Bændablaðið Næsta blað kemur út 12. apríl

CLAGE

Samstundis kjörhiti
- nákvæmlega



Nýtískuleg orkusparandi lausn fyrir köld svæði

Rafræn vatnshitun fyrir handlaugar, eldhúsvaska, sturtur og baðherbergi.

ÖRYGGI OG GÆÐI FRÁ ÞÝSKALANDI

ENERGY EFFICIENCY CLASS A

Með allt á hreinu í tæpa öld
ÍSLEIFUR JÓNSSON
Draghálsi 14 -16 · Sími 4 12 12 00 · www.isleifur.is

GAS LYKKJUBYSSA

Hentar einkar vel fyrir girðinga-vinnu og aðrar framkvæmdir



Frekari upplýsingar má sjá á S-J.IS

SKÚLASON & JÓNSSON
SKÚTUVOGI 6 · 104 REYKJAVÍK · SÍMI 568 6544



SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

Hrossabændur óska eftir hryssum

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Sækjum frítt á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðvesturlandi, austur í Eyjafjörð.

Greiðum verulega hækkað verð á meðan pláss leyfir.

- **Afhending í febrúar 20.000,- án vsk.**
- **Afhending í mars 26.000,- án vsk.**
- **Afhending í apríl og maí* 34.000,- án vsk.**

Upplýsingar: **hryssa@isteka.com** eða í síma **581 4138.**

Geymið auglýsinguna!

***Seinasti mögulegi móttökudagur er sunnudagurinn 20. maí.**
Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í *WorldFeng*.

UTAN ÚR HEIMI

Rækta vetrarrabarbara við kertaljós í myrkum kjallara

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is



Ingebjørg G. Wold og Per Ivar Wold i Nærbø í Rogaland-fylki í Noregi reka rabarbarastaðinn Köhler Paviljongen. Þar rækta þau nokkrar tegundir af rabarbara yfir sumartímann utandyra en auk þess stunda þau vetrarræktun á rabarbara í niðamyrkum kjallara þar sem plantan vex án nokkurrar ljóstillífunar, eingöngu við kertaljós.

Ég sá sjónvarpsþátt á National Geographic-sjónvarpsstöðinni um fyrirbæri sem kallað var „þvingaður rabarbari“ sem er ræktaður yfir vetrartímann og mér fannst þetta strax áhugavert. Ég ákvað því að afla mér meiri upplýsinga og fór til Englands á Yorkshiresvæðið árið 2014 til að læra meira um ræktunina,“ segir Per Ivar en þessi ræktunaraðferð á rabarbara á uppruna sinn á Englandi í byrjun 19. aldar og í dag er hann ræktaður í stórum gróðurhúsum þar við þessar aðstæður en hann er sætari og með fallegri lit en venjulegur rabarbari.

Plöntupynting í kjallaranum

Hjónin voru einmitt með myrkvaðan kjallara undir sílói sem ekki var í notkun og ákváðu að slá til og prófa að framleiða vetrarrabarbara.

„Við byrjuðum með 12 rabarbararætur í kjallaranum og stuttu síðar fór plantan að vaxa upp. Maður er á vissan hátt að pynta plöntuna því það sem gerist er að maður platar plöntuna sem trúir því að vorið sé komið vegna hitabreytinganna sem eiga sér stað. Við plötum rabarbarann á þann hátt að hann heldur að hann sé í skugganum og að hann verði að teygja sig upp í átt að ljósinu. Við höfum mælt að hann getur vaxið allt að fjóra sentímetra á dag. Í Englandi segja ræktendur þar að hægt sé að heyra plöntuna vaxa í stóru gróðurhúsunum,“ segir Ingebjørg en vegna þess hversu lítil framleiðslan er selja þau eingöngu enn sem komið er til veitingastaða.

„Vegna þess hversu hraður vöxturinn er verður stöngulinn alveg sérstakur og er mjög vinsæll



Það er greinilegt að hægt er að rækta rabarbara við kertaljós í dimmum kjallara.



Hjónin Ingebjørg G. Wold og Per Ivar Wold i Nærbø í Rogaland-fylki í Noregi reka rabarbarastaðinn Köhler Paviljongen þar sem þau rækta nokkrar tegundir af rabarbara og meðal annars hófu þau nýlega ræktun á vetrarrabarbara.
Myndir/Úr einkasafni



Aðferðin við að rækta vetrarrabarbara á rætur að rekja til Englands í byrjun 19. aldar en þessi tegund er rauðari og sætari en hefðbundinn rabarbari.





Vetrarrabarbarinn er ræktaður í kjallara í gömlu sílói þar sem öll orka er pínd úr honum á ræktunartímanum.

hjá matreiðslumönnum sem nota hann mest í salta rétti. Okkur finnst þetta mjög spennandi ræktun en munum aldrei gera þetta í miklu magni. Þetta er dýr og krefjandi ræktun og maður verður að hafa góðan aðgang að þróuðum rótum því þessi ræktunaraðferð er mjög krefjandi fyrir sjálfa plöntuna. Eftir eitt tímabil í kjallaranum er rótin eins og aska, það er algjörlega búið að tæma hana og á þann hátt er þetta einskonar pyndingar sem eiga sér stað.“

Rauðari, minni og sætari

Hjónin pressa og búa til safa úr um sjö þúsund lítrum af rabarbara á ári hverju og er vetrarrabarbarinn eingöngu tilraunastarfsemi enn sem komið er.

„Við uppskerum tvisvar á ári með rabarbaranum sem er úti en vetrarrabarbarinn er settur inn í myrkrið í janúar og við uppskerum hann í febrúar og mars. Ræturnar þurfa að vaxa í þrjú ár áður en hægt er að nýta hráefni þeirra og eftir uppskeru er nánast ekkert eftir af honum. Við notum sömu tegund af rabarbararótum bæði úti og inni og þessi tegund á sér 160 ára sögu hér á bænum. Vetrarrabarbarinn er rauðari, minni og sætari en hinn,“ útskýrir Ingebjørg og segir jafnframt:

„Við ætlum að halda áfram að rækta rabarbara hérna hjá okkur, bæði venjulegan og þennan sem er innandyra en við höfum ekki neinar áætlanir um að rækta eitthvað annað á þennan hátt. Við rekum einnig veislu- og ráðstefnusal hér á sveitabænum en hér var húsnæði frá 1860 sem við gerðum upp og hér leggjum við áherslu á sögu sveitabæjarins og svæðisbundin matvæli.“

Búðu til eigin vetrarrabarbara

Það þarf ekki að eiga niðamyrkan kjallara til að prófa sig áfram við að rækta vetrarrabarbara. Hægt er að hylja rótina með plastfötu eða leirkrukku eftir að frosta tekur. Síðan er plöntunni gefinn áburður og vatn reglulega og þá byrjar hún að spíra og vaxa.













MATVÆLI & MARKAÐSMÁL



Yfirdómari keppninnar var Eðvald Sveinn Valgarðsson, sem er hér lengst til vinstri. Við hliðina á honum er Ómar B. Hauksson, þá Árni Níelsson og Kristján G. Kristjánsson. Mynd/HKr.

Fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna:

Kjötmeistari Íslands 2018 er Oddur Árnason hjá SS

Fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna var haldin 8. og 9. mars í Menntaskólanum í Kópavogi. Þar mátu dómarar 125 mismunandi vörur frá kjötiðnaðarmönnum víða af landinu. Stigahæsti kjötiðnaðarmaðurinn reyndist vera Oddur Árnason frá Sláturfélagi Suðurlands og hlaut hann um leið sæmdarheitið „Kjötmeistari Íslands“.

Af 125 vörum sem sendar voru inn í keppnina fengu 105 verðlaun. Þar af fengu 54% innsendra vara gullverðlaun, 21% fengu silfurverðlaun og 9% fengu bronsverðlaun. Vörurnar voru dæmdar í húsnæði Matvælaskólans í Kópavogi og þar gafst gestum og gangandi tækifæri til að skoða og smakka innsendar vörur.

Byrjað var að dæma um kl 14 á fimmtudeginum og voru úrslit kynnt á verðlaunaafhendingu á degi Meistarafélags kjötiðnaðarmanna á Hótel Natura (Hótel Loftleiðum) laugardaginn 10. mars.

Yfirdómari keppninnar var Eðvald Sveinn Valgarðsson. Aðrir dómarar voru Árni Níelsson, Ingólfur Baldvinsson, Ómar B. Hauksson, Kristján Kristjánsson, Magnús Friðbergsson og Hreiðar Örn Stefánsson.

Í fagkeppnisnefnd MFK voru Þorsteinn Þórhallsson sem var formaður og Sigurfinnur Garðarsson. Ingólfur Baldvinsson og Arnar Sverrisson. Aðstoð við fagkeppni veitti Erla Jóna Guðjónsdóttir og Björk Guðbrandsdóttir var ritari.

Kristján Þór Júlíusson, ráðherra sjávarútvegs og landbúnaðar, heiðraði samkomuna með nærveru sinni og aðstoðaði við verðlaunaafhendingu .

Búgreinafélögin hafa í gegnum tíðina verið okkar bestu samstarfsaðilar í þessari keppni og hafa komið að keppninni hvert með sínu lagi.



Oddur Árnason frá Sláturfélagi Suðurlands var stigahæstur keppenda og hlaut því sæmdarheitið „Kjötmeistari Íslands“. Hér tekur hann við verðlaunum úr hendi Kristjáns Þórs Júlíussonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Mynd/Björk Guðbrandsdóttir.



Hér er greinilega mikil alvara á ferðinni hjá kjötiðnaðarmeisturunum. Frá vinstri; Ingólfur Þ. Baldvinsson, Magnús Friðbergsson og Hreiðar Örn Stefánsson. Mynd/HKr.

Tindfjallahangikjet

Landssamtök sauðfjárbænda veittu „Lambaorðuna“. Hún er veitt þeim kjötiðnaðarmanni sem á bestu einstöku vöruna úr lambakjöti í fagkeppninni. Þau verðlaun hlaut Oddur Árnason hjá Sláturfélagi Suðurlands fyrir vöru sem hann nefndi „Tindfjallahangikjet“.

Landnámsnaut/reykgrafið

Landssamband kúabænda veitti viðurkenningu þeim kjötiðnaðarmanni sem átti bestu vöruna unna úr nautakjöti. Þar er um að ræða farandverðlaunagrip og annan minni til eignar. Þessi verðlaun hlaut Oddur Árnason hjá SS fyrir réttinn „Landnámsnaut/reykgrafið.“

Spægipylsa

Svínaræktarfélag Íslands veitti viðurkenningu þeim kjötiðnaðarmanni sem átti bestu vöruna unna úr svínakjöti. Þar var einnig um að ræða farandverðlaunagrip og annan minni til eignar. Þar var Pétur Karlsson hjá Esju Gæðafæði hlutskarpastur með réttinn „Spægipylsa.“

Kjúklinga-ostapylsa

Félag kjúklingabænda veitti



Sigurfinnur Garðarsson og Björk Guðbrandsdóttir að störfum við að dæma innsendar vörur í keppni MFK. Mynd/HKr.



Frá verðlaunaafhendingunni á Hótel Natura laugardaginn 10. mars.
Mynd/Björk Guðbrandsdóttir

viðurkenningu þeim kjötiðnaðarmanni sem á bestu vöruna unna úr alifuglakjöti, bæði farandverðlaunagrip og annan minni til eignar. Þau verðlaun hlaut Björgvin Bjarnason hjá Reykjagarð hf. fyrir rétt sinn „Kjúklinga ostapylsa".

Grafið lakkrísfolald

Kjötframleiðendur og hrossaræktendur veittu síðan verðlaun fyrir bestu vöruna unna úr folalda- eða hrossakjöti. Þau verðlaun hlaut Jónas Pálmar Björnsson hjá SS fyrir rétt sinn „Grafið lakkrísfolald".

Flokkaverðlaun

Einnig hafa verið veitt verðlaun fyrir bestu vöru í einstökum flokkum.

Besta varan í elduðum vörum var „Lambasviðasulta" eftir Elmar Sveinsson hjá SAH Afurðum. Það var Ölgerðin sem veitti þau verðlaun.

Besta varan í flokknum soðnar pylsur var Kjúklingaostapylsa eftir Björgvin Bjarnason hjá Reykjagarði hf. Madsa veitti þau verðlaun.

Besti reykti eða grafni laxinn var eftir Odd Vilmundarson í Reykhúsinu Reykhólum. Verðlaunin veitti fyrirtækið Samhentir.

Besta varan í flokknum sælkeravörur var Nautarræmur í piparlakkrís eftir Jóhann G. Guðmundsson í Ferskum kjötvörum. Saltkaup veittu þau verðlaun.

Besta varan í flokknum kæfur og paté var Kjúklingapaté eftir Björgvin Bjarnason hjá Reykjagarði hf. ÍSAM veitti verðlaunin.

Besti reykti eða grafni silungurinn var Reyktur silungur eftir Hjörvar Jóhannesson hjá Kjarnafæði. Það var ÍSAM sem veitti einnig þau verðlaun.

Einnig verða veitt verðlaun fyrir **bestu skinkuna 2018**, en sú keppni hófst í haust með forkeppni og síðan bragðkeppni í Kringlunni nú á vorönn. Besta skinkan 2018 var Hunangsskinka frá Sláturfélagi Suðurlands. Þau verðlaun veitti Geiri ehf.

Þess má geta að þeir sem hlutu fyrrnefnd flokkaverðlaun voru fremstir meðal jafningja í viðkomandi flokkum. Voru þeir þar líka að keppa við einstaklinga sem voru með vörur sem höfðu verið metnar til gullverðlauna í sama flokki.

Þakkir til stuðningsaðila

Meistarafélag kjötiðnaðarmanna vill koma á framfæri kveðju til eftirfarandi fyrirtækja, félaga og stofnana með þökkum við stuðning við fagkeppnina.

- M.F.K.
- Katla ehf.
- Madsa
- Ölgerðin
- Ísam
- PMT
- Landssamtök sauðfjárbænda
- Landssamtök kúabænda
- Svínaræktarfélag Íslands
- Félag kjúklingabænda
- Kjötframleiðendur/Hrossaræktendur
- Landbúnaðarráðuneytið
- Matvælaskólinn í Kópavogi

/HKr.



Pétur Karlsson hjá Esju Gæðafæði varð hlutskarpastur í keppni um bestu vöruna úr svínakjöti með réttinn „Spægipylsa". Hér er Pétur lengst til vinstri ásamt Herði Harðarsyni frá Svínaræktarfélagi Íslands og Kristjáni Þór Júlíussyni. Mynd/Björk Guðbrandsdóttir.

Leiðandi framleiðandi í gólfum fyrir gripahús
naut - svín - hross - sauðfé



Hefðbundnir gólfbitar | Rastaðir gólfbitar | Velferðargólf - gúmmi og steinsteypa

AB Andersbeton www.andersbeton.com (VDV benton)

Benedikt Hjaltason · Akureyri · Sími 894 6946 · Netfang: fjosbitar@simnet.is

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VD HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



FORSALA Á ASPLA PLASTI HAFIN

Leitið upplýsinga hjá sölumönnum



VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600



Fjallableikja ehf. á Hallkelshólum er í byggingum sem reistar voru 1986 til að framleiða laxaseiði fyrir norskar fiskeldisstöðvar. Myndir/HKr.

Fjallableikja ehf. á Hallkelshólum framleiðir um 100 tonn af bleikju á ári:

Hefur náð góðum árangri í gæðum og fóðurnýtingu

– selur stærstan hluta framleiðslunnar innanlands og er í viðskiptum við öfluga matvælaframleiðendur og gullverðlaunahafa



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Fiskeldisstöðin Fjallableikja ehf. hefur verið starfandi á Hallkelshólum í Grímsnesi síðan 2009. Reksturinn er í eigu Guðmundar Adólfssonar og Jónasar Stefánssonar, en byggingarnar eru í eigu Gísla Hendrikssonar bónda á Hallkelshólum og eiginkonu hans Rannveigar B. Albertsdóttur. Stöðin hefur náð mjög góðum árangri í bleikjueldi og er framleiðslan stöðug í um 100 tonnum af bleikju á ári.

Guðmundur, sem flestir þekkja trúlega sem smið og eiganda Trésmiðjunnar Gosa í Hafnarfirði, segir gott gengi byggja á mikilli vinnu og þrautseigju. Þá hafi reksturinn verið byggður upp á eigin fé og mikilli vinnu, en enginn opinber stuðningur sé þarna á bak við. Því sé staðan góð í dag og fyrirtækið hafi skapað sér gott orð fyrir vönduð vinnubrögð og mikil gæði.

Stöðin á Hallkelshólum var upphaflega byggð 1986 sem seiðaeldisstöð fyrir lax og þótti mjög fullkomin. Fyrirtækið á bak við þann rekstur hét Fjallalax og var komið á fót í samvinnu við Norðmenn, sem áttu þá 49% hlut í stöðinni á móti Gísla Hendrikssyni. Var meiningin að ala laxaseiði upp í stöðinni til áframeldis í Noregi. Deilur milli eldisfyrirtækja í Noregi leiddu þó til þess að slíkur innflutningur var bannaður með lögum. Var skipi með fyrsta seiðafarminn þá meinað að koma að landi í Noregi. Það kippti fótunum snarlega undan rekstri Fjallalax, sem varð gjaldþrota. Tilraun var gerð til að endurreisa reksturinn en hann fór aftur í þrot nokkrum árum seinna. Stofnfiskur var svo með seiðaeldi á Hallkelshólum um tíma en síðan stóð stöðin tóm í tvö ár, þar til Fjallableikja hóf þar rekstur 2009.



Eigendur Fjallableikju, Jónas Stefánsson og Guðmundur Adólfsson, í fiskvinnsluhúsi sem þeir reka að Eyrartröð þar sem öll bleikjan úr stöðinni er flökuð, snyrt, beinhreinsuð og pökkuð til afgreiðslu. Þaðan fer bleikjan ýmist til annarra matvælaframleiðenda, verslana eða beint í flug til útflutnings.



Ágúst Friðmar Backman er starfsmaður í eldisstöð Fjallableikju á Hallkelshólum. Hann hóf þar störf 2014 eftir að hafa lokið námi við fiskeldis- og fiskalíffræðideild Háskólans á Hólum.



Guðmundur er alltaf á vaktinni og segir ekki verra ef hægt væri að fjölga klukkutímunum í sólarhringnum. Hér er hann klár í enn eina ferðina og búinn að fylla sendibílinn af úrvals fóðri fyrir bleikjuna frá Fóðurblöndunni.

Alið frá grunni af hrognum frá Hólum

Um 300 þúsund seiði eru að jafnaði í stöðinni sem alin eru upp af hrognum sem keypt eru frá Hólum í Hjaltadal. Er þar um að ræða bleikjustofn sem er íslenskur að uppruna. Auk þess að rækta bleikjuna upp í sláturstærð hefur Fjallableikja selt seiði til áframeldis til annarra fiskeldisfyrirtækja. Annað er alið upp í sláturstærð samkvæmt kröfum markaðarins. Tekur um tvo til þrjú ár að ala hana upp í þá sláturþyngd sem óskað er eftir.

Ágúst Friðmar Backman er starfsmaður í eldisstöð Fjallableikju. Hann er garðyrkjufræðingur að mennt auk þess sem hann nam fiskeldisfræðin í fiskeldis- og fiskalíffræðideild Háskólans á Hólum.

Hann segir að sjúkdómar hafi verið til lítilla vandræða hjá þeim í Fjallableikju. Telur hann að ein skýringin á því sé að þeir ali fiskinn upp við frekar lágt hitastig, 4-6 gráður. Það þýði að þeir losni við ýmsa óværu sem lifi í heitara vatni og hefur oft skapað alvarlegan vanda í fiskeldi. Á móti komi að vöxturinn verði heldur hægari.

Bleikja sem er 2 kg að þyngd þykir mjög ákjósanleg til slátrunar og segir Ágúst að tveggja kílóa fiskur sé mjög flottur og í uppáhaldi hjá sér.

Aukinn áhugi á stærri bleikju

„Mér finnst samt hafa verið aukinn áhugi fyrir sífellt stærri bleikju á markaðnum undanfarin ár. Jafnvel mjög stórri bleikju, en okkur hefur tekist að ala einstaka fiska allt upp í 4 kíló að þyngd.“

Skýringuna á áhuga markaðarins

fyrir stærri bleikju telur Ágúst vera þá að hún sé auðveldari og fljótlegri í vinnslu en minni bleikjan. Hann segist þó ekki vita nákvæmlega hvar skynsamleg mörk liggi varðandi mögulega eldisstærð bleikjunnar. Þá útheimti slíkt mikið eftirlit og vandvirkni við fóðrun.

Mjög góð nýting á fóðrinu frá Fóðurblöndunni

Á undanförnum árum hefur Fjallableikja náð miklum árangri í fóðurnýtingu. Er nú svo komið að rétt rúm 1.000 grömm af fóðri eru að skila einu kílói af fiski í stöðinni, sem þykir mjög gott, ekki síst í ljósi þess að fóðurstuðull Atlantshafslax er talinn vera 1,3 eða 1.300 grömm af fóðri á móti hverju kg sem framleitt er af laxi. Guðmundur Adólfsson segir að þennan árangur megi ekki síst þakka mjög góðu fóðri með hentugri efnasamsetningu.

„Við kaupum allt fóður hjá Fóðurblöndunni, sem hefur staðið sig afar vel," segir Guðmundur.

Bleikjunni er slátrað og hún slægð í stöðinni á Hallkelshólum. Þaðan er bleikjan flutt í fullkomið vinnsluhús Fjallableikju að Eyrartröð í Hafnarfirði. Þar er hún flökuð, snyrt og beinhreinsuð og síðan flutt ýmist til íslenskra kaupenda eða beint í flug til útlanda.

Stærsti hluti matfisksins frá stöðinni fer á innanlandsmarkað, til dæmis til Fjarðarkaupa, Bónusverslana, fiskbúðarinnar Vegamóta Seltjarnarnesi, Fiskbúðarinnar Sundlaugavegi og Fiskbúð Hólmgeirs Mjódd. Einnig fer drjúgur hluti til Opal Sjávarfangs ehf., Matvex í Hafnarfirði, Reykhóla og fleiri matvælafyrirtækja. Þau selja bleikjuna síðan frá sér í neytendaumbúðum í ýmsu formi sem ferska, reykta eða grafna. Þá er einnig selt til betri veitingastaða sem eru í föstum viðskiptum.





Starfsmenn Fjallableikju að snyrta fisk í fiskvinnsluhúsi fyrirtækisins að Eyrartröð í Hafnarfirði.

Matvex hlaut gullverðlaun fyrir grafna og reykgrafna Fjallableikju

Sem dæmi um góðan árangur má nefna gott samstarf Fjallableikju við matvælafyrirtækið Matvex í Dalshrauni 14 í Hafnarfirði. Það fyrirtæki er í eigu feðganna Páls Aðalsteinssonar, margverðlaunaðs kjötiðnaðarmanns, og sonar hans Aðalsteins Sesars sem er framkvæmdastjórinn. Páll, sem státar af heilum vegg af viðurkenningarskjölum og verðlaunagripum fyrir afurðir sem hann hefur framleitt, segir að þeir hafi til gamans sent grafna og reykgrafna bleikju úr fiski frá Fjallableikju inn í fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna (MFK) sem haldin var 8. og 9. mars. Þar fengu báðir vöruflokkarnir gullverðlaun sem afbragðsvara.

Aðalsteinn stofnaði Matvex ehf. í ágúst 2012, þá aðeins 19 ára gamall nemandi í Verslunarskóla Íslands.

„Ég fór að selja bleikju frá Fjallableikju og það hlóð smám saman utan á sig," segir Aðalsteinn.

„Við fórum svo að framleiða ýmsa rétti, þar á meðal kjúklingalasagna, tortillur, pastarétti og fleira.



Matvex í Dalshrauni 14 í Hafnarfirði. Það fyrirtæki er í eigu feðganna Páls Aðalsteinssonar, margverðlaunaðs kjötiðnaðarmanns, og sonar hans Aðalsteins Sesars sem er framkvæmdastjórinn.

Árið 2015 var ákvörðun tekin um að Páll faðir minn hætti í Kjötbankanum þar sem hann hafði starfað og kæmi alfarið inn í þennan rekstur með mér. Þá breyttist starfsemin á þann hátt að við fórum að selja hráefni og fullunnar samsettar vörur í mötuneyti og skóla. Það er alls konar matur."

Nú er Matvex að þjónusta mörg af stærstu fyrirtækjum landsins og marga af stærstu skólunum líka.

„Við leggjum mikið upp úr vandvirkni og að geta afhent vöruna á réttum tíma. Einnig að varan sé þá nákvæmlega í því ástandi sem beðið er um. Héðan fara bílar frá okkur með vörur klukkan sjö á morgnana og eru komnir á áfangastaði á höfuðborgarsvæðinu áður en mesta umferðin byrjar. Þetta kunna viðskiptavinir okkar vel að meta," segir Aðalsteinn.

Afskaplega stoltir af bleikjunni

„Við erum afskaplega stoltir af bleikjunni sem við erum að framleiða, sem er eingöngu frá Fjallbleikju. Það er auðvelt að framleiða góða vöru úr svo frábæru hráefni sem við fáum frá þaðan," segir Páll.



Feðgarnir fyrir framan fjölda viðurkenninga sem Páll hefur fengið fyrir afurðir sem hann hefur búið til í gegnum tíðina.

Aðalsteinn tekur undir það og segir að nú séu grafna og reykta bleikjan einhverjir alvinsælustu réttirnir í jólakörfunum sem þeir útbúi á hverju ári í stórum stíl.

„Við getum því verið mjög stoltir af þessu hráefni sem við erum að vinna með," segir Páll.

Rétt er að halda því til haga að þótt þessar vörur Matvex hafi þarna fengið mikinn gullgæðastimpil hjá dómurum MFK urðu þær samt ekki hlutskarpastar þegar gert var upp á milli gullverðlaunahafanna í flokki þeirra sem skiluðu inn afurðum sem unnar voru úr silungi. Eins og fram kemur í umfjöllun um keppnina á öðrum stað í blaðinu varð Hjörtur Jóhannesson í Kjarnafæði þar hlutskarpastur með sinn reykta silung.

Þó umfangið sé mikið hjá Matvex er yfirbyggingin ekki mikil og dags daglega eru þeir feðgar oftar en ekki aðeins tveir að störfum. Segja þeir að aðrir fjölskyldumeðlimir séu einfaldlega kallaðir til þegar mikið liggur við og aukafólk að auki þegar mest er að gera.

Hafa þeir komið sér upp mjög góðri aðstöðu í Dalshrauninu og hafa meistarakokkar m.a. fengið að nýta sér hana við að undirbúa keppnisþátttöku úti í heimi. Vegna vaxandi umfangs telja þeir þó að það styttist í að þeir þurfi að stækka við sig. Eru þeir því farnir að líta hýru auga á sambyggt húsnæði Trésmiðjunar Gosa.

Kælingin lykilatriði í vinnslunni

Þegar Bændablaðið leitt inn hjá fiskvinnslu Fjallableikju í Hafnarfirði var Jónas Stefánsson með hinum fasta starfsmannakjarna að ljúka við snyrtingu og beinhreinsun á bleikjuflökum sem voru á leið til viðskiptavina. Sagði Jónas að þótt leyfi væri fyrir vinnslu á hvers konar fiskafurðum í húsinu sinntu þeir þar eingöngu vinnslu á bleikju.

„Frá því að við hófum þessa starfsemi hér á Eyrartröð í Hafnarfirði 2016 hefur það verið grundvallaratriði hjá okkur að vera með kælinguna eins neðarlega og mögulegt er. Ég hafði það þá strax sem markmið að kælirinn færi aldrei yfir 2 gráður. Það var síðan tekið upp í reglugerð Matvælastofnunar ári seinna, en áður var leyfilegt að vera með hitastigið á bilinu 0 til 4 gráður. Þetta lága hitastig hjá okkur er stór þáttur í því hvað afurðirnar okkar eru ferskar og eru oftast einungis tveggja daga gamlar þegar þær eru komnar á áfangastað til kaupenda. Hiti og súrefni er það sem veldur mesta vandanum við meðhöndlun á fiski. Gerlaflóran vex hratt með auknum hita.

Þetta er lítil vinnsla og við erum ekki að keppast við að koma miklu magni í gegn, heldur leggjum við ofuráherslu á að halda gæðunum á bleikjunni ávallt í hámarki," segir Jónas.



Grafin bleikja frá Matvex til vinstri og reyktgrafin bleikja til hægri, en þetta eru gullverðlaunavörur að mati dómara í fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna.



Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 540 4980 til að fá frekari upplýsingar.

VERKSTÆÐISÞJÓNUSTA! Tímapantanir í síma 540 4980

GRZZLY 700 EPS MEÐ TRAKTORSSKRÁNINGU
Ný útgáfa með dráttarspili, LED ljósum og 26" dekkjum. Aukin burðargeta og lækkaður þyngdarpunktur gerir gott hjól enn betra.
TILBOÐSVERÐ KR. 2.190.000,- M/VSK.

Einnig fáanlegt með aukasæti og innbyggðum farangurskassa. **TILBOÐSVERÐ KR. 2.240.000,- M/VSK.**

YAMAHA
Kletthálsi 3 |110 Reykjavík | sími 540 4900
www.yamaha.is
ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS



Nokkrir norrænir gestir heimsóttu Búnaðarþing Bændasamtaka Íslands 2018 sem haldið var í byrjun marsmánaðar. Hér eru Thomas Snellman frá Finnlandi, lengst til vinstri, þá Eyðfinnur í Búðini frá Bóndafélagi Føroya og Sigert Patursson, formaður Bóndafélagsins, í heimsókn í gróðrarstöðina í Lambhaga. Mynd/TB

Formaður Bóndafélags Føroya í heimsókn á búnaðarþingi Bændasamtaka Íslands 2018:

Framtíð landbúnaðar í Færeyjum er björt


Meðal góðra gesta á nýafstöðnu búnaðarþingi var Sigert Patursson, formaður Bóndafélags Føroya til fimm ára. Sigert er kúabóndi í Hoyvíksgarði á Straumey sem er skammt frá Hoyvík, auk þess sem hann er með 270 kindur.

Í Hoyvik eru milli 130 og 140 nautgripir og þar af 60 mjólkurkýr í fjósi með einum mjaltaþjóni. Sigert segir að búið sé stórt á færeyska vísu og að mjólkurframleiðendum hafi fjölgað síðustu tvo áratugi. „Fyrir 15 árum voru mjólkurframleiðendur á eyjunum 68 en í dag eru þeir 25 og framleiða næga mjólk og mjólkurafurðir til að fullnægja innanlandsmarkaði.“

Að sögn Sigerts er þetta í fyrsta sinn sem hann kemur á Búnaðarþing og reyndar í fyrsta sinn sem fulltrúa Færeysku bændasamtakanna er boðið að þing að þessu tagi. „Ég hef áður heimsótt Ísland en aldrei sótt svona þing áður og ég er óneitanlega mjög ánægður með þátttökuna og fræddist mikið á því að sitja þingið og vil nota tækifærið hér til að þakka fyrir mig.“



Sigert Patursson, formaður Bóndafélags Føroya. Mynd/smh



Sigert er kúabóndi í Hoyvíksgarði sem er skammt frá þorpinu Hoyvík á Straumey. Mynd/SP

Sauðfjár- og nautgriparækt

Sigert segir að í dag takmarkist búfjárhald í Færeyjum við nautgriparækt til mjólkur- og kjötframleiðslu og sauðfjárrækt og heimaræktun á gæsum, kjúklingum og eggjaframleiðslu til heimanota. Allt annað sé innflutt.

„Framleiðsla á nautakjöti hefur dregist saman undanfarin ár en það er stefna landbúnaðarráðuneytisins að auka hana aftur með styrkjum til bænda.“

Í Færeyjum er að finna tvo stofna nautgripa. Sigert segist aðallega ala norska RNF nautgripi en að aðrir bændur séu með blöndu af RNF og dönskum Holstein-gripum eða eingöngu Holstein.

„Sauðfé í Færeyjum er í kringum 70 þúsund og gengur úti svo til allt árið og kjötið því ódýrt í framleiðslu. Fénu er gefið á veturna og á vorin sé þess þörf fyrir burð. Vegna þessa bera ærna yfirleitt bara einu lambi og þar sem Færeyingar borða mikið af lambakjöti flytjum við mikið af því inn bæði frá Íslandi og Nýja-Sjálandi. Innflutningurinn á ári er svipaður að magni og við framleiðum í Færeyjum.“



Verið er að gera tilraunir með að rækta korn í Færeyjum. Mynd/SP

Innflutningur á kjöti

„Eitt af því sem gerir færeyskum bændum erfitt fyrir er innflutningur á kjöt, hvort sem það er ferskt eða frosið. Áður var bannað að flytja inn hrátt kjöt en vegna tollasamninga um útflutning á fiski var innflutningurinn á landbúnaðarvörum gefin frjáls fyrir nokkrum árum. Framleiðsla á landbúnaðarvörum er kostnaðarsöm í Færeyjum og því erfitt fyrir innlenda framleiðslu að keppa við innflutta. Staðan í dag er því þannig að bændur verða að reiða sig á stuðning frá ríkinu til að standa undir kostnaði og keppa við erlenda framleiðslu.“

Samhliða kúabúskap heldur Sigert sauðfé. Mynd/SP

Sigert segir að þrátt fyrir að verð á færeysku lambakjöti sé hærra en á innfluttu seljist innlend framleiðsla vel. „Færeyingar eru hrifnir af færeysku lambakjöti og flestir kjósa það fram yfir innflutt. Ég á því von á að það haldi áfram að seljast vel, auk þess sem ferðamannaiðnaður er vaxandi og ferðamenn vilja gjarnan smakka innlenda framleiðslu.

Færeyski matsölustaðir og kokkar í Færeyjum sýna einnig aukin áhuga á að bjóða og matreiða úr innlendu hráefni alveg eins og mér skilst að sé í tísku á Íslandi.

Garðyrkja og ræktun

Að sögn Sigerts hefur innflutningur

á hráu kjöti ekki borið með sér neina búfjársjúkdóma sem hafa borist í búfé í Færeyjum svo hann viti til að minnsta kosti ekki enn.

„Ástandið er aftur á móti verra þegar kemur að garðyrkju og mörg vandamál hafa komið upp. Innflutningur á matjurtum og plöntum er frjáls til Færeyja og fyrir nokkrum árum barst okkur spánarsnigill sem étur allar plöntur sem hann nær til og veldur miklum skaða í ræktun.

Um 20% af innanlandsneyslu á kartöflum eru ræktuð í Færeyjum auk þess sem við ræktum einnig korn í tilraunaskyni og lítilsháttar af grænmeti og þá aðallega með heimaræktun. Annað er flutt inn.

Þrátt fyrir að matjurtarækt sé vaxandi er ekki enn sem komið er ræktað grænmeti eins og tómatar og agúrkur til framleiðslu í gróðurhúsum. Á sjöunda og áttunda áratugnum var lítilsháttar gróðurhúsaframleiðsla á grænmeti í Færeyjum en hún lagðist af vegna ódýrs innflutnings og smæðar markaðarins.

Skógrækt Færeyja er ríkisrekin og rekur garðyrkjustöð sem ræktar skógræktarplöntur og garðplöntur sem eru seldar almenningi. Einnig er talsvert flutt inn af garðplöntum og er líklegt að spánarsnigillinn hafa borist með þeim.

Vespur eru einnig tiltölulega nýjar í Færeyjum og allt bendir til þess að þær hafi fylgt með þökum sem voru fluttar inn til að leggja á fótboltavöll, eins furðulegt og það kann að hljóma.“

Sigert segir að plöntur sem fluttar hafa verið inn sem garðplöntur hafi í mörgum tilfellum náð fótfestu í náttúrunni og séu víða talsvert ágengar og fjölgi sér mikið á kostnað innlends gróðurs og gróðursamfélaga.

„Það er því ekki alltaf til bóta að gefa allt frjálst og hleypa öllu inn í landið án eftirlits.“



Sigert Patursson afhendir Sindra Sigurgeirssyni, formanni Bændasamtaka Íslands, veglega bók um sauðfé í Færeyjum. Seinna um kvöldið leiddi Sigert gesti á lokahófi Búnaðarþings í þróttmiklum vikavakadansi. Mynd/TB

Margir smábændur

Í Færeyjum er mikill fjöldi smábýla að sögn Sigerts. „Um helmingur lands í Færeyjum er í einkaeigu og helmingurinn er í eigu ríkisins. Bændur sem hafa til þess leyfi mega nytja land í eigu ríkisins og mega selja nýtingarréttinn en þeir geta ekki selt landið sem slíkt.

Land í einkaeigu er í eigu margra og hver um sig á litlar jarðir eða skika. Margir, bæði menn og konur, eiga fáeinar kindur og jafnvel bara eina kind og við lítum ekki í raun á það fólk sem bændur heldur áhugamanneskjur um sauðfjárrækt.

Bændur sem lifa á búskap, nautgripa- eða sauðfjárrækt eða stunda aðra vinnu samhliða búskap eru milli 50 og 60.“

Styrkir til landbúnaðar

„Ríkið styrkir mjólkurframleiðslu um 50 aura danska á lítrann auk þess sem bændur fá einnig styrk vegna framleiðslu á heyi Ef allt er tekið saman og miðað við framleiðslu á mjólk er upphæðin 1 króna og 30 aurar danskar á lítra.

Lambakjötsframleiðsla í Færeyjum er án allra ríkisstyrkja en bændur fá 7 krónur danskar fyrir hvert kíló af nautakjöti.

Þeir sem eiga kindur geta aftur á móti sótt um niðurfellingu á 75% af virðisaukaskatti vegna sölu á lambakjöti.“

Áhersla á aukið eldi og ræktun

„Núverandi landbúnaðarráðherra vil leggja aukna áherslu á aukna landbúnaðarframleiðslu, hvort sem það er í framleiðslu á kjöti eða kartöflu- eða grænmetisrækt. Við erum ekki enn farin að ræða um grænmetisræktun undir gleri þrátt fyrir möguleika á að vinna jarðvarma eða beisla vindorku og hita gróðurhúsin þannig. Möguleikarnir eru því margir en allt veltur á því að fólk vilji kaupa framleiðsluna og hægt sé að framleiða vöruna á því verði sem fólk er til í að borga fyrir hana.“

Sigert segir að í Færeyjum, líkt og annars staðar í heiminum, vilji fólk að matur sé ódýr og að það sé tilbúið að greiða hátt verð fyrir nánast hvað sem er nema mat.

„Fólk er eða var til í að borga háar upphæðir fyrir nánast allt nema það allra nauðsynlegasta, sem er náttúrulega góður og hollur matur. Þetta er smám saman að breytast og ég held að fólk sé orðið meira meðvitað um mat og matvælaframleiðslu og hvað góður matur skiptir miklu máli.

Margir í dag vilja kaupa vistvæna framleiðslu og það er áskorun fyrir bændur í Færeyjum að bjóða upp á hana. Ég sé þó ekki fram á að við getum boðið upp á vistvæna framleiðslu í miklu magni í náinni framtíð. Jarðvegur í Færeyjum er næringarefnasnauður og þarf áburð til ræktunar.

Uppeldi á fiskeldisseiðum í Færeyjum er sífellt meira að flytjast í kvíar á landi áður en þau fara í sjó. Sem stendur erum við með tilraun, í samstarfi við fiskeldisfyrirtæki, um að nota úrgang sem fæst við endurvinnslu eldisvatnsins og mykju sem áburð.“

Framtíðin er björt

Aðspurður segir Sigert að staða landbúnaðar í Færeyjum sé ágæt og hann telji framtíðina bjarta. „Okkar helsta vandamál er skortur á landi og ekki síst ræktunarlandi. Í Færeyjum er það þannig að þegar ríkið selur land vegna útþenslu þéttbýliskjarna fer hluti andvirðisins í sjóð sem bændur geta sótt um fé til vegna framkvæmda til að brjóta landi til ræktunar eða bygginga gripahúsa.“

Líkt og annars staðar í heiminum er sífellt meira af náttúrulegu landi brotið til ræktunar. Sigert segir að þessu sé svipað farið í Færeyjum. „Við verðum einfaldlega að brjóta meira land til ræktunar ef við ætlum að auka landbúnaðarframleiðslu. Í dag eru einungis 2% af landi í Færeyjum ræktuð og ólíklegt að það sé hægt að rækta meira en 6 til 7% vegna þess að mikill hluti eyjanna er fjalllendi en ég sé aukna ræktun ekki sem vandamál í nánustu framtíð. Að vísu er land víða í beit en ég sé það heldur ekki sem vandamál.“ /VH



HROSS & HESTAMENNSKA

Ferðalag með Feng – 3. hluti

Jón Baldur Lorange
verkefnisstjóri
WorldFengs
jbl@mast.is



Í þessum 3. hluta greinaflokksins Ferðalag með Feng er fjallað um þróun skýrsluhalds í hrossarækt á fyrstu árum þess hjá Búnaðarfélagi Íslands og um nýtt forrit, sem kom til sögunnar árið 1994 og 1995 1. og 2. hluti birtust í Bændablaðinu 14. desember 2017 og 11. janúar 2018.



Hryssa með folald í Hlíðardal ofan við Flúðir. Mynd / HKr.

Merkt starf Búnaðarfélagsins

Vægi vinnu við skýrsluhald í hrossarækt hjá Búnaðarfélagi Íslands fór vaxandi frá og með árinu 1991, en fyrir þann tíma var vinna við skýrsluhald í sauðfjár- og nautgriparækt í algjörum forgangi. Enda má segja að þær búgreinar hafi lengi búið við skipulagt skýrsluhalds sem byggði á sterkum stoðum, öflugu ræktunarstarfi og almennri þátttöku bænda um allt land. Búnaðarfélagið lagði mikla áherslu á að byggja einnig upp skýrsluhald í hrossarækt með tilkomu skýrsluhaldskerfisins Fengs, eins og komið hefur fram í 1. og 2. hluta þessa greinaflokks. Þannig fór meiri en fjórðungar vinnutíma skráningarfólks í tölvudeild félagsins í vinnu vegna skýrsluhalds í hrossarækt á árunum 1992-1994, sem var svipað hlutfall og vinna við skýrsluhald í sauðfjárrækt. Næstu tvö árin á eftir fór þetta hlutfall í um 40%. Greinarhöfundur skrifaði í starfsskýrslu sína vegna ársins 1994:

„Skýrsluhaldið í hrossaræktinni hefur fest sig í sessi. Þó að stærsti hluti vinnunnar fari nú orðið í hið árlega skýrsluhald fer mikill tími ennþá í að yfirfara og skrá eldri upplýsingar um kynbótadóma og ætterni hrossa. Það er hins vegar ljóst að sú endurskipulagning og það átak sem ráðist var í árið 1991 hefur skilað góðum árangri. Þetta verða þúsundir hrossaræktenda, um allt land, varir við í sínum störfum og lýsti greinarhöfundur Morgunblaðsins fyrir hrossaræktina þessari endurskipulagningu sem „grettistaki“ og Jónas Kristjánsson ritstjóri DV m.m. lýsti ánægju með „merkt“ starf Búnaðarfélagsins í þessum efnum í formála árlegrar bókar sinnar um hrossarækt.“ (Búnaðarrit 1995, 108. árgangur).

Í upphafi árs 1993 var kynbótamat eða kynbótaspá hrossa, sem var reiknað með svokallaðri BLUP-aðferð með forritum dr. Þorvaldar Árnasonar, búfjárkynbótafræðings, orðið hluti af Fengsforritinu.

Í lok árs 1994 höfðu 61.270 hross verið skráð í gagnagrunn Fengs, sem var fjölgun um 20.000 hross á tveimur árum. Unnið var samhliða að því að skrá inn kynbótadóma af kynbótasýningum á Íslandi og höfðu 19.332 dómar verið skráðir í lok árs 1994. Bæði var um að ræða dóma þess sýningarárs en ekki síður eldri kynbótadómar, en áhersla var lögð á skráningu allra kynbótadóma til styrkja stoðir kynbótamatsins (BLUP). Skráning á ætterni kynbótahrossa þjónaði sama tilgangi. Stærð gagnasafns Fengs innihélt, 27. janúar 1998, 99.425 hross, 23.780 kynbótadóma, 66.198 fangfærslur og upplýsingar um 9.787 eigendur hrossa.

Í Morgunblaðinu 12. október 1994 er Búnaðarfélag Íslands hrósað fyrir að hafa lyft grettistaki í endurskipulagningu skýrsluhalds hrossaræktarinnar. Þar sagði orðrétt:

„...hverjum þeim sem fylgst hefur með endurskipulagningu skýrsluhalds hrossaræktarinnar hjá B.I. síðustu árin dylst ekki að þar hefur verið lyft grettistaki.“

Greinarhöfundur var Valdimar Kristinsson, en hann skrifaði reglulega um hrossarækt í Morgunblaðinu.

Út-Fengur var nýtt systurforrit Fengs sem var smíðað í tölvudeild Búnaðarfélagsins árið 1995 til að halda utan um útflutning á hrossum og útgáfu upprunavottorða. Út-Fengur umbylti vinnufyrirkomulagi við útgáfu upprunavottorða, og byggði upp gagnasafn um öll hross sem flutt voru úr landi.

Fengur heim í hlað

Með upplýsingatækninni jókst aðgengi almennings að upplýsingum. Upplýsingatæknin opnaði marga heima og eins og greinarhöfundur skrifaði í inngangi fyrrnefndrar starfsskýrslu þá færði upplýsingatæknin „heiminn heim í hlað”. Þó að Fengur hafi upphaflega skrifaður sem miðlægt gagnavörslukerfi fyrir skýrsluhald í hrossarækt á landsvísu, kom fljótt upp áhugi á, að gerð yrði útgáfa fyrir einmennistölvur, afbrigði af Feng, sem nýttist hinum almenna hrossaræktanda. Árið 1994 var Internetið ennþá handan við hornið, og því þurfti að smíða forrit fyrir einmennistölvur, sem voru að verða almenningseign. Búnaðarfélag Íslands ákvað að slá til og fól greinarhöfundi að smíða forrit með afriti af gagnagrunni Fengs. Í mars mánuði 1994 kom út prófunarútgáfa, útgáfa 0,7, en í desember sama ár kom á markað útgáfa 1,0 af forriti fyrir einkatölvur í Dos-stýrikerfinu. Forritið hlaut nafnið Einka-Fengur og kom forritið á 16 disklingum, enda gagnamagnið 22 Mb að stærð og gagnagrunnurinn innihélt upplýsingar um 60 þúsund hross. Forritið var skrifað í hlutbundna forritunarmálinu Turbo Pascal og gagnagrunnshluti forritsins var skrifaður með Paradox Engine gagnaköllum og gagnagrunnur var Paradox. 60 eintökum af fyrstu útgáfu Einka-Fengs var dreift fyrir árslok 1994 til fimm landa auk Íslands. Áskrifendum fjölgaði á næstu árum með aukinni tölvueign og fjölgun áhugafólks um íslenska hestinn. Útgáfa 1,5 kom út í nóvember 1995 með gagnauppfærslu þar sem bættust við 15 þúsund hross, uppfært kynbótamat og kynbótaspá fyrir ófætt afkvæmi. Útgáfa 1,5A kom út árið 1996 með vandaðri notendahandbók en með útgáfu 2,0 árið 1997 var Einka-Fengur leystur af hólmi með Veraldar- og Íslandsfeng og voru þá áskrifendur orðnir um 200 talsins í 12 löndum.

Einka-Fengur kynnti til sögunnar „heimaréttina“, sem ennþá gegnir lykilhlutverki í Feng nútímans, WorldFeng. EinkaFengur opnaði hrossaræktendum og áhugafólki um hrossarækt hér á landi og erlendis aðgang að yfirgripsmiklum upplýsingum um íslensk hross, svo sem um ættir hrossa, eigendur og kynbótadóma. Jafnframt því að opna notendum aðgang að gagnasafni Búnaðarfélags Íslands um hrossarækt gat hver og einn auðgað gagnasafn forritsins með því að skrá upplýsingar um eigin hrossarækt. Árlega fengu áskrifendur uppfærslu af gagnasafni Búnaðarfélagsins. Þar var um að ræða kynbótadómar hvers árs og viðbætur frá þátttakendum skýrsluhaldsins á landsvísu, upplýsingar um frostmerkingar og nýtt kynbótamat. Alþjóðleg útgáfa af Einka-Feng var gefin út undir heitinu PC-Fengur á ensku og þýsku á árinu 1996.

Í viðtali við dagblaðið Dag á Akureyri 1. febrúar 1995 sagði Kristinn Hugason, hrossaræktarráðunautur, reikna með því að framsæknir og nútímalegir hrossabændur, sem hefðu tölvuvæðst á annað borð, mundu fá sér

Einka-Feng. „Sá kunni ræktandi Sveinn Guðmundsson og fjölskylda hans á Sauðárkróki voru með þeim fyrstu til að fá sér forritið en einnig er forritið sérlega hentugt fyrir þá sem taka að sér hrossasölu og útflutning.“

Einka-Fengur var síðan leystur af hólmi með Veraldarfeng árið 1997 og Íslandsfeng árið 1998, og verður fjallað um það í 4. hluta Ferðalags með Feng.

100 ára fullveldi Íslands 2018:

Hönnunarsamkeppni á Fullveldispeysu í tengslum við Prjónagleði 2018 á Blönduósi

Í tilefni 100 ára fullveldis Íslands efnir Textílsetur Íslands á Blönduósi til hönnunarsamkeppni á Fullveldispeysu í tengslum við Prjónagleði 2018.

Markmiðið með samkeppninni er að draga fram samlíkingu á milli fortíðar og nútíðar í sögu lands og þjóðar með tilvísun til fullveldis Íslands. Allir geta tekið þátt en skila verður inn myndum af fullbúnu verki fyrir 10. maí 2018 á netfangið samkeppni.textilsetur@simnet.is.

Þriggja manna dómnefnd mun síðan kalla inn þær peysur sem þykja sigurstranglegastar. 20 peysur verða valdar úr innsendum myndum og verða þær sýndar í Félagsheimilinu á Blönduósi, 8.-10. júní nk. á Prjónagleðinni. Veitt verða verðlaun fyrir frumlegustu og bestu útfærsluna

Prjón er hin hljóða iðja

Jóhanna Pálmadóttir hjá Textílsetri Íslands á hugmyndina af Fullveldispeysunni.

„Já, þegar ég sá auglýsinguna um að landsmönnum væri boðið að taka þátt í hátíðarhöldum í tengslum við 100 ára fullveldi Íslands fannst mér einboðið að við værum þátttakendur í því sem hefur haldið lífi í þjóðinni í aldir.

Prjón hefur verið vinna kvenna sem hingað til hefur ekki verið metin að verðleikum og því viljum við með Prjónagleðinni og nú með þátttöku í hátíðarhöldum í tengslum við 100 ára fullveldi Íslands hefja prjónið upp á æðra plan.

Ástæða þess að peysa var valin en ekki annað prjónles er hreinlega vegna þess að fátt er þjóðlegra en peysa, ekkert prjónlesi hefur fylgt tísku eins vel og peysuprjón. Peysa vekur öryggi, hlýju og hún umvefur mann, sem er augljós tenging við fullveldi Íslands,“ segir Jóhanna.



Prjónagleði: Allir mega taka þátt í hönnunarsamkeppninni um Fullveldispeysuna 2018 en veitt verða 1. 2. og 3. verðlaun á hátíðarkvöldverði Prjónagleðinnar og verða útvöldu peysurnar til sýnis á Prjónagleðinni. Óskað er eftir „léttri“ uppskrift af peysunum því að ef vel tekst til er möguleiki á að gefinn verði út bæklingur með útvöldum peysum í framhaldinu. Textílsetrið hvetur alla þá sem hafa áhuga á að vera með til að vinda sér í að hanna og prjóna Fullveldispeysu enda er unnið hörðum höndum að því að gera prjón sýnilegt og er þetta fullkomið verkefni til þess.

Verður að vera úr íslenskri ull

En eru einhver sérstök þátttökuskilyrði í samkeppninni ?

„Við viljum fá alls konar peysur en skilyrði er að þær séu úr íslenskri ull. Peysurnar þurfa að höfða til þema Prjónagleðinnar „100 ára fullveldi Íslands“ með einum eða öðrum hætti að öðru leyti leggjum við þetta í hendur prjónafólksins. Fólk beðið um að senda inn myndir sem valið verður úr u.þ.b. 20 peysur sem síðan koma til dómnefndar,“ segir Jóhanna og bendir á nánari upplýsingar á þessari heimasíðu; http://prjonagledi.is/knitting-competition/. Skila verður inn ljósmyndum af fullbúnu verki fyrir 10.maí 2018 á netfangið samkeppni.textilsetur@simnet.is með fullu nafni og símanúmeri. Samkeppnin er unnin í samvinnu við nefnd vegna 100 ára fullveldis Íslands og Ístex. Sá sem sér um samskiptin við prjónafólki situr ekki í dómnefnd og heitir fullum trúnaði. */MHH*





EURO RAMMI OG ÁSUÐUFESTINGASETT

Leitið upplýsinga hjá sölumönnum



VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir sérstaka styrki 2018

Ráðgjafarnefnd Orkusjóðs hefur ákveðið að styrkveitingar Orkusjóðs á árinu 2018 verði til verkefna samkvæmt b) lið 7. gr. reglugerðar nr. 185/2016 um Orkusjóð en þar segir:

„Styrkri til verkefna sem leiði til lægri kostnaðar við óniðurgreidda rafkyndingu húsnæðis og mannvirkja í eigu sveitarfélaga“.

Til greina kemur meðal annars: Uppsetning varmadæla, uppsetning eða endurbætur hitastýringarkerfa og önnur verkefni sem leiða til minni raforkunotkunar við hitun.

Um er að ræða fjárfestingarstyrki, sem hæst geta numið 50% af áætluðum kostnaði við einstök verkefni, þó að hámarki 5 m.kr.

Við mat á umsóknum verður sérstaklega litið til:

- Að verk- og kostnaðaráætlun sé vönduð og ítarleg.
- Að raunsætt mat sé lagt á áætlaðan raforkusparnað.
- Hlutfalls orkusparnaðar miðað við kostnað

Umsóknarfrestur er til 18. Apríl 2018

Skrifleg staðfesting á afgreiðslu umsókna mun berast umsækjendum eigi síðar en 18. júní 2018

Umsóknum skal skila rafrænt af vef Orkustofnunar **www.os.is** undir Orkusjóður

Nánari upplýsingar á **www.os.is** og hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri. Símar 569 6083 – 894 4280 – Netfang jbj@os.is

ORKUSTOFNUN ORKUSJÓÐUR

Votrými
Píplagningaþjónusta
Breytingar • Endurlagnir • Nýlagnir
votrymi@votrymi.is
Sími 6234445



Einn Jakki með tvöfalt hlutverk

Vatteraður jakki sem hægt er að nota sem öryggisklæðnað EN ISO 20741 Class 3 og sem flík sem hægt er að fara t.d. á fundi . Tveir vasar eru að framan. Jakkinn er vatnsfráhrindandi.

Efni: 100% Pólyester
Litur: gulur/svartur og orange/svartur
Stærðir: S-3XL

Verð: kr. 13.516,-

KH VINNUFÖT

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is


Vinnufatnaður


Hífilausnir


Kranar og talíur


Snjókeðjur


Pökkunarlausnir


Fallvarnarbúnaður

BULLDOG · pewag · STAHL CraneSystems · TRYGG Nøsted Kjetting as · CYKLOP · KRATOS SAFETY



Höfum á lager mikið úrval af alskyns vinnufatnaði, hífi- og festingabúnaði, krónum og talíum, snjókeðjum, pökkunarlausnum og fallvarnarbúnaði. Í vörulistanum á www.isfell.is er að finna ítarlegar upplýsingar um allar vörur.

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!

ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

Raftækjaúrgangur fer hratt vaxandi á tækniöld en viðgerðabylting er á Akureyri í formi Restart vinnustofu:

Markmiðið að lengja líftíma raftækja og sporna gegn ótímabærri sóun

„Þetta heppnaðist ágætlega sem fyrsti viðburður. Við náðum 12 tækjum inn, gerðum við fimm og fimm eru í vinnslu vegna aukahluta, en tvö voru dæmd óviðgerðarhæf," segir Hólmar Svansson, einn af forsprökkum Restart vinnustofu sem sett var upp á Akureyri í liðinni viku. Það var í fyrsta sinn hér á landi sem slík vinnustofa var haldin.

Hólmar segir að viðburðir sem þessi hafi verið að ryðja sér til rúms að undanförnu á meginlandi Evrópu og í Bretlandi.

„Þetta er vinnustofa þar sem fólk getur komið með biluð rafmagns- og rafeindatæki og fengið leiðbeiningar sérhæfðra sjálfboðaliðið Restart vinnustofuna um hvernig það sjálft getur lagfært tækin. Markmiðið er að lengja líftíma raftækja og sporna gegn ótímabærri sóun, en raftækjaúrgangur fer hratt vaxandi á þeirri tækniöld sem við lifum," segir hann.

Vinnustofan og þjónusta Restart er öllum opin og ókeypis en að því er stefnt að slíkur viðburður verði mánaðarlega. Sá næsti verður eftir páska, 11. apríl næstkomandi og er í FabLab stofu Verkmenntaskólans á Akureyri líkt og sá fyrsti.

Verkefnið er algerlega rekið á



Aðstandendur Restart vinnustofunnar, Guðmundur Geirsson fremstur, Jón Þór Sigurðsson, stjórnandi Fab lab, Ólafur Pálmi Guðnason og Hólmar Svansson en á myndina vantar Rut Konráðsdóttur.



Guðmundur Baldvin, formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar, kom og hafði augljóslega gaman af.

Góð þjónusta á Restart vinnustofunni. Guðmundur Geirsson býður Eyrúnu Ingvadóttur, einum þátttakenda, upp á gleraugu svo hún sjái betur við hvað er að fást.

góðgerðarformi hérlendis líkt og erlendis en nýtur stuðnings frá áhugasömum fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum sem líta jákvætt til áhrifa þess.

Umhverfisumhyggja, lærdómur og skemmtun

Fyrirmynd viðburðarins hér á landi er Restart Project verkefnið í Bretlandi og víða um Evrópu. Vinnustofurnar eru opnar í þrjár klukkustundir í senn og þar eru sjálfboðaliðar með tæknilega reynslu á raftækjasviðinu sem taka á móti og hjálpa samborgurum sínum að viðhalda smáum sem stærri raftækjum.

Hólmar segir að með þessu starfi vinnist margt, nærtækast sé að nefna umhverfisáhrifin en sem dæmi tvöfaldaðist magn raftækjasorps í heiminum á árunum 2009-2014 og hefur stóraukist síðan þá. Í öðru lagi læra gestir að gera sjálfir við einfaldar bilanir og síðast en ekki síst hafa vinnustofurnar reynst skemmtilegar uppákomur og eflt baráttuanda fólks sem lætur sig umhverfismál varða. Líkt og annars staðar vaknaði áhugi á þessu verkefni hér á landi og hafa sjálfboðaliðar á tæknisviðinu boðið fram aðstoð sína, auk fyrirtækja sem hafa stutt verkefnið.



Agnes Erla Hólmarsdóttir að glíma við tengingar.

Þarf ekki alltaf að kaupa nýtt

Hólmar segir stefnt að því að Restart vinnustofurnar verði einu sinni í mánuði en reynslan erlendis hefur einmitt sýnt að fólk kemur gjarnan tvisvar með hvert bilað tæki; fær greiningu og ráðgjöf í fyrri heimsókninni og stundum leiðbeiningar um kaup á varahlutum. Í seinna skiptið er svo gert við. Það þurfi nefnilega ekki alltaf að kaupa nýtt tæki. Hann hvetur þá sem fengið hafa nóg af lélegri endingu tækja og búnaðar, eiga rafmagnstæki sem þarfnast aðhlynningar og langar að læra að gera við til að mæta með tæki sín í næstu Restart vinnustofu sem verður í FabLab-stofu Verkmenntaskólans á Akureyri miðvikudaginn 11. apríl frá klukkan 17-20.

„Það væri svo mjög gaman að sjá fleiri sjálfboðaliða taka upp þetta verkefni á öðrum stöðum á landinu," segir Hólmar. */MÞÞ*

Frosti var á meðal þátttakenda og naut liðsinnis Guðmundar Geirssonar sjálfboðaliða.



Óli Pálmi að glíma við einkatölvu.

TÆKNI & VÍSINDI

Lely gangsetur Lely Vector-kerfi númer 500 á heimsvísu

– einn slíkur kominn í gang á Páfastöðum í Skagafirði og er nefndur „fóðurfærir"

1. febrúar síðastliðinn var settur í gang Lely Vector-fóðurfærir nr. 500 á heimsvísu. Um er að ræða mjög mikilvægan áfanga hjá Lely, en fyrsta Vector-fóðurkerfið var sett upp árið 2012.

Þessi tiltekna uppsetning á Lely-fóðurkerfi og svokölluðu Lely-eldhúsi er hjá Rosi Chris Holsteins í Québec í Kanada, en þar hefur Lely náð mikilli markaðshlutdeild í sölu fóðurkerfa.

Lely Vector-fóðurfæririnn er núna í gangi í 20 löndum bæði á kúabúum sem og í nautgriparækt. Að sögn bænda sem hafa reynslu af Lely-tækjunum eins og Christine Hoyle var Lely Vector-fóðurkerfið rökrétt næsta skref í búrekstrinum:

„Við höfum verið að mjólka með sjálfvirkum Lely mjaltaþjóni frá árinu 2010. Við byrjuðum með A2 Lely-mjaltaþjón og endurnýjuðum síðan yfir í A4 mjaltaþjón. Okkur langaði síðan að bæta við Lely Vector-fóðurfærinum til að ná betri stjórn á fóðurgjöfinni og sjá



til þess að kýrnar hefðu aðgang að fersku fóðri allan sólarhringinn," segir Hoyle.

Sjálfvirk fóðurkerfi eru að ná mikilli útbreiðslu.


Jelmer Ham, framleiðslustjóri fóðurkerfa hjá Lely International er með góðar skýringa á því af hverju bændur velja Lely Vector.

„Þetta er byltingarkennt tækni sem hefur einstaklega jákvæð áhrif á heilbrigði gripanna og hámarkar fóðurinntöku og þar með afurðir, fyrir utan að Lely Vector-fóðurkerfið spara mikla olíu- og tækjanotkun og þar með bæði orku og vinnuafl. Með því að gefa gripunum fóður oftar og nákvæmar, nýtast næringarefnin í fóðrinu mun betur.

Hugbúnaðurinn sem að vinnur síðan með Lely-mjaltaþjóninum getur stýrt fóðurgjöfinni til að hámarka afkomu búsins í stað þess að stýra fóðurgjöf eingöngu á mjólkurmagni. Bændur bæði í mjólkurframleiðslu og nautgriparækt geta þannig hámarkað framleiðsluna hjá sér með betri nýtingu fóðurs og betri stýringu fóðurgjafar," segir Jelmer Ham, framleiðslustjóri hjá Lely International.









Meri Remes frá finnsku bændasamtökunum flutti íslenskum bændum kveðju á Búnaðarþingi 2018:

Finnar geta lært af verklaginu við Búnaðarþing

– og Íslendingar af afleysingakerfi bænda í Finnlandi

Við setningu Búnaðarþings 2018 á dögunum, vakti ræða hinnar finnsku Meri Remes nokkra athygli en hún færði íslenskum bændum kveðjur frá norrænu bændasamtökunum á reiprennandi íslensku. Guðný Helga Björnsdóttir frá Bessastöðum stjórnaði samkundunni og kynnti Meri inn sem fyrrverandi vinnukonu hjá Guðrúnu Lárusdóttur og Þórarni Leifssyni í Keldudal í Skagafirði.

Meri færði Bændasamtökum Íslands finnska lopasokka, svo þeim myndi farnast vel í því að standa í fæturna gagnvart dómi EFTA-dómstólsins um afnámi frystiskyldunnar á innfluttu kjöti og heimildinni til innflutnings á ferskum eggjum og ógerilsneyddri mjólk.

Fannst landið og náttúran sérstaklega spennandi

Meri kom fyrst til Íslands 15 ára gömul, þegar hún dvaldi í um ár á Eskifirði sem skiptinemi. Hún hafði smitast af áhuga móður sinnar sem var á Íslandi í eitt ár og starfaði sem sjúkraþjálfari í kringum árið 1975. „Ég ólst upp við sögur af Íslandi, fögru og ört breytilegu umhverfinu – og menningunni sem kennir sínu fólki að lifa af og með náttúrunni. Hún mamma kom líka með bækur. Mér fannst landið og náttúran sérstaklega spennandi. Ég ólst upp við þessar sögur og ég held ég hafi verið átta ára þegar ég ákvað að koma til Íslands.

Þegar ég var sem skiptinemi á Eskifirði fékk ég að eltast við rollur upp á fjöllum og koma heim í dásamlega bragðgóða kjötsúpu. Ég fékk að heimsækja bæi og var í viku hjá hreindýrabónda á Jökuldalnum.

Það var æðislegt að vera á Eskifirði og rosalega vel tekið á mót mér – mér fannst eins ég hefði hreinlega verið ættleidd.

Þetta var á þeim tíma þegar það þótti dálítið sérstakt að vera útlendingur á Íslandi," segir Meri um fyrstu áhrifin af Íslandi.

Fann bændataugina í Keldudal

Svo liðu nokkur ár hjá Meri í Finnlandi, þar sem hún innritar sig meðal annars í nám í Búvísindum – en hún á hins vegar engin bein tengsl í búskap. „Ég las svo í stúdentablaði um einhvern bóndabæ á Íslandi sem hefði tekið til sín finnska búvísindanema í verknámi – en það er skylda að ljúka slíku námi á þessari námsbraut. Þetta reyndist vera Keldudalur í Skagafirði. Þar sem að ég hafði alltaf verið að hugsa um það að fara aftur til Íslands fannst mér tilvalið að hafa sambandi við þau og athuga hvort það væri möguleiki á að taka verknámið þar. Sem betur fer eru þetta hugrökk hjón og þau tóku þessa áhættu með mig, en ég hafði engin sveitastörf unnið þegar ég kom í Keldudal. Ég er rosalega þakklát þeim fyrir að hafa leyft mér að vinna þarna um sumarið, því mér fannst þetta vera algjört ævintýri. Svo hefur þessi reynsla nýst mér mjög vel seinna, því þau treystu mér fyrir ótrúlegustu verkum. Þau voru mér líka mjög góðir kennarar. Þar fékk ég í viku að vera „platbóndi" og upplifa smávegis hvernig það er að reka býli.

Ef það hefði ekki verið fyrir þau mörg mörg ævintýri og ótrúlegan fjölda af góðu, hjálpsömu og vingjarnlegu fólki sem ég fékk að hitta á Íslandi – myndi ég aldrei hafa stigið það skref í lífinu sem leiddi til þess að ég fór að læra um og starfa við landbúnað.

Mér líkaði reyndar svo vel að ég kom aftur annað sumar til að vinna hjá þeim."

Hver er maðurinn í stóðréttunum?

En það voru ekki bara sögurnar sem mamma Meri sagði henni um Ísland – og náttúran – sem tældu hana til Íslands. Hún sá mynd af manni í stóðréttum sem heillaði hana mjög. „Það var þessi maður, sem sannfærði mig um að Ísland væri fyrir mig. Hann hefur margt að svara fyrir. Ef það er einhver sem þekkir hann, þá má hann endilega færa honum góðar kveðjur frá mér. Væri voða gaman að vita hver hann er." Myndin sem hér fylgir er út bókinni Stallion of the North – The Unique Story of the Iceland Horse, eftir Sigurð A. Magnússon með myndum eftir Guðmund Ingólfsson og fleiri. Maðurinn sem Meri á við er sá í rauðu peysunni, til vinstri.



Meri Remes flytur ræðu sína við setningu Búnaðarþings 2018. Mynd /smh



Meri Remes og Eyðfinnur í Búðini frá Færeyjum, til vinstri, og Sigert Patursson, formaður Færeyska bóndafélagsins til hægri. Mynd / smh

Eftir að Meri lauk námi var hún á þvælingi hér og þar; meðal annars við nám og störf í Níkaragva, á Nýja-Sjálandi, í Kanada hjá landbúnaðarráðuneytinu – og í öðrum Norðurlandaríkjum. „Svo er ég búin að vera hér í Finnlandi í sex ár núna og hef meðal annars starfað hjá finnsku bændasamtökunum meðfram meistaranáminu, sem ég er nýbúin að klára."

Vinnur með ungum bændum

„Mitt verksvið hjá finnsku Bændasamtökunum er ungir bændur – eða þeir sem eru yngri en 35 ára. Við erum ekki með nein sérstök samtök fyrir þennan aldurshóp, eins og er á Íslandi til dæmis. Þar koma mörg verkefni upp á borð, til dæmis kynslóðaskipti og ýmis félagsleg viðfangsefni.

Mér finnst það kostur við mitt starf að ég fæ að vinna við svo fjölbreytt verkefni; til að mynda bæði með grænmetisbændum og kúabændum.

Ég er mikið að fást við verkefni sem snúa að framtíðinni, en einnig spurningar um lífsgæði. Annars er okkar kerfi mjög sérhæft og



Það var fleira en sögurnar frá móður Meri sem tældu hana til Íslands. Hún sá mynd af manni í stóðréttum sem heillaði hana mjög. „Það var þessi maður, sem sannfærði mig um að Ísland væri fyrir mig. Hann hefur margt að svara fyrir. Ef það er einhver sem þekkir hann, þá má hann endilega færa honum góðar kveðjur frá mér. Væri voða gaman að vita hver hann er," segir Meri. Myndin sem hér fylgir er út bókinni Stallion of the North – The Unique Story of the Iceland Horse, eftir Sigurð A. Magnússon með myndum eftir Guðmund Ingólfsson og fleiri. Maðurinn sem Meri á við er sá í rauðu peysunni, til vinstri.



Sumarið 2009 í Keldudal og nýbúið að reka rollur upp á sumartúnið. Þórdís Þórarinsdóttir, Annakaisa Aspila, Meri Remes, Sunna Þórarinsdóttir og Þorri Þórarinsson. Að sögn Meri var Annakaisa verknemi í Keldudal sumarið 2009. Hún var sjálf komin með sumarvinnu heima í Finnlandi þetta sumar, í beint frá býli-verslun, en leiddist svo að hún sagði upp og fór yfir til Íslands í Keldudal. Mynd / Úr einkasafni



Meri Remes var einn fimm erlendra gesta sem sóttu Búnaðarþing 2018. Hópurinn brá sér bæjarleið hluta úr degi; kynnti sér starfsemina í Lambhaga og síðan lá leiðin á Þingvelli. Norrænu gestirnir í Lambhaga. Frá vinstri: Eyðfinnur í Búðini frá Færeyjum, Sigert Patursson, formaður Færeyska bóndafélagsins, Thomas Snellman frá Finnlandi, Hafberg Þórisson garðyrkjubóndi, John-Erik Skjelnes Johansen frá Norges bondelag og Meri Remes. Mynd/TB

starfsmenn sinna mjög afmörkuðum sviðum," segir Meri.

Lærdómsríkt Búnaðarþing 2018

„Það var mjög mikilvægt fyrir mig að koma til Íslands núna á Búnaðarþingi og sjá hvernig vinnan á því fer fram. Finnar geta lært ýmislegt af því. Ég var mjög hrifin af því hversu mikill hluti starfsins á þinginu á sér stað í samvinnu þingfulltrúanna – og reyndar ekki bara á þinginu heldur líka undirbúningsvinna fyrir þingið, áður en málin eru lögð fram," segir Meri full aðdáunar. Hún hvetur líka Íslendinga til að standa í fæturna varðandi viðbrögð í svokölluðu hráakjötsmáli – í kjölfar EFTA-dómsins frá því nóvember síðastliðnum.

„Ef þessi dómur nær óbreyttur fram að ganga þá er verið að stofna í hættu einhverju sem er svo sérstakt að það verður að vernda – og þá er ég að tala um íslenska búféð og sjúkdómastöðuna á Íslandi.

Ef ég mætti nefna eitt sem ég myndi vilja færa frá Finnland og yfir til Íslands, hvað varðar bændur og landbúnaðinn, þá væri það finnska afleysingakerfið. Ekki óbreytt, heldur aðlagað íslenskum aðstæðum.

Það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir bændur að geta átt frí annað slagið og búið við öruggi ef veikindi koma upp.

Afleysingakerfið eykur lífsgæði bænda, það er ekki spurning, en um leið gefur það nemendum og tilvonandi bændum frábært tækifæri til að kynnast fjölbreyttum búskap og starfsaðferðum," segir Meri þegar hún er spurð um það sem Íslendingar geti lært af finnskum starfssystkinum sínum. */smh*







AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL

Flóaáveitufélagið 100 ára

Hinn 8. febrúar 1918 var Flóaáveitufélagið stofnað í Fjölni á Eyrabakka. Það er því 100 ára.

Lög um áveitu yfir Flóann voru samþykkt á Alþingi árið 1917. Þar var kveðið á um að stofna skyldi félag um áveituna og yrðu ¾ fundarmanna lögmæts fundar að samþykkja stofnun áveitufélags.



Frá hundrað ára afmælishófi Flóaáveitu.

Fjölmennur fundur

Á stofnfundinn mættu 103 bændur. Tveir voru farnir þegar tillagan um félagsstofnunina kom til atkvæðagreiðslu. Sjötíu og níu samþykktu tillöguna (78%), tuttugu og einn var mótfallinn og einn sat hjá.

Á 19. öld var framfaravakning meðal þjóðarinnar, sem svo oft hafði haft knappt til matar. Á síðari hluta aldarinnar vaknaði áhugi fyrir áveitum á engjalönd, til þess að tryggja og auka heyfeng og þar með framleiðslu búsafurða. Tún voru þá almennt lítil og meirihluti heyskaparins var á útjörð.

Þó að Flóinn hafi löngum blautur verið höfðu Flóamenn áhuga á að fá áveitu á lönd sín með skipulegum hætti og kannske ekki síður að geta síðan veitt því af þegar að slætti leið.

Flóðgáttin opnuð 1927

Flóinn var þrímældur til könnunar og til að skipuleggja um hann áveitukerfi. Fyrst var hann mældur árið 1886, svo 1906 og loks 1914–15. Framkvæmdir við áveituna hófust 22. maí 1922 og var flóðgáttin við Hvítá á Brúnastaðaflötum opnuð í fyrsta sinn og vatni hleypt úr ánni inn á áveitukerfið 27. maí 1927.

Uppskera jókst með tilkomu áveitunnar og heyfengur varð auðteknari. Samkvæmt forðagæsluskýrslum náði heyskapur á áveitusvæðunum hámarki árið 1940, 78.000 hestburðum. Talsvert var um það að utanhéraðsmenn fengju leigðar slægjur á áveitusvæðunum og eitthvað var um heysölu af teig. Það hey er ótalið á forðagæsluskýrslum úr Flóanum.

Mjólkurbú Flóamanna

Til þess að koma auknum búsafurðum á markað gekkst Flóaáveitufélagið fyrir stofnun Mjólkurbús Flóamanna, sem tók til starfa 5. desember 1929.

Um þær mundir sem Flóaáveitan komst loks í gagnið voru möguleikar til túnræktar að aukast. Tilbúinn áburður og grasfræ var kominn á markað og plógar og önnur hestaverkfæri kominn til.

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða

Þegar kom fram á 5. áratuginn fór áhugi á framræslu og þurrkun lands til túnræktar vaxandi og þá var þegar farið að bæta afrennslisskurðina, svo hægt væri að ræsa í þá, jafnframt því sem þeir gegndu áfram því hlutverki að taka við áveituvatninu, þegar því var hleypt af engjunum fyrir slátt. Árið 1946 beitti Flóaáveitufélagsið sér fyrir stofnun Ræktunarsambands Flóa og Skeiða, sem keypti þá þegar vinnuvélar til ræktunarstarfa.

Með vaxandi túnrækt á 6. áratugnum dró svo áfram jafnt og þétt úr engjaheyskap. Árið 1962 er talið að ekki dygðu lengur minni háttar lagfæringar á skurðakerfi áveitunnar. Samþykkt var að láta gera heildaráætlun um framræslu Flóans og á aðalfundi Flóaáveitufélagsins árið 1964 var samþykkt að hrinda áætluninni í framkvæmd. Árið 1970 var að mestu lokið þeim framkvæmdum sem áætlunin gerði ráð fyrir.


Stjórn Flóaáveitufélagsins. F.v.: Grétar Sigurjónsson í Smjördölum, Már Ólafsson í Dalbæ, Björn Harðarson í Holti og umsjónarmaður Flóaáveitunnar, Guðmundur Stefánsson í Hraungerði.


Kirkjuráð Hrútavinafélagsins Örvars. F.v.: Þórður Grétar Árnason á Selfossi, Hannes Sigurðsson að Hrauni í Ölfusi og Kristján Runólfsson í Hveragerði og lengst til hægri er Björn Harðarson í Holti, stjórnarformaður Flóaáveitunnar.


Frá aðalfundarstörfum Flóaáveitufélagsins.


Brynjólfur Þór Jóhannsson frá Kolsholtshelli.


Árni Eiríksson frá Skúfslæk.



Frá talningu í stjórnarkjöri. Eydís Þorbjörg Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, og Guðmundur Stefánsson í Hraungerði.


Björn Harðarson í Holti.


Geir Ágústsson frá Gerðum.


Fundarritarinn, Margrét Jónsdóttir á Syðra-Velli.



Elvar Ágústsson frá Hamri.

Á kalárunum fyrir 1970 bættu sumir sér upp grasbrestinn með engjaheyskap en þegar batnaði var engjaheyskap á áveituengjum Flóans endanlega lokið.

Vatnsmiðlun

Hlutverki skurðakerfis Flóaáveitunnar var þó ekki þar með lokið. Það er nýtt sem vatnsmiðlun. Það er viðtaki vatns úr framræsluskurðum bænda og fleytir fram leysingavatni í hlákutíð, jafnframt því sem í þurrkaköflum á sumrin er hleypt vatni inn á skurðakerfið til þess að halda uppi grunnvatnsstöðu og tryggja búfénaði vatn í högum. Vegna hraunsins sem er undirliggjandi hættir Flóanum við ofþornun í langvarandi þurrkum á sumrin.

Viðhald áveitukerfisins felst í því að halda við flutningsgetu skurðanna og stuðla að sem jafnastri dreifingu vatnsrennslis um þá. Sveitarfélögin í Flóanum eru fjárhagslegir bakhjarlar áveitunnar, en áður fyrr var innheimtur áveituskattur á hvern hektara áveitulands.

Ég held að skurðakerfi Flóaáveitunnar sé hið eina á Íslandi sem er tvíhliða og virkar sem vatnsmiðlun. Flóamenn mega ekki vanrækja þetta æðakerfi sveitarinnar, það er lífsnauðsyn, hvort sem ganga úrfelli eða þurrkar.

Aðalfundur og afmæliskaffi í Félagslundi

Aðalfundur Flóaáveitufélagsins var haldinn í Félagslundi miðvikudagskvöldið 21. febrúar og sóttu hann um 40 manns. Fundurinn fór hið besta fram og fundargerð ritaði Margrét Jónsdóttir á Syðra-Velli. Stjórn félagsins var endurkjörin en hana skipa; Björn Harðarson í Holti sem er stjórnarformaður, Már Ólafsson í Dalbæ og Grétar Sigurjónsson í Smjördölum. Umsjónarmaður Flóaáveitunnar er Guðmundur Stefánsson í Hraungerði.

Að loknum aðalfundarstörfum var drukkið afmæliskaffi Flóaáveitufélagsins 100 ára og héldu nokkrir fundarmanna ræður í tilefni afmælisins.

Meðal gesta var Kirkjuráð Hrútavinafélagsins Örvars á Suðurlandi og ávarpaði forseti félagsins, Björn Ingi Bjarnason á Eyrarbakka, samkomuna. Hann færði einnig fundinn og afmælið til myndar eins hér má sjá.

Guðmundur Stefánsson, Hraungerði.

FOLD FASTEIGNASALA

STAÐARFELL Í DÖLUM





Um er að ræða fimm byggingar sem hýst hafa starfsemi SÁÁ frá árinu 1980.

Öllum byggingunum hefur verið ágætlega við haldið. Náttúrufegurð er mikil og staðsetning er á rólegum og fallegum útsýnisstað til suðurs yfir *Hvammsfjörð* og *Skógarströnd*.

Staðarfell er í um 30 mínútna aksturfjarlægð frá *Búðardal*.

Byggingarnar sem um ræðir eru:

- Skólabygging frá 1912, 751 m². Í húsinu eru 24 herbergi, eldhús, matsalur, þvottahús o.fl. Þarna var áður rekinn húsmæðraskóli.
- Íbúðarhús með þremur íbúðum frá 1969, 291 m².
- Íbúðarhús með tveimur íbúðum frá 1971, 135 m².
- Véla- og verkfærageymsla frá 1955, 48 m², með kyndiklefa fyrir olíukyndingu.
- Geymsluhúsnæði með kæligeymslu og þurrksvæði frá 1948, alls um 68 m².

Nánari upplýsingar á www.fold.is og á skrifstofu Foldar í síma 552-1400

Viðar Böðvarsson viðskiptafræðingur og lögg. fast. - fold@fold.is

STRÚKTÚR

Yleiningar - Límtré - Stálgrindarhús



Við finnum lausn sem hentar Þér!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Mosfellsbæ | sími: 588 6640 |

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

DANUBE
ZANUSSI PROFESSIONAL

Getum við orðið að liði?
Við erum með allar lausnir fyrir þvottahús,
Hótel, Gistiheimili og Sjúkrastofnanir.

Þurrkarar
Þvottavélar



Hótellín, þvottagrindur, taupokar ofl.

IceFAKTA ehf.
Kirkjustétt 2-6, 113 Reykjavík
Símar: 567 4577 / 892 8925
icefakta@icefakta.is / www.icefakta.is



Hótelrúmföt og handklæði
fyrir ferðaþjónustuna

Allt lín fyrir:
Hótelið • Gistiheimilið • Bændagistinguna
Airbnb • Veitingasalinn • Heilsulindina
Þvottahúsið • Sérverslunina





Starfsmannafatnaður
fyrir hótel og veitingahús

Eigum allt fyrir:
- Þjóninn
- Kokkinn
- Gestamóttökuna
- Þernuna
- Vikapiltinn
- Hótelstjórnandann

86 ÁRA
EDDA HEILDVERSLUN

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík | sími 525 8210 | eddaehf@eddaehf.is | www.eddaehf.is



RÚÐUR Í MIKLU ÚRVALI

EIGUM TIL Á LAGER RÚÐUR Í FLEST ALLAR GERÐIR DRÁTTARVÉLA – FRÁBÆR VERÐ

John Deere	Ford
Zetor	Fiat
Case IH	New Holland
McCormick	Deutz-Fahr
Steyr	Massey Ferguson
Claas	

SÉRPÖNTUM RÚÐUR Í ALLAR GERÐIR DRÁTTARVÉLA MEÐ SKÖMMUM FYRIRVARA

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600


Gamli traktorinn



Boring – tóm leiðindi

Árið 1916 fékk Charles E. Boring frá Illinois í Bandaríkjunum einkaleyfi á dráttarvél sem hann hannaði og smíðaði sjálfur. Þrátt fyrir að nafnið væri ekki það heppilegasta nefndi Charles dráttarvélina í höfuðið á sér og fékk hún nafnið Boring. Á íslensku héti traktorinn því Leiðinlegur.

Boring starfað um tíma í stáliðnaði og við framleiðslu á sporvögnum en lét sig dreyma um að framleiða litla og hentuga dráttarvél fyrir smærri býli. Frumgerðin var reynd við margs konar aðstæður til að finna á henni galla áður en hún fór í framleiðslu.




Þrátt fyrir heitið hóf Boring Tractor Co. fyrirtækið að framleiða dráttarvélar árið 1918. Fyrsta týpan sem framleidd var



kallaðist Boring 12-25, fjögurra strokka margnota dráttarvél með áfestanlegum plógi sem sagt vað að tæki innan við hálftíma að tengja við traktorinn.

Þriggja hjóla

Boring 12-25 var þriggja stálhjóla dráttarvél með tveimur stórum hjólum að framan og einu litlu að aftan og var plógurinn staðsettur milli framhjólanna og undir vélinni. Hægra framhjólið var knúið áfram með keðju sem var tengd öxli sem vélin sneri. Auk þess var hægt að hæðarstilla vinstra framhjólið í sömu hæð eða dýpt og plóginn. Ökumannssætið var staðsett ofan við litla hjólið að aftan og var það jafnframt stýrishjólið.



Erfiður rekstur

Frátt fyrir góðan vilja og talsverða eftirspurn náði fyrirtækið sér aldrei á strik. Deilur komu upp meðal hluthafa um hvert skyldi stefnt, sem leiddi til þess að Boring Tractor Co. gat ekki staðið við skuldbindingar hvað framleiðslu varðaði né arð til hluthafa. Meðal skuldbindinga sem fyrirtækið gat ekki staðið við var pöntun á 30 dráttarvélum sem áttu að fara til Frakklands og undir lokin vöru söluaðilar farnir að reyna að losna við traktorana á hálfvirði.

Framleiðslu á Boring 12-25 var hætt árið 1922.

Nýhönnun

Boring var ekki af baki dottinn og hannaði vél sem hægt var að nota á vélar sem áður höfðu verið knúnar hestum og fékk einkaleyfi á þeim árið 1924. Sú vél fór aldrei í framleiðslu.



Síðar hannaði hann vélar til að sópa götur og verksmiðjugólf og garðsláttuvélar.

Einn í hjólhýsi með minningunum

Á fimmta áratug síðustu aldar bjó Boring eignalítill og flestum gleymdur í hjólhýsi í Illinois. Seinna, þegar hann var fluttur á elliheimili, fannst kista full af auglýsingabæklingum, teikningum, myndum og blaðaúrklippum um Boring-dráttarvélarnar. Kistan er í dag geymd á safni og er innihald hennar ómetanleg heimild um þennan einstaka traktor.

Ekki er vitað hversu margar dráttarvélar af gerðinni Boring voru framleiddar en þær eru eftirsóttir safngripir í dag.

/VH

UTAN ÚR HEIMI

BASF kaupir matjurtafræja- og efnaframleiðsludeild Bayer

BASF, sem er þriðja stærsta fyrirtæki í heimi, þegar kemur að erfðabreytingu og framleiðslu á efnum sem notuð eru til matvælaframleiðslu, eykur hlut sinn í sölu matjurtafræja.

BASF hefur fest kaup á matjurtafræja- og efnaframleiðsludeild Bayer, sem er í hópi fimm stærstu fyrirtækja í heimi í framleiðslu og sölu á matjurtafræjum og efnum sem notuð eru í landbúnaði. Frædeild Bayer, sem kallast Numhems, starfar við framleiðslu og sölu á matjurtafræjum á alþjóðamarkaði og er metin á 1,85 milljarða Bandaríkjadala, sem jafngildir ríflega 184 milljörðum íslenskra króna. BASF hefur áður yfirtekið annars konar fræframleiðslu Bayer.

Sagt er að BASF hafi greitt sjö milljarða Bandaríkjadala, tæpa 700 milljarða íslenska, í reiðufé fyrir matjurtafræjahluta- og landbúnaðarefnaframleiðslu Bayer.

Með kaupunum fylgja meðal annars fræ yrki kálplantna sem seld eru í Bandaríkjunum og Evrópu og mikið notuð til framleiðslu á kanólaolíu, fræ plantna til bómullarframleiðslu í Bandaríkjunum og Evrópu og soja í Bandaríkjunum.



Ræktun á plöntum til fræframleiðslu er að mestu vélvædd.

Ástæða sölunnar er kaup Bayer á efnaframleiðslu- og fræsölufyrirtækinu Monsanto. Kaupverð Monsanto er 63,5 milljarðar Bandaríkjadala, eða tæpir 6.337 milljarðar íslenskra króna.

Þess má geta í þessu sambandi að ekki er langt síðan DowDuPont og ChemChina yfirtóku Syngenta. Allt eru þetta ríkjandi fyrirtæki á markaði sem framleiða og selja fræ og efni til matvælaframleiðslu, auk þess sem þau eru ríkjandi þegar kemur að rannsóknum og sölu á erfðabreytum fræjum. */VH*



Herormar valda á hverju ári gríðarlegu tjóni í maísræktun í Afríku.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna:

App gegn herormum

FAO hefur virkjað app sem gerir bændum og landbúnaðarverkamönnum sem berjast gegn ágangi og útbreiðslu herorma í Afríku kleift að bregðast skjótt við verði þeir varir við orminn.

Með appinu má greina orminn, meta útbreiðslu hans og kortleggja þau svæði sem hann finnst á. Appið veitir einnig upplýsingar um það hverjir náttúrulegir óvinir hermanna eru og hvaða aðgerðir eru líklegastar til að skila árangri í baráttunni gegn þessari plágu.

Á hverju ári herja herormar á milljónir hektara af maís í Afríku og ógna lífsafkomu og matvælaöryggi hátt í 300 milljón manns, aðallega smábænda. /VH

Lýðheilsa og útbreiðsla búfjársjúkdóma:

Reynt að forðast heimsfaraldur

Matvælastofnun og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og heilbrigðisyfirvöld í Bandaríkjunum vinna í sameiningu að leiðum til að hindra aukna útbreiðslu búfjársjúkdóma í heiminum.

Undanfarna áratugi hafa sýkingar af völdum fuglaflensu af stofnunum H5N1og H1N, Ebola og SARS valdið heilbrigðisyfirvöldum miklum áhyggju og er reynt að halda sýkingum af völdum þeirra niðri. Í dag er talið að 75% nýrra smitsjúkdóma í mönnum berist úr búfé.

Samstafið felur meðal annars í sér að sér þjálfa 4.700 dýralækna í 25 löndum til að fást við og koma í veg fyrir útbreiðslu hættulegra dýrasjúkdóma. Flestir munu dýralæknarnir starfa í Afríku, Asíu og Mið-Austurlöndum.



Talið er að 75% nýrra smitsjúkdóma í mönnum berist úr búfé.

Auk þessa að þjálfa dýralæknana stendur til að veita þeim aðgang að rannsóknarstofum og búnaði sem koma á í veg fyrir smit.

Vonir eru bundnar við að þjálfun dýralæknanna muni ekki eingöngu draga úr líkum á að alvarlegir búfjársjúkdómar af völdum veira berist í fólk heldur líka einnig að draga munu úr útbreiðslu þeirra í búfé.

Aukinn fólksfjöldi, sívaxandi þörf eftir mat og aukin viðskipti með matvæli milli landa auka hættuna á að alvarlegir sjúkdómar breiðist hratt út milli landa. */VH*

RAFEINING


Rafeining ehf Flatahrauni 5b 220 Hafnarfjörður
Sími: 565-3049 Fax: 565-3048 Farsími: 892-9160
Netfang: rafeining@rafeining.is Vefsíða: www.rafeining.is

Fögnum 30 ára afmæli
1988 - 2018

Agrilight fyrir allan landbúnað.

AGRILIGHT®

Sem söluaðilar Agrilight á Íslandi er okkar ánægja að gera verðtilboð í stóra sem smáa lýsingapakka. Reiknum út lýsingaþörf og gerum lampaplan kaupendum að kostnaðarlausu.



Sparaðu til framtíðar með Agrilight.

VILTU LAÐA AÐ HJÓLREIÐAFÓLK?

Vandaðir viðgerða- og þjónustustandar fyrir rekstraraðila og sveitarfélög



HJÓLALAUSNIR
hjolalausnir.is | Sími 896-1013

ALLT Á EINUM STAÐ

Yfir átta þúsund vörur í netverslun
Sendum frítt heim sé pantað fyrir fimm þúsund kr. eða meira

- Ritföng
- Á skrifborðið
- Prenthylki
- Heyrnartól
- Möppur
- Pappír
- Prentarar
- Tölvudót

SKRIFSTOFUVÖRUR.IS

HELSTU NYT[illegible]RTIR HE[illegible]



Blaðsalat er til bæði grænt og rauðleitt. Mynd / Tomas Atli Ponzi

Salat kemur á óvart

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is




Salat er ómissandi hluti af hverri máltíð og hefur neysla þess og framleiðsla margfaldast alla undanfarna áratugi. Plantan kemur upphaflega frá fjöllum Mið-Asíu en salat eins og við þekkjum það í dag finnst ekki villt í náttúrunni.

Heimsframleiðsla á salati, af tegundinni Lactuca sativa, árið 2016 er áætluð tæplega 27 milljón tonn og hefur framleiðslan þrefaldast frá 1980.

Kína er langstærsti ræktandi salats í heiminum og framleiddi árið 2016 rétt tæp 15 milljón tonn. Næststærsti framleiðandinn, Bandaríkin Norður-Ameríku, er ekki hálfdrættingur á við Kínverja og framleiðir rétt rúm 4 milljón tonn. Indland er í þriðja sæti með tæpa 1,1 milljón tonna, næst koma Spánn með 903 þúsund tonn og Ítalía með 734 þúsund tonn. Japan, Íran, Tyrkland og Mexíkó eru í sjötta til tíunda sæti með framleiðslu á salati frá 586 niður í 440 þúsund tonn árið 2016.

Áætlað er að salat sé ræktað á rúmlega 1,4 milljónum hektara lands í heiminum.

Samkvæmt tollskrá er innflutt salat ekki flokkað eftir ættkvíslum eða tegundum nema að litlu leyti í jöklasalat og annað nýtt salat. Ekki er því hægt að sjá fyrir víst hversu mikið er flutt inn af salati af tegundinni L. sativa. Jöklasalat, sem langmest er flutt inn af, er afbrigði af L. sativa en annað nýtt salat getur aftur á móti verið hvaða planta sem er sem kölluð er salat. Til dæmis er mikið flutt inn af klettasalati, Eruca sativa, ekki tilheyrir ættkvíslinni Lactuca og er því ekki til umfjöllunar að þessu sinni.



Kína er langstærsti framleiðandi salats í heiminum.



Blaðsalat með blöðum sem skarast og mynda lauslegt rósalaga höfuð.



Gróðrarstöðin Lambhagi er langstærsti framleiðandi salats á Íslandi og framleiðir tæp 400 tonn á ári.

Árið 2017 var heildar innflutningur salati rétt tæp 1.200 tonn. Mest var flutt inn af jöklasalati, eða iceberg eins og það er stundum kalla, um 1.000 tonn. Tæplega helmingurinn kemur frá Spáni. Af því sem er kallað er annað nýtt salat voru flutt sama ár tæp 200 tonn.

Samkvæmt tölum frá Sambandi garðyrkjubænda er áætluð innlend framleiðsla á salati, ekki flokkað eftir ættkvíslum og tegundum, árið 2015 377 tonn. Til samanburðar var innlend framleiðsla á salati árið 2006 tæp 66 tonn.

Ættkvíslin Lactuca

Eina planta sem með réttu getur kallast salat heitir Lactuca satviva á latínu. Lactuca ættkvíslin inniheldur um 50 tegundir sem finnast villtar víða um heim en aðallega í Evrópu og Mið-Asíu. Plöntur af ættkvíslinni Lactuca geta verið ein-, tví- eða fjölærar, jurt- eða trjákenndar og með blóm sem eru hvít, gul og blá og allt þar á milli og marglit. Flestar eru harðgerðar. Sumar er að finna í eyðimörkum en við aðrar hátt til fjalla.

Ættkvíslin tilheyrir ætt körfublóma en körfublómaættin er önnur stærsta plöntuætt blómstrandi plantna og innan hennar eru ríflegar 1.600 ættkvíslir með um 23.000 tegundir.

Dæmi um plöntur af körfublómaætt eru fíflar, morgunfrú, þistill, silfurhnappur og vallhumall. Blóm plantna af körfublómaætt er kollur sem ber mörg lítil blóm, ystu smáblómin

eru með eitt stórt krónublað, sem líta í fljótu bragði út fyrir að vera eitt stórt blóm.

Blað-, höfuð- og stöngulsalat

Salat er líklega sú planta af ættkvíslinni Lactuca sem íslendingar og fleiri þjóðir leggja sér mest til munns. Einær jurt með grunna trefjarór sem ræktuð er vegna blaðanna. Greint er á milli blaðsalats, með upprétt blöð, höfuðsalats með þéttvaxin blöð sem mynda höfuð og stöngulsalat sem myndar þétta stöngul. Blómin gul og tvíkynja, fræin 3 til 6 millimetra með stilk sem er með svifhárum eða endanum og kallast biðukollur.

Ótal afbrigði og yrki eru í ræktun sem eru breytileg í vexti, bragði og lit, græn, rauð- og brúnleit. Salati er oft skipt í nokkrar ólíkar gerðir eftir vaxtarlagi.

Stökkt höfuðsalat eða jöklasalat. Höfuðlaga eða ílangt með þykkum dökk grænum blöðum að utan en ljósari að innan. Blaðhöfuðið nær allt að kílói að þyngd. Iceberg eða jöklasalat er mest ræktaða salatafbrigði í heimi.

Blaðsalat. Blaðhöfuðið laust í sér og blöðin, græn eða rauðleit, fremur breið á stuttum stilk og þunn eins og Biblíupappír.

Rósahöfuð. Blaðsalat með blöðum sem skarast og mynda lauslegt rósalaga höfuð allt að 350 gröm að þyngd. Blöðin ljósgræn og þunn.

Cos eða Romain. Blaðsalat með ílöngum uppréttum blöðum sem mynda kúníska laust höfuð. Innstu blöðin eru sætari en hin ytri. Uppruni í sunnanverðri Evrópu og líkast elstu ræktunaryrkjum villtar salatplantna og hin eina sanna salat í gríska salat.

Spergilsalat eða stöngulsalat. Stöngulsalat myndar 30 til 50 sentímetra langan stöngul sem er 3 til 6 sentímetra að þvermáli. Stöngullinn stökkur og minni á spergil með daufum salatkeim. Blöðin einnig æt. Uppruni í Kína og Suðaustur-Asíu.

Olíusalat er ræktuð vegna fræjanna og úr þeim unnin matarolíu. Jurtin er hraðvaxta og blaðfá og myndar fræ sem munn stærra fræ blað- höfuð- og stöngulsalats.

Salat og saga

Rannsóknir benda til að af náttúrulegur forveri salatplöntunar hafi vaxið villt í Tyrklandi og Kákasusfjöllum og kallast L. serriola. Blöð villisalats eru römm líkt og blöð túnfífla. Plantan var fyrst ræktuð af Egyptum til forna og fræ hennar nýtt í olíu að minnsta kosti 4.500 fyrir Krist. Síðar var farið að kynbæta plöntuna, um 2.500 fyrir Krist, þannig að blöðin urðu sætt og með tímanum varð til ræktunarafbrigðið L. sativa. Jurtin barst til Grikkja og Rómverja og frá þeim um Evrópu og síðan áfram til Ásíu og með evrópskum landnemum til Vesturheims. Getið er um nokkur afbrigði salatplöntunar í riti rómverska rómverskar búfræðingsins Kolumella frá því um árið 50 eftir upphaf okkar tímatals.

Neysla villisalats er þekkt frá tímum egypska faraósins Tutankhamun og þá helgað Min, gyðju frjóseminnar og fundist hafa salatfræ í egypskum grafhýsum.

L. serriola inniheldur milt deyfiefni sem kallast lactucarium. Rómverjar, sem þekktu virkni jurtarinnar, borðuðu serriola-salat sem eftirmat til að róa meltinguna og auðvelda svefn og þess var síðar neytt í kaþólskum karlaklaustrum til að lina holdris munka.

Salat er nefnt í fjölda evrópskra miðaldarita og iðurlega talað um plöntuna sem lækningajurt. Hildegard of Bingen nefnir jurtina í ritum sínum um lækningar á tólftu öld.

Höfuðsalat kom fyrst fram í Evrópu á 14. öld og Kólumbus flutti með sér salat til Ameríku í fyrstu siglingu sinni í leit að Indlandi.

Sænski grasafræðingurinn Carl Linnaeus var fyrstur til að lýsa salatplöntunni í bók sinni Species Plantarum árið 1753.

Í ágúst árið 1934 kom til verkfalla í Kaliforníu í Bandaríkjunum Norður-Ameríku þegar 700 farandlandbúnaðarverkamenn frá Mexíkó og Mið-Ameríku lögðu niður vinnu. Verkamennirnir sem störfuðu við salatskurð kröfðust hærri launa og betri aðbúnaðar. Áður en verkfallinu lauk kom til harðra átaka milli verkamannanna og landeigenda. Lögregla og innfæddir gengu til liðs við landeigendur og gengu í skrokk á verkfallsmönnum sem á móti grýtu verfallsbrjóta og salatflutningabíla með grjóti og skít.

Salat eins og við þekkjum það í dag finnst ekki ekki í náttúrunni.



Stöngulsalat myndar 30 til 50 sentímetra langan stöngul sem er 3 til 6 sentímetra að þvermáli.



Árið 1939 lögðu salatskurðarmenn í Kaliforníu niður vinnu og kröfðust hærri launa.



Egyptar til forna töldu salat herða slátur karlmanna og lostavekjandi fyrir konur á barneignaraldri.



Blöð af salati eru þurrkuð og mulin og notuð í staðinn fyrir tóbak í tóbakslausar sígarettur.

Nafnaspeki

Latneska ættkvíslarheitið Lactuca er af sama stofni og lactation, lactis, eða að mjólka og vísar til hvíts mjólkursafa sem blöðin gefa frá sér þegar þau eru brotin frá stofninum. Sativa þýðir að jurtin sé ræktuð.

Á ensku kallast jurtin lettuce, áfrönsku letues eða laitues. Heitið salat er orðið til fyrir misskilning. Þýskur munkur fór til Rómar snemma á fimmtándu öld og sat þar til borðs með reglubræðrum sínum. Hann tók eftir því að í hvert sinn sem orðin in salata voru nefnd var skál með grænum laufum færð til þess sem mælti þessi orð.

Þýski bróðirinn fékk fræ til að taka með sér heim. Þar á meðal voru fræ in salata. Þegar búinn að sá og farinn að njóta uppskerunnar vildu klausturbræður hans vita nafnið á plöntunni. Bróðirinn endurtók þá ítölsku orðin in salata og vissi ekki betur en að jurtin héti það og þannig komst salat nafnið inn í þýsku og þaðan í dönsku og yfir í íslensku.

Nytjar

Salatjurtin, hvort sem það er blað-, höfuð eða stöngulsalat, er mest notuð fersk á Vesturlöndum í salatblöndur sem eru eins konar salatblaðahræringar með ólíkum íblöndunarefnum hvort sem þau er úr jurta- eða dýraríkinu eða sem meðlæti með öðrum mat. Salat blöð eru iðulega álegg ásamt öðru á rauð og samlokur.

Í Asíu er algengt að salat sé eldað í súpu eða sem hluti af kjöt- eða fiskréttum.

Blöð af salati, aðallega villisalati, eru þurrkuð og mulin og notuð í staðin fyrir tóbak í tóbakslausar sígarettur.

Salat er ríkt af A og K vítamíni, fólatsýru og járni.

Árið 2000 kom upp alvarleg sýking hér þegar Sammonella typhimurium barst til landsins með jöklasalati. Á síðasta ári kom upp alvarleg magakveisa í tveimur skólum á höfuðborgarsvæðinu ástæða sýkingarinnar vera baktería sem barst með óþvegnu blaðsalati frá Ítalíu.

Salat í trúarbrögðum og alþýðuvísindum

Egyptar og Rómverjar til forna töldu salat herða slátur karlmanna og lostavekjandi fyrir konur á barneignaraldri. Grikkir sögðu salat aftur á móti limlinandi og valda getuleysi karlmanna og báru það fram í erfidrykkju. Grikkir tengdu Adonis karlkyns guði fegurðar, sjálfsdýrkunar og hégómleika við salatjurtina þar sem sagt er að hann hafi dáið á salatakri.

Á nítjándu öld töldu margar konur á Bretlands eyjum að salat illi ófrjósemi. Í sumum löndum Suður-Ameríku var sagt salat væri gott við mislingum og í Íran voru fræin sögð koma í veg fyrir taugaveiki. Raunar er saltjurtin góð við flestum mannameinum ef marka má alþýðutrú og hún sögð góð geng liðagikt, lina taugspennu, hósta og lækna geðveiki.

Samkvæmt trú Yazidi-fólksins sem býr í norðurhluta Íran og er einn elsti Kúrda minnihlutahópur landsins er syndsamlegt að leggja sér plöntur til munns og sérstaklega salat. Talið er að uppruna trúarinnar sé að finna á 11. öld en hún er blanda að sóróisma, kristni og íslam. Því hefur lengi verið haldið fram að Yazidi-folkið séu djöfladýrkendur þar sem fallinn engill sem kallast Melek Taus spilar stórt hlutvert í trú þess.

Ræktun salats

Salat er nægjusamt á pláss og þrífst best á björtum og skjólgóðum stað. Kýs frjósaman jarðveg og eilítið súran með pH 6.0 til 7.0. Þarf jafna vökvun.

Blaðsalat er fljótsprottið, auðvelt í ræktun og má sá beint í beð. Æskilegt bil á milli plantna er 15 til 20 sentímetrar. Hægt að byrja að nýta blöðin 6 til 7 vikum eftir sáningu.

Höfuðsalat þarf lengri ræktunartíma og því gott að forrækta og herða fyrir útplöntun. Plönturnar skal gróðursetja grunnt og hæfilegt bil á milli þeirra er 20 til 25 sentímetrar. Gott að hylja beðið með plasti og stinga plöntunum í gegnum það. Þarf 8 til 9 vikur til að ná þroska.

Báðar gerðir má forrækta eða sá beint í beð. Sé sáð beint í beð er gott að skýla smáplöntum með akrýldúk.

Salat í Íslandi

Vísi-Gísli, Gísli Magnússon frá Munkaþverá, hélt til náms í Kaupmannahöfn og Hollandi árið 1639 og kynntist framförum í ræktun og garðyrkju. Eftir heimkomu 1646 hóf Gísli ýmsar ræktunartilraunir og sáði þrjátíu nytjaplöntum sem döfnuðu vel í Danmörku. Meðal þeirra var salat, kál, bygg, hör, kúmen og hampur auk rófna, erta og rúgs.

Í tímaritinu Leifur, fyrsta árgangi 1883 segir:

„Jafnvell þótt að bændur gætu með litlum kostnaði ræktað heima hjá sjer ýmsa garðávexti, svo sem: Raddiker (rapharus sativus), Salat (lactuca sativa). Rödbeder (beta vulgaris), o. s. frv., þá munu fæstir leggja stund á það og kaupa matjurtir þessar heldur i kaupstöðum.

Á fæstum bændabýlum eru jurtabaðstofur, sem þó eru nauðsynlegar fyrir þær jurtir, sem snemma þarf að sá til, en þar sem nægur áburður er til og dálítið af spýtnarusli, gæti það þó eigi kostað bóndann nein ósköp.“

Í skýrslu sinni um nokkrar tilraunir til jurtaræktar á Íslandi í Tímariti Hins íslenska bókmenntafélaga ári 1886 segir Schierbeck landlæknir að salat, Lactuca sativa, vaxi mjög vel hér á landi og að það gefi stór höfuð.

Hvað heimilisræktun á matjurtum varðar segir í Landbúnaðarsögu Íslands að konur hafi átt drjúgan þátt í þróun hennar á fyrstu áratugum síðustu aldar með ræktun á matjurtum eins og salati, spínati, hvít- og blómkali í vermireitum.

Árið 1922 kom til landsins danskur garðyrkjusérfræðingur sem hét H. C. Larsen og lagði hann til að í Laugardal í Reykjavík yrði reist gróðurhúsahverfi þar sem hægt væri að rækta meðal annars tómata, agúrkur, jarðarber og salat.

Gróðrarstöðin Lambhagi er langstærsti framleiðandi salats á Íslandi og framleiðir tæp 400 tonn á ári. Mest er ræktað af afbrigði tegundarinnar Lactuca sativa sem kallast ‘Batavia’.

LESENDABÁS

Landsvirkjun og íslenskur iðnaður

Starfsmenn Landsvirkjunar kynntu á haustfundi 2017 að hlýnun Jarðar gæti haft jákvæð áhrif á raforkukerfið þar sem bráðnun jökla mun auka flæði jökuláa og möguleikann á virkjun vatnsafls.

„Það hefur alltaf verið mikil framhjárennsli í íslenska kerfinu og það mun halda áfram að vera svo, og ef spár loftslagsvísindamanna rætast mun framhjárennslið aukast.“ Svo segir einn starfsmaður Landsvirkjunar.

Bætt nýting uppistöðulóna er gott og göfugt markmið hjá Landsvirkjun. Yfir sumartímann nær t.d. Búrfellvirkjun ekki að anna öllu rennslinu og um 14% rennur framhjá, þess vegna er verið að útbúa þar viðbótarvirkjun sem nýtir þetta framhjárennsli og býr til úr því rafmagn án þess að bæta við nýjum lónum eða raska gróðurlendi.

Einnig var gott að heyra um áform um að Landsvirkjun hyggist binda meira kolefni en hún losar og sé að undirbúa orkuskipta- og rafmagnsvæðingu bílaflota landsmanna og taki þannig virkan þátt í aðgerðum gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum. Þetta eru sjálfbærar áherslur og lýsa ríkri samfélagsábyrgð fyrirtækisins. Allt er þetta undirstrikað í rafrænni ársskýrslu fyrirtækisins sem tilbúin var í febrúar.

En betur má ef duga skal, það vantar að bæta fjárfestingasiðferðið. Það er ekki gott að að stór hluti fjárfestinga Landsvirkjunar skuli vera til komnar vegna framleiðslu á rafmagni fyrir ósjálfbær og mengandi iðnfyrirtæki. Það varpar skugga á sjálfbærniáherslur sem kynntar eru í ársskýrslu fyrirtækisins að enn séu gerðir samningar um



Það varpar skugga á sjálfbærniáherslur sem kynntar eru í ársskýrslu fyrirtækisins að enn séu gerðir samningar um ódýra orku til fyrirtækja sem auka útstreymi gróðurhúsalofttegunda Íslands.



Stuðningur Landsvirkjunar við sjálfbæran íslenskan smáiðnað, nýsköpun, tækni og þróun gæti orðið ein besta fjárfesting fyrirtækisins fyrir samfélagið sem það á að þjóna.



Albert Svan Sigurðsson.

ódýra orku til fyrirtækja sem auka útstreymi gróðurhúsalofttegunda Íslands. Slíkt er hvorki í anda heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna sem Landsvirkjun hefur tekið í fóstur né loftslagsmarkmiða sem Ísland hefur sett sér.

Forstjóri Landsvirkjunar sagði í erindi sínu á haustfundinum 2017 að svokölluð stóriðja sé inni í ETS, sem er viðskiptakerfi Evrópu með loftslagsheimildir, „sem er að virka vel“ og afgreiddi með þeim orðum losun frá mest mengandi starfsemi á Íslandi. Það má túlka orð forstjórans þannig að sú mengun komi sjálfbærnimarkmiðum og viðskiptum Landsvirkjunar ekki við.

Þó er verulega óljóst hvort ETS kerfið „virki vel“ eða muni á endanum gera nokkuð gagn í loftslagsmálum. Þegar fram í sækir verður meira freistandi fyrir fjárfesta og eigendur iðnfyrirtækja að flytja þau frá Evrópu (e. carbon leakage) fremur en að greiða hærra verð fyrir losunarkvóta eða fjárfesta í mengunarvörnum. Þannig hefur ETS kerfið í raun frestað því að fulltrúar stjórnvalda taki á losunarvandanum og eftir sitja Íslendingar með mengandi stóriðju og engan árangur í loftslagsmálum.

Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Það er því stjórn fyrirtækisins sem markar stefnuna og fyrirtækinu ber síðan að greiða fjárhagslegan arð til eigandans, sem er íslenska ríkið. En arðgreiðslur verða því lægri eftir því sem Landsvirkjun þarf að fjárfesta í nýjum virkjunum til að anna eftirspurn vegna nýrrar erlendrar stóriðju. Oft í ósamræmi við samfélagsáherslur og sjálfbærnimarkmið fyrirtækisins.

Stjórn Landsvirkjunar getur gert mun betur og hlúð að áherslum sínum og markmiðum með því að stighækka orkuverð til mengandi iðnaðar og stuðla þannig beint sem óbeint að eflingu atvinnugreina sem styðja við sjálfbærnimarkmið. Líkt og Landsvirkjun býður upp á samninga við gagnaver eins og Advania, ætti að reyna að bjóða upp á gjaldskrá með ódýrari orkuverðum fyrir fyrirtæki sem tengist sjálfbærum rekstri hvers konar eða vistvænni matvælaframleiðslu.

Stuðningur Landsvirkjunar við sjálfbæran íslenskan smáiðnað, nýsköpun, tækni og þróun gæti orðið ein besta fjárfesting fyrirtækisins fyrir samfélagið sem það á að þjóna. Um leið dreifist áhætta í fjárfestingum og rekstri fyrirtækisins á fleiri greinar og verður lyftistöng fyrir íslenskt hugvit sem nýtir endurnýjanlega innlendrar orku. Þannig má segja tími sé kominn til að Landsvirkjun fjárfesti í mannauði Íslendinga.

Albert Svan Sigurðsson.
Höfundur er umhverfis-landfræðingur og varamaður í stjórn Landsvirkjunar.

Afleiðingar tollasamnings við ESB

Haustið 2015 var skrifað undir tollasamning við ESB sem kveður á um heimildir til innflutnings á ákveðnu magni af kjöti og mjólkurvörum, en samningurinn á að taka gildi nú í vor.

Íslendingar geta þar með flutt inn jafnmikið og þeir flytja út af umræddum vörum, sem sagt kíló á móti kílói. Þetta á að vera tækifæri fyrir bændur, í það minnsta voru það orð þáverandi landbúnaðarráðherra Sigurðar Inga Jóhannssonar, það sagði hann í mín eyru þegar ég hitti hann skömmu eftir undirskrift umræddsamnings. Mér er það mjög til efs að þetta skapi íslenskum bændum tækifæri, 500 milljóna manna Evrópumarkaður er yfirfullur af kjöti og hvernig við eigum að komast þar inn með nokkurn hlut get ég ekki með nokkru móti séð, í það minnsta yrði verðið ekki hátt.

Matvælaframleiðsla kostar peninga

Það kostar að framleiða mat, ódýr matur er ekki eftirsóknarverð vara, sé hann ódýr er hann mjög líklega framleiddur við aðstæður sem Íslendingar geta tæplega sætt sig við, verksmiðjuframleiðsla þar sem lyfjum er dælt í skepnurnar með fóðrinu og aðstæður ekki boðlegar.

Mikil sýklalyfjanotkun í landbúnaði er orðið mikið vandamál víða um heim og upp eru komnar bakteríur sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum og á þetta vandamál aðeins eftir að magnast ef ekki verður tekið í taumana.

Lyfjanotkun í landbúnaði á Íslandi er með því allra minnsta sem gerist í heiminum, íslensku kúa- og sauðfjárstofnarnir eru lausir við dýrasjúkdóma sem eru landlægir víða annars staðar og mikill árangur hefur náðst í bæði svína- og kjúklingarækt svo eftir er tekið. Þetta eru mikil verðmæti, en því miður virðist ekki vera mikill skilningur á þeirri staðreynd meðal þeirra sem vilja gefa innflutning á kjöti og mjólkurafurðum frjálsan, flytja inn hrátt ófrosið kjöt og ógerilsneyddar mjólkurvörur.

En víkjum aftur að tollasamningnum. Hann kveður á um innflutning á ákveðnu magni af kjöti og mjólkurvörum. Þetta getur þýtt að álíka margir og framleiða mjólk í sveitum Flóans myndu hætta búskap, vandi sauðfjárbænda myndi aukast, svína- og kjúklingabú yrðu fyrir miklum skaða og framleiðendur detta út. Þeir sem myndu líklega detta fyrst út eru minni framleiðendur þar sem rekin eru hóflega stór fjölskyldubú, einmitt þær einingar sem eru kjarninn í hverri sveit.

Svo ég haldi áfram að taka Flóann sem dæmi þá eru hér rekin bæði kjúklinga- og eggjabú, hér er nokkur fjöldi sauðfjárbænda, milli 30 og 40 mjólkurframleiðendur og nautakjötsframleiðendur fjölmargir. Þessir bændur skapa mikla undirstöðu og mynda ásamt öðru það samfélag sem fólki þykir gott að búa í og hefur verið eftirsóknarvert. Verði þessi bú fyrir miklu tapi vegna óþarfs innflutnings yrði þetta samfélag fyrir miklu áfalli bæði efnahagslega og menningarlega.

Þannig er staðan um allt land, ekki aðeins í Flóanum, hann tek ég sem dæmi um samfélag sem ég þekki og sem byggir að stórum hluta á landbúnaði. Ef framleiðsla bænda skerðist eða verð á bæði mjólk og kjöti lækkar meira en orðið er, er vandséð hvernig á að takast á við það. Mjólkurverð til bænda hefur ekki hækkað í neinum takti við hækkanir á aðföngum og bændur hafa ekki hækkað í launum undanfarin ár eins og aðrar stéttir í landinu hafa gert, við bændur eigum bara að framleiða meira og vinna lengur. Verð á lambakjöti hefur lækkað það mikið að launaliður bænda er hreinlega horfinn. Ég get ekki séð hvernig þetta getur gengið til lengdar og ég óttast að margir fari út úr búskap verði engin breyting á.

Tollasamningurinn er svo ekki til að bæta ástandið, verði hann látinn óáreittur og hingað hellist yfir aukinn innflutningur mun landbúnaðurinn holast það mikið innan að ekki verður lífvænlegt að framleiða kjöt eða mjólk.

Hver vill vinna alla daga ársins og fá lítið eða ekkert kaup? Bændur geta ekki gert það frekar en aðrar stéttir. Það er býsnast yfir því að hingað sé flutt inn fólk sem ekki er borgað nógu hátt kaup, en í landinu er stétt sem á að vinna við að framleiða mat ofan í þjóðina í samkeppni við erlenda framleiðslu og hafa ekkert út úr því. Þetta er skrýtið. Svo vill kaupmannastéttin flytja hér inn mat í stórum stíl sem framleiddur er af fólki sem ekki fær mikið borgað fyrir sína vinnu. Nei, vitleysan ríður ekki við einteyming.

Hart sótt að bændastéttinni

Það er hart sótt að bændastéttinni, til okkar eru eðlilega gerðar miklar kröfur um aðbúnað dýra en maturinn sem við framleiðum má helst ekkert kosta. Það er endalaus jarmur um það í þjóðfélaginu að matur á Íslandi sé mjög dýr. Ég fullyrði að hann er ekkert dýrari en annars staðar, það fer nú oft saman matarverð og launakjör fólks í viðkomandi landi. Það eru auglýst lambalæri hér í búðum á innan við 1.000- kr kílóið. Þetta er gjafverð og er í raun til háborinnar skammar. Bóndinn er ekki að fá mikið í sinn hlut, svo mikið er víst. Íslendingar eyða u.þ.b. 12 % af sínum launum í mat og þar af er aðeins helmingur af því sem fer í að kaupa íslenskan mat. Þetta er lægra hlutfall en víðast hvar annars staðar.

Atvinnuöryggi bænda í hættu

Atvinnuöryggi bænda er stefnt í mikla hættu, bæði vegna tollasamningsins og ekki síður vegna úrskurðar EFTA-dómstólsins varðandi innflutning á hráu kjöti og ógerilsneyddum mjólkurvörum, sem getur ógnað okkar hreinu dýrastofnum. Það er alveg með ólíkindum ef þjóðinni er sama, til þess eins að mega flytja inn meiri mat.

Það er látið í veðri vaka að þetta sé gert fyrir neytendur, til að fólk eigi kost á ódýrari matvælum og hafi val um hvað og hvaðan það kaupir. Það er látið eins og neytendur séu einhver afmarkaður hópur í þjóðfélaginu, en við erum öll í sama bát og eigum að róa í sömu átt. Neytendur eru öll þjóðin, það hlýtur að vera okkar hagur að framleiða hér allt sem við getum, hvort sem það eru dýraafurðir eða grænmeti, í því felst öryggi og varan sem íslenskir bændur framleiða er gæðavara sem stendur fremst vegna heilnæmi hennar og ferskleika. Hvers eiga íslenskir bændur að gjalda að vera í eilífu stríði við verslunarauðvaldið sem vill ná hér öllu undir sig? Það fara saman hagsmunir bænda og þjóðarinnar allrar, en því miður er hópur manna sem skirrist ekki við að brjóta niður þessa framleiðslu í nafni frelsis og neytendaverndar.

Það er raunveruleg hætta á því að landbúnaðurinn verði fyrir miklum skaða gangi þetta eftir sem ég hef drepið á. Íslenska sveitin er hluti af þjóðarsálinni, þar verður dauflegt um að litast ef fólki fækkar enn sem hefur yndi af og vill vinna við landbúnað á Íslandi. Það er almannahagur og á að vera okkur Íslendingum kappsmál að framleiða í okkur sem mest af þeim mat sem við þurfum og handa þeim ferðamönnum sem hingað sækja. Hvað ætlum við að sýna okkar gestum og hvaða sérstaka mat ætlum við að bjóða þeim ef við hættum að framleiða hér t.d. lambakjöt? Svari hver fyrir sig.

Ábyrgð stjórnmálamanna á þessu öllu saman er mikil. Núverandi ríkisstjórn virðist ekki vera líkleg til að standa með íslenskum sveitum, frekar en sú sem fór frá í vetur. En að það skyldi vera dýralæknirinn og bóndasonurinn Sigurður Ingi Jóhannsson sem skrifaði undir þennan tollasamning er hreint með ólíkindum. Ég held að kratarnir hefðu varla þorað þetta. Það þarf að rifta þessum samning svo ekki hljótist af stórslys. Vandinn blasir við og íslendingar gætu vaknað upp við það einn daginn að ekki fáist nýmjólk í búðinni vegna þess að það er eldgos á Íslandi sem stöðvar flugumferð.

Margrét Jónsdóttir,
bóndi á Syðra-Velli í Flóahreppi og ullarvörukaupmaður í Þingborg í sömu sveit.

Fyrirhugað að byggja upp á Þrístöpum

Húnavatnshreppur mun auglýsa eftir ráðgjafa eða ráðgjafafyrirtæki til að starfa með sveitarfélaginu að framtíðaruppbyggingu á Þrístöpum og gestastofu sem yrði í nágrenni við Þrístapa og fengi nafnið Agnesarstofa.

Þrístapar eru þrír samliggjandi smáhólar sem liggja vestast í Vatnsdalshólunum norðan þjóðvegarins.


Þar fór fram síðasta aftakan á Íslandi 12. janúar árið 1830 þegar Friðrik Sigurðsson og Agnes Magnúsdóttir voru hálshöggvin fyrir morð á Natani Ketilssyni og Pétri Jónssyni. Höggstokkurinn og öxin eru varðveitt á Þjóðminjasafni Íslands en minningarsteinn er á aftökustaðnum. /MÞÞ














Á FAGLEGUM NÓTUM | LANDSSAMTÖK SAUÐFJÁRBÆNDA | LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS


Aðgangur að vefsvæðinu Matís fræðsla eða https://matis.online:

Ýmislegt í boði eins og „Heimavinnsla afurða"

Á dögunum var opnað fyrir aðgang að vefsvæðinu Matís fræðsla eða https://matis.online. Vefurinn er ætlaður fyrir fræðsluefni og vefnámskeið sem Matís ohf. hefur gefið út. Þar verður ýmislegt í boði, bæði endurgjaldslaust en einnig annað efni sem verður að greiða fyrir. Þar á meðal er námskeið sem kallast Heimavinnsla afurða.

Fyrsti hluti þess efnis er með aðaláherslu á úrvinnslu kindakjöts ásamt ýmsum þáttum sem snúa að smáframleiðslu matvæla. Í þessum fyrsta hluta, eru eftirfarandi sjö kaflar: „Örverur á kjöti og örverum haldið niðri", „Leyfismál, gæðahandbók, innra eftirlit og stofnun fyrirtækja", „Slátrun og kjötmat", „Söltun og reyking", „Umbúðamerkingar matvæla og pökkun", „Hráverkun og pylsugerð" og „Sögun, úrbeining og marinering". Hægt verður að kaupa allt efnið í einu, en einnig er mögulegt að kaupa hvern kafla fyrir sig.







matís

Spannar alla þá þætti sem snúa að heimavinnslunni

Efni námskeiðanna spannar alla þá þætti sem snúa að heimavinnslunni og er nauðsynlegt fyrir þá sem hyggjast fara út í framleiðslu matvæla en hafa ekki lokið einhvers konar matvælamenntun. Farið er ýtarlega í þætti eins og örverufræði: hvað gera örverur við matvæli, hvernig best sé að lágmarka tilveru óæskilegra örvera og hindra vöxt þeirra sem eru til staðar.

Leyfismál

Í kaflanum um leyfismál og innra eftirlit er farið yfir þau atriðii sem opinberir leyfisveitendur/eftirlitsaðilar gera kröfu um að sé framfylgt. Umbúðamerkingar byggjast að miklu leyti á opinberum kröfum sömuleiðis og pökkun matvæla getur verið með mismunandi hætti. Farið er yfir feril slátrunar og kjötmat kindakjöts skýrt á skemmtilegan hátt með myndböndum.

Vinnsluferlar

Í vinnsluköflunum sögun lambakjöts, úrbeining, marinering, söltun og reyking og hráverkun og pylsugerð er urmull myndbanda sem sýna vinnubrögð auk fræðsluefnis af ýmsum toga. Matvælastarfssemi er leyfisskyld og þær reglur sem fara þarf eftir birtast okkur í formi laga og reglugerða.

Mörgum þykir það flókið og tímafrekt að leita að hinum ýmsu reglum sem eiga við í hvert sinn, hvort heldur það eru leyfismálin, kröfur um næringaryfirlýsingu eða vottun umbúða svo eitthvað sé nefnt. Í námsefninu hefur þessum upplýsingum verið safnað saman á aðgengilegan hátt. Hverjum kafla lýkur síðan með nokkrum spurningum. Krafist er 80% réttrar svörunar og eru gefnar þrjár tilraunir. Standist viðkomandi prófið fær hann sent viðurkenningarskjal þess efnis. Skjalið má setja í gæðahandbók fyrirtækisins til staðfestingar á því að viðkomandi kunni einhver skil á viðkomandi þætti.

Í samvinnu Matís, LbhÍ og LS

Matís og Landbúnaðarháskóli Íslands með dyggri aðstoð Landsamtaka sauðfjárbænda eru bakhjarlar námskeiðsins. Námsefnið er unnið úr ýmsum gögnum s.s. úr fyrri rannsóknum og því náms- og kynningarefni sem útbúið hefur verið hjá Matís og forverum þess og ekki síður úr því efni sem finna má hjá Matvælastofnun.

Höfundar efnisins, eins og það birtist hér, eru Óli Þór Hilmarsson kjötiðnaðarmeistari, Guðjón Þorkelsson matvælafræðingur, Þóra Valsdóttir matvælafræðingur og Júlía Sigurbergsdóttir viðskiptafræðingur. Ólafur Rögnvaldsson sá um kvikmyndun og Þormóður Dagsson vefhönnuður sá um grafík, uppsetningu og vefhönnun.

Landssamtök sauðfjárbænda hafa fengið styrk úr minningasjóð Halldórs Pálssonar til þess að niðurgreiða námsgjöld til sinna félagamanna. Þeir félagsmenn sem vilja nýta sér þetta geta leitað eftir frekari upplýsingum með því að senda tölvupóst á unnsteinn@bondi.is eða hringja í síma 563 0350.

LESENDABÁS

Fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna:

Fjarvera búgreinasambandanna

Helgina 9. til 12 mars fór fram glæsileg fagkeppni um Kjötmeistara Íslands og óska ég Oddi Árnasyni frá Sláturfélagi Suðurlands innilega til hamingju með sigurinn.

Einnig óska ég öllum öðrum sigurvegurum til hamingju með sín verðlaun. Virkilega glæsileg keppni og vel að henni staðið.

Keppni eins og þessi endurspeglar oft það sem er að gerast á markaði og sást það vel á þeim vörum sem voru í keppninni núna. Fleiri vörur voru með sem henta öllu því ferðafólki sem heimsækir okkur, eins og t.d. þurrkað kjöt. Voru dómarar keppninnar ekki í öfundsverðir af hlutverki sínu. Landbúnaðarráðherra mætir og afhendir verðlaun og sú athöfn gaf samkomunni sterkan og fallegan blæ.

Eitt er það sem angrar mig

En það er eitt sem er að angra mig og hefur gert lengi. Það er mæting fulltrúa búgreinasambandanna (Landssamband kúabænda,



Guðráður G. Sigurðsson.

Landssamtök sauðfjárbænda, Félag kjúklingabænda, Svínaræktarfélag Íslands og kjötframleiðendur/hrossaræktendur á þessa verðlaunaafhendingu. Öllum var boðið að vera viðstaddir og afhenda þau verðlaun sem þeir eru að veita sjálfir. Og hafa alla tíð stutt við Meistarafélag kjötiðnaðarmanna í þessari fagkeppni. Eru kjötiðnaðarmenn þakklátir fyrir það. En eitthvað hefur gerst. Árið 2016 kom engin frá þeim að afhenda þessi verðlaun og skýringin sem þáverandi landbúnaðaráðherra gaf á fjarveru þeirra var að þeir væru að lesa yfir nýjan búvörusamning.

Í ár 2018 kom einungis Hörður Harðarson frá Svínaræktarfélagi Íslands og þakka ég honum innilega fyrir komuna og að hafa sýnt málinu áhuga.

Ég skil þetta ekki

Ég skil þetta ekki alveg, kjötiðnaðarmenn eru í raun einu talsmenn búgreinasambandanna á markaði og þeir einu sem koma kjötafurðum í verð á markað. Gildir þá einu hvort afurðir eru að fara í útflutning, mötuneyti eða í verslun.

Svo virðist sem ekki sé hægt að gefa sér stund til að taka þátt og sjá hvað við kjötiðnaðarmenn erum að gera og hvað margt nýtt er hægt að gera úr þeirra vöru. Kjötiðnaðarmenn vinna allan daginn með það eitt að markmiði að gera sem besta og arðvænlegasta vöru úr öllu því kjöti sem þeir framleiða. Það skiptir ekki máli hver varan er grís, naut, lamb, hross eða kjúklingur.

Alltaf í vörn

Mér finnst einsog við séum alltaf í vörn. Við erum alltaf að verja þá vöru sem við setjum á markað en á sama tíma njótum við ekki stuðnings okkar stærstu birgja sem eru kjötframleiðendur.

Mér finnst þögn fulltrúa búgreinasambandanna og fjarvera á hátíð sem þessari vera óskrandi. Hvað veldur veit ég ekki. Ég er viss um að þeir myndu fljótt rísa upp ef íslenskar kjötvinnslur myndu eingöngu fara að skoða afurðir erlendra kjötbirgja.

Getum borið höfuðið hátt

Íslenskir kjötiðnaðarmenn og íslenskir kjötframleiðendur geta borið höfuðið hátt þegar kemur að gæðum, bragði og útliti þeirra vara sem við sendum frá okkur.


Slíkt er ekki síst því að þakka að hér er gott kjöt á markaði sem hægt er að gera góða hluti við. Íslenskt kjöt hefur marga góða kosti og hver kjötgerð á sinn hátt.

Vatnið okkar er gott og loftgæði mikil sem hefur mikið með gæði kjötsins að gera. Að sjálfsögðu má ekki gleyma því góða fóðri sem við ræktum hér og hefur marga góða kosti.

Ætla ég ekki að fara í einhver meting um hvað sé best og mest. Það margt mjög vel gert hér og margar vandaðar vörur á markaði. Mig langar samt að sjá meiri samstöðu milli kjötframleiðenda og kjötiðnaðarmanna.

Hlakka til að hitta kjötframleiðendur við verðlaunaafhendingu í fagkeppninni 2020. Sameinaðir stöndum vér en sundraðir föllum vér.

Guðráður G. Sigurðsson
kjötiðnaðarmaður.



Umræddir bráðungu skólastjórar. Vinstra megin er Sigursveinn Sigurðarson og hægra megin Sæmundur Sveinsson.

Bráðungir skólastjórar

Þeir hafa stundum verið nokkuð ungir skólastjórarnir sem ráðnir hafa verið í þær miklu ábyrgðarstöður á Íslandi. Samkvæmt nýjustu upplýsingum er yngsti starfandi skólastjórinn á landinu í dag líklega aðeins 34 ára að aldri.

Í síðasta Bændablaði var frétt um að Sigursveinn Sigurðarson, kennari við Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi, hefði verið ráðinn skólameistari í eitt ár við skólann, frá 1. ágúst 2018 til 1. ágúst 2019. Í fréttinni var einnig sagt að Sigursveinn væri mjög líklega yngsti skólastjóri landsins, ekki nema 38 ára.

Sveinn Runólfsson, fyrrverandi landgræðslustjóri, sendi Bændablaðinu til gamans viðbótar upplýsingar um unga skólastjóra, en Sigursveinn er reyndar frændi hans.

Benti Sveinn á að sonur hans, Sæmundur Sveinsson, er nú rektor Landbúnaðarháskóla Íslands. Hann er fæddur 29. ágúst 1984 og því aðeins 34 ára að aldri. Vert er líka að minnast á að afi hans, Runólfur, var aðeins 27 ára þegar hann varð skólastjóri á Hvanneyri og langafi hans Halldór var 32 ára þegar hann varð skólastjóri í sama skóla.

/HKr.



Landbúnaðarsafn Íslands hefur notið gjafmildi félaga í Fergusonfélaginu. Talið frá vinstri: Þór Marteinsson, Ragnhildur H. Jónsdóttir, Sigurður Skarphéðinsson og Bjarni Guðmundsson.

Fergusonfélagið styrkir varðveislu gamalla landbúnaðartækja

Fergusonfélagið hefur á undanförnum árum veitt söfnum víða um land styrki til að standa að varðveislu gamalla landbúnaðavéla.

Fergusonfélagið er áhugamannafélag um gamlar landbúnaðarvélar, fjöldi félagsmanna telur nú 255 sem dreifist jafnt um landið. Félagið er 10 ára gamalt, var stofnað á jólaföstu 2007. Á þessu tímabili, m.a. af hagnaði af sölu á bolum, húfum og könnum með merki félagsins, hefur það veitt nokkra styrki til safna sem varðveita gamlar landbúnaðarvélar.

Á síðasta ári var Samgönguminjasafninu á Ystafelli í Köldukinn veittur 350.000 króna styrkur. Áður hafði Landbúnaðarsafnið á Hvanneyri fengið samskonar styrk frá félaginu og að auki færðar vélar sem Fergusonfélagið tók þátt í kostnaði við uppgerð.

Má í því sambandi nefna afturenda af gömlum Ferguson sem hafði verið settur á gluggi, til að sýna hvernig vökvakerfið sem Harry Ferguson fann upp vinnur, en sú uppfinning olli byltingu í jarðvinnslu fyrir 80 árum síðan, einnig færði félagið safninu kartöfluupptökuvél.

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var þriðjudaginn 6. febrúar var samþykkt að veita Búminjasafninu í Lindabæ í Sæmundarhlíð 300.000 kr. styrk í viðurkenningarskyni fyrir frábært starf þeirra hjóna Helgu Stefánsdóttur og Sigmars Jóhannssonar við uppbyggingu safnsins og varðveislu gamalla véla og muna er tengjast landbúnaði.



Gunnar frá Vélaafli afhendir starfsmönnum troðarann. Frá vinstri eru Jón Rögnvaldsson, Valdimar Viggósson, Fannar Viggósson og Gunnar K. Þórðarson.

Norðurál kaupir nýjan sorptroðara

Norðurál bs. sem rekur urðunarstaðinn Stekkjarvík við Blönduós fékk afhentan nýjan sorptroðara í lok febrúar.

Troðarinn er af gerðinni Bomag BC772 RS-4 og er tæp 40 tonn að þyngd. Í honum er mótor af gerðinni Mercedes Benz, OM471LA. 340kw. Hann er með sérstökum troðarahjólum með ásoðnum göddum og skóflugálga eins og á hjólaskólfum með hleðsluhæð 3,25 m og 4,5 rúmmetra skóflu.

Innkaupsverð á troðaranum er tæpar 52 milljónir án virðisaukaskatts. Tækið er keypt í gegnum Vélafl ehf. sem er umboðsaðili fyrir Bomag á Íslandi.

Með nýjum sorptroðara aukast afköst við móttöku á sorpi og betri þjöppun næst á urðunarreinar. Þetta kemur fram á vefnum huni.is. */MÞÞ*



Sandblásturskassi m/ryksugu
2 stærðir
Verð frá 361.900 + vsk



Hobby Sandblásturskassi m/ryksugu
Verð 146.900 + vsk



Hobby Borð-Sandblásturskassi
Verð 39.320 + vsk



Þvottakör
3 stærðir
Verð frá 8.900 + vsk



Verkfæraskápur m/205 verkfærum
Verð 99.900 + vsk

- ✓ HREINSIEFNI
- ✓ SANDBLÁSTURSSANDUR
- ✓ VÉLAHLUTAÞVOTTAVÉLAR
- ✓ HÁÞRÝSTIDÆLUR
- ✓ DÆLUR
- ✓ O.m.fl.



Sandblásturskútur
38L
Verð 39.320 + vsk



Ultrasonic Cleaner
36L
Verð 199.900 + vsk



Sandblásturskútur m/ryksugu
80L
Verð 53.200 + vsk

SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND MEÐ FLYTJANDA

JÁKÓ
vélar og efnavörur sf.
Auðbrekku 23, Kópavogi
s. 564 1819, www.jako.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Næsta blað kemur út 12. apríl

Aðalfundur og árshátíð Landssambands kúabænda 2018

verða haldin dagana 6.–7. apríl á Hótel Selfossi. Hefðbundin aðalfundarstörf verða á föstudagsmorgninum en eftir hádegi hefst Fagþing nautgriparæktarinnar. Laugardagskvöldið 7. apríl verður árshátíð LK þar sem kúabændur og velunnarar munu gleðjast og skemmta sér saman.

Dagskrá Fagþings nautgriparæktarinnar

Frá heimsráðstefnunni um búfjárkynbætur - Yfirlit nýlokinna verkefna og í vinnslu
Losun gróðurhúsalofttegunda - Erfðamengisúrval, staða verkefnisins og næstu skref
Mælidagalíkan fyrir íslenska kúastofninn - SpermVital: fyrstu tölur um notkun og árangur
Hagrænt vægi eiginleika - Losun gróðurhúsalofttegunda

Árshátíð LK á Hótel Selfossi laugardaginn 7. apríl

Húsið opnar kl. 19:00.

Forréttur: Humarsúpa með humarhölum, hvítsúkkulaðirjóma og dill.

Aðalréttur: Íslensk nautalund með sveppa pomme anna, haricot vert og rauðvínssósu.

Eftirréttur: Heit súkkulaðikaka með vanilluís og ávöxtum.

- ***Óvænt skemmtiatriði.***
- ***Hljómsveit Hússins heldur uppi fjörinu fram eftir nóttu.***

Miðaverð er 7.900 kr. fyrir félaga LK og 8.900 fyrir aðra. Miðapantanir í síma **460 4477**. Tekin hafa verið frá herbergi á Hótel Selfossi í síma **480 2500.** Taka þarf fram við pöntun að viðkomandi sé á vegum LK. Vegna mikillar ásóknar í gistirými er árshátíðargestum bent á að hafa hraðar hendur við að panta gistingu.

LANDSSAMBAND KÚABÆNDA

UTAN ÚR HEIMI

Fyrsta námið í svæðisbundnum matvælum á Norðurlöndunum

Fyrsta menntunarbraut á Norðurlöndunum í svæðisbundnum matvælum hefst næstkomandi haust í Ulvik í Harðangursfirði í Noregi. Fagið mun heita svæðisbundnar matarhefðir og fá 25 nemendur inngöngu í námið. Þetta er fyrsta starfsnámið í svæðisbundnum matvælum á Norðurlöndunum.

„Þetta er mjög stórt fyrir Ulvik og fyrir matvælafylkið Hörðaland þar sem rík áhersla er lögð á svæðisbundin matvæli. Það var alveg kominn tími á að slíkt nám myndi hefjast hér í Noregi. Við höfum bæði þörf og eftirspurn og það er mikilvægt fyrir matreiðslumenn og aðra sem vinna með svæðisbundin matvæli að fá meiri kunnáttu og menntun á þessu sviði," segir Andrid Solaas, sem ber faglega ábyrgð á náminu.

Í byrjun verður um þriggja ára fjarnám að ræða þar sem nemendur hittast í Ulvik í sex lotum á hverju skólaári. Lögð verður áhersla á framleiðslu og ferla sem tengjast hráefni og hvernig það hefur áhrif á gæði og bragð á vörunum. Farið verður yfir öll svið matar og drykkjar, bæði kjöt, fisk, osta, grænmeti og ávexti.

/ehg - Nationen




Fuglar og apar eru duglegir við að dreifa fræjum og eru víða órjúfanlegur hluti viðhalds náttúrulegra vistkerfa.

Fækkun fugla og apa dregur úr dreifingu fræja

Fuglar og apar eru duglegir við að dreifa fræjum og eru víða órjúfanlegur hluti viðhalds náttúrulegra vistkerfa. Afleiðing ofveiða á öpum og fuglum er minni útbreiðsla á fræjum margra harðviðategunda.

Apar og fuglar í hitabeltinu sem borða stór aldin með mörgum litlum eða fáum stórum fræjum eru afkastamiklir frædreifarar þegar dýrin skila fræjunum af sér á ferðalagi sínu milli svæða. Eftir á vaxa upp tré á við og dreif um skóginn en ekki eingöngu í kringum móðurtréð og á þetta við um ýmsar eftirsóttar trjátegundir sem unninn er úr harðviður.



Í hitabeltisskógum þar sem fækkun apa og fugla hefur verið mest hefur einnig dregið sýnilega úr nývexti harðviðartrjáa. */VH*



Hætta er á að búsvæði tígisdýra á Indlandi fari á kaf í vatn hækki lofthiti jarðar mikið umfram spár.

Hlýnun jarðar:

Milli 50 og 60% lífríkis skóga í hættu

Samkvæmt nýrri úttekt WWF, Alþjóðasjóðs villtra dýra, um lífríki skóga í heiminum kemur fram að allt að 60% gróður og 50% dýralífs í þeim geti dáið út fyrir næstu aldamót.

Samkvæmt skýrslunni bendir flest til útdauða gríðarmargra lífvera í skógum Um allan heim hækki lofthiti jarðar um 1,5 gráður á Celsius. Svo gæti farið að meira en helmingur allar dýra- og plöntutegunda í skóginum heimsins deyi út ef ekkert verður að gert til að stemma stigu við hlýnuninni.

Notað var reiknilíkan til að spá fyrir hvaða áhrif það mundi á lífríki skóga ef lofthiti jarðar hækkaði um tvær gráður, sem eru efri mörk Parísarsamkomulagsins frá 2014, þrjár og hálf og fjórar og hálfa gráðu.

Sé útkoma líkansins rétt gætu 35% af plöntu- og dýrategunda í skógum heims dáið út náist að standi við efrimörk Parísarsamkomulagsins. Verði aftur á móti ekkert gert verður prósentutalan mun hærri. */VH*

Á FAGLEGUM NÓTUM



Árlegt fagþing nautgriparæktarinnar sem haldið var í Herning í Danmörku var mjög vel sótt, þrátt fyrir að nú væri rukkað fyrir aðgengið, sem ekki var gert síðast. Þarna komu fram miklar áhyggjur bænda af því að verið væri að flytja inn sjúkdóma með innflutningi lifdýra. Myndir / SAGES

Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku 2018 – fyrsti hluti:

Afar vel sótt fagþing nautgripa-ræktarinnar í Danmörku

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com



Hið árlega fagþing nautgripa-ræktarinnar í Danmörku var haldið um síðustu mánaðamót og sem fyrr var þetta tveggja daga viðburður og einskonar blanda af aðalfundi nautgriparæktarhluta dönsku Bændasamtakanna og fagráðstefnu.

Undanfarin ár hafa þátttakendur ekki þurft að greiða fyrir þátttöku en stjórn nautgriparæktarhluta Bændasamtakanna ákvað að vegna stöðugt aukins áhuga á fagþinginu, sér í lagi erlendis frá, yrði að fara að rukka fyrir þátttökuna og var því búist við því að heldur færri myndu koma og hlýða á framsögur á aðalfundinum eða hin fróðlegu erindi fagþingsins. Á daginn kom að það að rukka fyrir aðgengið, samtals um 15.000 íslenskar krónur, hafði lítil sem engin áhrif á áhuga bæði bænda og fagfólks að sækja fagþingið, enda er það þekkt fyrir mikla faglega dýpt og er trúlega það sterkasta á sínu sviði í norðurhluta Evrópu.


Alls keyptu 2.330 manns aðgöngumiða og er það einungis lítið eitt færri gestir en sóttu fagþingið árið 2017, en það ár var sem fyrr segir aðgengið ókeypis. Um helmingur gestanna voru bændur og þeirra starfsmenn.

Vilja banna innflutning lífdýra

Líkt og undanfarin ár skiptist dagskrá fagþingsins í tvo hluta. Fyrri hlutinn er aðalfundur nautgriparæktarhluta Bændasamtakanna með tilheyrandi umræðum um stjórnmál, ytra umhverfi greinarinnar og kosningum í stjórn og sá síðari er svo fagþingið sjálft með ótal fróðlegum erindum. Skipulag aðalfundarins hefur verið eins undanfarin ár og hefur alltaf hafist með sameiginlegu erindi formanns og framkvæmdastjóra sem skiptast á því að fara yfir liðið ár og það helsta sem gerst hefur varðandi búgreinina.

Formaður samtakanna, Christian Lund, og framkvæmdastjóri, Gitte Grønbæk, sáu um framsöguna en margt afar áhugavert kom fram í máli þeirra. Þó stóð upp úr ný stefna varðandi flutninga á lífdýrum sem snýst um að reyna að stöðva alla flutninga á lífdýrum til Danmerkur til þess að vernda danska nautgriparækt gegn mögulegum sjúkdómum í búfé.

Þetta er tillaga sem gengur þvert á stefnu Evrópusambandsins og gæti verið erfitt að hrinda í framkvæmd en nálgun dönsku bændasamtakanna er þó afar áhugaverð og snýst um að ná víðtækri sátt og samstöðu allra fyrirtækja sem vinna úr afurðum nautgripa, þ.e. bæði kjöti og mjólk.



Christiab Lund, formaður Landbrug & Fødevarer Kvæg, og Gitte Grønbæk hjá SEGES.

Með því að ná samstöðu allra sláturleyfishafa og allra aðila í mjólkurvinnslu um að þessir aðilar taki ekki við afurðum frá búum sem hafa flutt inn lifandi gripi til landsins þá lokast næstum því sjálfkrafa fyrir innflutninginn enda erfitt að búa ef enginn tekur við afurðunum! Christian sagði m.a. að áhættan væri allt of mikil og á hverju ári komi upp einstök sjúkdómatilfelli í landinu sem tengjast innflutningi lífdýra og þrátt fyrir að yfirvöldum hafi tekist að koma í veg fyrir að smit hafi dreifst um landið þá sé áhættan of mikil og því sé eina ráðið að koma í veg fyrir innflutninginn. Undanfarin ár hefur þessi innflutningur þó ekki verið mikill, eða um 200 nautgripir á ári. Í tillögunum er lagt til að áfram verði þó heimilt að flytja inn bæði fósturvísa og sæði til þess að halda áfram öflugum kynbótum, enda mun minni áhætta á smiti fólgin í slíkum innflutningi.

Gott ár að baki

Árið 2017 reyndist hagfellt fyrir danska nautgriparækt, það sýna bráðabirgðaniðurstöður fyrir hið liðna ár. Kúm í landinu fjölgaði um 4% og meðalnyt þeirra jókst um 1,5%. Þá jókst greiðslugeta greinarinnar um 10% miðað við árið 2016 og nýttist hinn aukni slagkraftur bæði til fjárfestinga í greininni sem og til aukinnar launagreiðslugetu. Skuldastaða danskra kúabúa í mjólkurframleiðslu hefur verið erfið undanfarin ár en á árinu bættist sú staða umtalsvert og lækkuðu meðalskuldir danskra kúabúa um rúmar 30 þúsund íslenskra króna á hverja árskú og stóðu kúabú landsins því umtalsvert betur í árslok 2017 en á sama tíma árið 2016. Þrátt fyrir þessar breytingar á árinu er talið að um fimmtungur kúabúa landsins eigi undir högg að sækja og eigi í fjárhagsörðugleikum.

Sé horft til kúabúa í nautakjötsframleiðslu reyndist árið 2017 einnig hagfellt og jókst framleiðsla búanna um 13% frá árinu 2016. Þá hefur lífrænt vottuð framleiðsla bæði á mjólk og nautakjöti aukist verulega og er litið á þá þróun sem afar jákvæða í Danmörku. Enn sem komið er, eru hinar lífrænt vottuðu vörur þó mest seldar á heimamarkaðnum en vaxandi eftirspurn erlendis eftir lífrænt vottuðum afurðum nautgripabúa er eitthvað sem danskar afurðastöðvar horfa í auknum mæli til.

Meðal framleiðslukostnaðurinn 39 kr./kg

Þrátt fyrir að árið hafi reynst gott fyrir nautgriparæktina í Danmörku þá hækkaði meðal framleiðslukostnaður mjólkur á árinu og var hann 2,37 danskar krónur að jafnaði eða um 39 íslenskar krónur á hvert kíló framleiddrar mjólkur. Þetta er hækkun um 9 danska aura frá árinu



Dönsku bændasamtökin vilja að sett verði almennt þak á það hve miklu magni nautakjöts megi hleypa inn í ESB án tolla.

2016 en skýrist fyrst og fremst af breytingu á danska skattkerfinu og ef sú breyting er tekin út fyrir sviga lækkaði framleiðslukostnaður mjólkurinnar á árinu.

Í stefnumörkun fyrir mjólkurframleiðslu Danmerkur hefur verið miðað við að framleiðslukostnaður mjólkur, til lengri tíma litið, þurfi að vera að jafnaði ekki meiri en 2,55 danskar krónur á kílóið eða um 42 íslenskar krónur eigi búgreinin að geta staðið sterk bæði gegn innflutningi sem og á alþjóðlegum markaði. Árið 2017 reyndust 70% allra kúabúa Danmerkur vera með framleiðslukostnað sem var lægri en 42 íslenskar krónur á kílóið og er því þorri búanna afar vel rekinn nú um stundir.

Skýr framleiðslumarkmið

Gitte Grønbæk, framkvæmdastjóri samtakanna, kom inn á framleiðslumálin í máli sínu og sagði m.a. að til þess að dönsk mjólkurframleiðsla gæti staðið fjárhagslega sterk til lengri tíma þyrfti meðalnyt kúnna að hækka enn frekar. Markmiðið væri að meðalnytin, reiknuð sem orkuleiðrétt mjólk, færi í 12.000 kg á kúna og er nokkuð í land þar enda var orkuleiðrétt meðalnyt danskra kúa 10.603 kg um áramótin. Sé eingöngu horft til Holstein-kúa sem ekki eru nýttar í lífrænt vottaða framleiðslu var orkuleiðrétt meðalnyt 11.246 kg um áramótin.

Þá sagði Gitte að stefna þurfi að því að stórauka hlutfall verðmætaefna mjólkurinnar og sagði hún að markmiðið þar væri að hver árskýr myndi framleiða að jafnaði 900 kg vermætaefna en um áramótin framleiddi meðalkýrin í Danmörku 793 kg verðmætaefna mjólkur. Þá sagði hún mikilvægt að auka endingu kúnna og með því að auka endinguna úr 2,5 mjaltaskeiðum í 3,5 mjaltaskeið megi vænta þess að framleiðslukostnaður mjólkur geti lækkað um 6-16 danska aura eða 1-2,5 íslenskar krónur á hvert framleitt kíló. Fyrir danskt meðalstórt kúabú myndi sá sparnaður svara til 2-5 milljónum íslenskra króna á ársgrunni.

Innflutningur ógnar nautakjötsframleiðslunni

Þrátt fyrir að búskapur gangi í raun vel í Danmörku þá er framleiðslukostnaður nautakjöts þar hærri en í mörgum löndum utan Evrópusambandsins og nýr fyrirhugaður samningur um tollfrjáls viðskipti á milli ESB og Mercosur landanna Brasilíu, Argentínu, Úrúgvæ og Paragvæ veldur kúabændum í Danmörku miklum áhyggjum. Nautakjötsútflutningur skiptir þessi lönd afar miklu máli og hefur ESB þegar boðið löndunum 99 þúsund tonna kvóta í skiptum fyrir aðgengi með aðrar vörur frá löndum Evrópusambandsins.

Dagljóst er að ef þetta verður niðurstaðan í viðræðunum mun verð á nautakjöti, sem er mun lægra í framangreindum löndum Suður-Ameríku en í löndum Evrópusambandsins, lækka að því að talið er um 5,5% og er það mikið áhyggjuefni dönsku bændanna. Vegna þessa berjast dönsku Bændasamtökin nú fyrir því að vernda búgreinina með því að tryggja opinberan stuðning við framleiðsluna. Þá vilja þau að sett verði almennt þak á það hve miklu magni nautakjöts megi hleypa inn í ESB án tolla.

Samstaðan skiptir mestu máli

Í máli Christian kom fram sú skýra sýn stjórnar nautgriparæktarhluta dönsku Bændasamtakanna að samstaða bæði bænda og afurðastöðva nautgripaafurða væri grundvöllur góðs árangurs til framtíðar. Skipti þar engu hvort búin væru stór eða smá eða afurðastöðvarnar í lítilli framleiðslu eða mikilli.

Samstaða bændanna og samvinna bæði þeirra og afurðastöðva landsins sé lykillinn að áframhaldandi vexti og sókn greinarinnar bæði innanlands og á erlendum mörkuðum og til þess að búgreinin geti staðið sterk til framtíðar þurfi að hlúa vel að henni.

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Hvammsvirkjun, landslag, útivist og ferðaþjónusta, í Skeiða– og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Landsvirkjunar er einnig að finna á vef stofnunarinnar **www.skipulag.is.**

Álit Skipulagsstofnunar lítur eingöngu að áhrifum á ofangreinda umhverfisþætti. Umfjöllun um og mat á aðra umhverfisþætti er að finna í úrskurði stofnunarinnar frá því í ágúst 2003 sem einnig er að finna í gagnagrunni umhverfismats á vef stofnunarinnar.

SILUNGANET!



HEIMAVÍK EHF
Sími 892-8655
Reynsla - Þekking - Gæði
www.heimavik.is



NJF

Aðalfundur Íslandsdeildar NJF verður haldinn þann **4. apríl 2018** á Keldnaholti í Reykjavík (húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands) og hefst kl. 13.00.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Núverandi og nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

NJF eru samtök norræns og baltnesks búvísindafólks og fagna 100 ára afmæli á þessu ári.



Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VD HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Útsala

praxis
...Þegar þú vilt þægindi

30-70% afsláttur



LOKAÐ 26. mars til 10. apríl v. páskaleyfa.
Hægt er að senda pantanir á praxis@praxis.is

Bonito ehf. • Praxis • Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.praxis.is
Opið mán. og mið. 11-17, fim. 16-18.

Á FAGLEGUM NÓTUM

Skráning eyrnamarka og útgáfa markaskráa

Á meðal þess fáa sem haldist hefur svo til óbreytt frá upphafi byggðar á Íslandi er afréttakerfið; göngur, réttir og notkun marka.

Fyrstu markaskrárnar voru prentaðar upp úr miðri 19. öld, áður voru þær handskrifaðar en mest virðast mörkin hafa varðveist í munnlegri geymd, mann fram af manni, öld eftir öld.

Landmarkaskráin

Eftir útgáfu markaskráa um land allt árið 2012 kom prentútgáfa landsmarkaskrár út í fjórða skiptið og þau tímamót urðu þá um haustið að vefútgáfa hennar kom út hjá Bændasamtökum Íslands (www.landsmarkaskra.is).

Hún hefur verið uppfærð eftir því sem ný mörk hafa verið skráð og hefur reynst vel. Einkum er um að ræða eyrnamörk og brennimörk svo og bæjarnúmer fyrir sauðfé og geitfé en mikið hefur dregið úr skráningu frostmarka fyrir hross sem var veruleg á tímabili.



Skráning marka

Hér fylgir með skrá yfir alla markaverði í landinu, 22 að tölu í 17 umdæmum sem hvert fyrir sig gefur út eigin markskrá. Landsmarkaskráin er því samsafn allra þeirra marka, öllum raðað eftir markaheitum.

Markaverðir taka við mörkum til skráningar, hver í sínu umdæmi, þeir úthluta nýjum bæjarnúmerum eftir þörfum og senda til Bændasamtaka Íslands. Þetta kerfi stendur á traustum grunni og hefur reynst vel.

Nýjar markaskrár árið 2020

Í samræmi við lög um afréttamálefni o.fl., reglugerð



um búfjármörk og fleira og fjallskilasamþykktir skal gefa út nýjar markaskrár í öllum markaumdæmum eigi sjaldnar en áttunda hvert ár.

Þannig eiga næstu markaskrár að koma út fyrir haustið 2020 og má reikna með að undirbúningur hefjist ári áður. Þótt tölvuvæðingin auðveldi mjög aðgengi að öllum skráðum mörkum hafa prentaðar markaskrár enn töluvert gildi auk þess að vera meðal aðgengilegustu heimilda um nöfn og heimili sauðfjáreigenda á hverjum tíma.


Guðlaug Eyþórsdóttir
landsmarkavörður

Ólafur R. Dýrmundsson
fv. landsmarkavörður.

Markaverðir 2018

Markaskrá	Nafn	Heimili	Póstnr.	Staður	Sími	Gsm	Netfang
Landnám Ingólfs Arnarsonar	Ólafur R Dýrmundsson	Jóruseli 12	109	Reykjavík		841-1346	oldyrm@gmail.com
Borgarfjarðarsýsla	Ingimundur Jónsson	Deildartungu 1a	320	Reykholt í Borgarfirði		861-5171	zetorinn@visir.is
Mýrasýsla	Þórir Finnsson	Hóli	311	Borgarnes	435-0041		
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	Jónas Jóhannesson	Jörfa	311	Borgarnes	435-6782	869-4584	
Dalasýsla	Arndís Erla Ólafsdóttir	Ásgarðslandi	371	Búðardalur	434-1261		erla22@simnet.is
Vestfirðir - A.-Barð.	Arnór Grímsson	Arnórshúsi	380	Króksfjarðarnes	434-7763	896-7763	soleygv@simnet.is
Vestfirðir - V.-Barð.	Barði Sveinsson	Innri-Múla	451	Patreksfjörður	456-2019		innrimuli@simnet.is
Vestfirðir - Ís.	Aðalsteinn L Valdimarsson	Strandseljum	401	Ísafjörður	456-4812		alvald@snerpa.is
Vestfirðir - Str.s.	Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir	Lækjartúni 15	510	Hólmavík	451-3196	696-3196	hrafnh@snerpa.is
Húnavatnssýslur - V.-Hún.	Eggert O Levy	Garðavegi 12	530	Hvammstangi	451-2430		
Húnavatnssýslur - A.-Hún.	Jóhann Guðmundsson	Holti	541	Blönduós	452-7127	861-5592	holtsvinadal@emax.is
Skagafjarðarsýsla	Lilja Björg Ólafsdóttir	Kárastöðum	551	Sauðárkrókur	453-6531		
Eyjafjarðarsýsla	Ólafur Geir Vagnsson	Hlébergi	601	Akureyri		8943230	hleberg@simnet.is
S-Þingeyjarsýsla og Kelduneshreppur	Sveinbjörn Þór Sigurðsson	Buvellir	641	Húsavík	464-3546	898-8306	buvellir@simnet.is
N-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár	Árni Davíð Haraldsson	Gunnarsstöðum 2	681	Þórshöfn		863-1265	arnihar@hotmail.com
Austurland - N.-Múl.	Jón Víðir Einarsson	Hvanná 1	701	Egilsstaðir	471-1052		
Austurland - S.-Múl.	Björn Björgvinsson	Sólbakka 4	760	Breiðdalsvík	475-6643	893-1824	breiddal@simnet.is
A-Skaftafellssýsla	Guðfinna Benediktsdóttir	Volaseli	781	Höfn í Hornafirði	478-1713	895-0026	
V-Skaftafellssýsla	Jón Jónsson	Prestsbakka	880	Kirkjubæjarklaustur	487-4754	891-6009	prestsb@talnet.is
Rangárvallasýsla	Sigríður Helga Heiðmundsdóttir	Kaldbak	851	Hella	4875133	8692042	kaldbakur@uppsveitir.is
Árnessýsla	Loftur Þorsteinsson	Ásastíg 10b	845	Flúðir	486-6715	863-7915	hannalb@simnet.is
Vestmannaeyjar	Birgir Sigurjónsson	Illugagötu 79	900	Vestmannaeyjar	481-2115		

Eyrnamörk og markaheiti



1 Alheilt
2 Andfjaðrað
3 Biti
4 Blaðrifað*
5 Blaðstýft
6 Boðbíldur*
7 Bragð
8 Fjöður
9 Gagnbitað
10 Gagnfjaðrað
11 Gagnhangfjaðrað
12 Gagnhófbitað
13 Gagnlaggað*
14 Gagnstigað
15 Geirskorið*
16 Geirstúfrifað*
17 Geirstýft*
18 Geirsýlt*
19 Hamarrifað*
20 Hamrað
21 Hangfjöður
22 Hálftaf
23 Heilgeirað
24 Heilhamrað
25 Heilrifað
26 Hófbiti
27 Hvatrifað
28 Hvatt
29 Laufað*
30 Lögg
31 Miðhlutað
32 Miðhlutað í stúf
33 Oddfjaðrað
34 Sneiðhamrað*
35 Sneiðrifað
36 Sneitt
37 Sneitt í hálftaf*
38 Stig
39 Stúfrifað
40 Stúfrifað í hálftaf*
41 Stýft
42 Stýfthálftaf
43 Sýlhamrað
44 Sýlt
45 Sýlt í blaðstýft*
46 Sýlt í hálftaf
47 Sýlt í stúf*
48 Tvíbitað
49 Tvífjaðrað
50 Tvígagnbitað*
51 Tvíhangfjaðrað
52 Tvínumið*
53 Tvírifað í heilt
54 Tvírifað í sneitt
55 Tvírifað í stúf
56 Tvístigað
57 Tvístýft
58 Tvísýlt í stúf*
59 Vaglbiti*
60 Vaglrifað*
61 Þrífjaðrað*
62 Þristigað*
63 Þristýft*

* táknar að unnið skuli gegn notkun þessara marka



Lóð undir tjaldsvæði á Norðurlandi

Óska eftir að taka á leigu landsvæði til langs tíma í nálægð við þjóðveg 1 á Norðurlandi.

- **Æskilegt er að stutt sé í rafmagn.**
- **Leigutaki mun kosta framkvæmdir í samráði við landeiganda.**

Tillögur óskast sendar á **kolbeinn@gmail.com**

Starfamessa á Akureyri:

Bændur framtíðarinnar kynntu sér landbúnað

23. febrúar síðastliðinn var haldin Starfamessa í Háskóla Akureyrar fyrir 9. og 10. bekkinga á Eyjafjarðarsvæðinu. Sóttu vel yfir 600 nemendur messuna í ár.

Á starfamessunni komu saman fyrirtæki, framhaldsskólar og háskólar af svæðinu til að kynna fyrir krökkunum möguleika og starfstækifæri sem bíða þeirra. Lagt var upp með að þeir sem væru að kynna hverja atvinnugrein gætu svarað nokkrum grundvallarspurningum um tiltekna grein eins og vinnutíma, laun og mögulegar menntunarkröfur.

Fyrir hönd bænda stóðu Hermann Ingi Gunnarsson, bóndi í Klauf, og Sara María Davíðsdóttir, bóndi í Torfum, vaktina en markmið þeirra var að vekja áhuga nemendanna á starfi bóndans og þeim störfum sem tengjast þjónustugreinum landbúnaðarins. Til gamans fengu krakkarnir að



Fjöldi 9. og 10. bekkinga mætti á Starfamessu í Háskóla Akureyrar.



Sara María Davíðsdóttir bóndi í Torfum. Myndir / Guðfinna Árnadóttir

smakka á kjarnfóðri, saltsteinum og orkudrykk fyrir nýbærur og vakti það mikla lukku. MS tók þátt í kynningunni með þeim með því að gefa nemendunum Hleðslu og má segja að krökkunum hafi þótt hún hvað einna best af þeim veitingum sem bændurnir buðu upp á.



RML – SPROTINN jarðræktarráðgjöf

Sigurður Jarlsson
Ráðunautur í jarðrækt
hjá RML
sj@rml.is



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur undanfarin ár boðið upp á þjónustu- og ráðgjafarpakka í jarðrækt undir heitinu Sprotinn. Viðbrögð bænda hafa verið góð og hefur þeim sem nýta sér þennan pakka fjölgað jafnt og þétt. Í fyrra tóku rúmlega 40 býli þátt.

Lögð er áhersla á að hafa Sprotann í stöðugri þróun sem tekur mið af reynslu ráðunauta og ábendingum frá þeim bændum sem nýta sér pakkann.

Helsta markmið Sprotans eru að bæta nýtingu áburðarefna við framleiðslu á heimafengnu fóðri. Í þeirri vegferð er byrjað á því að aðstoða og leiðbeina bændum við skráningu jarðræktarupplýsinga í jörð.is og gæta þess að túnkortum sé rétt viðhaldið. Þessar skráningar eru mikilvægar til þess að halda utan um sögu ræktarlands en einnig vegna þess að þær eru notaðar til þess að sækja um ræktunarstyrki og landgreiðslur.

Á bújörðum þar sem jarðvegssýni hafa ekki verið tekin nýlega er lögð áhersla á að slíkt sé gert til þess að fá sýn yfir ástand ræktarlands.

Áburðaráætlun

Áburðaráætlun er unnin í kjölfarið þar sem notaðar eru upplýsingar sem safnað er í verkefninu. Þegar skráning á áburðarnotkun og uppskeru er orðin markviss gefst kostur á að gera greiningu þar sem þessir þættir eru bornir saman til þess að meta gæði túna með tilliti til gróffóðuröflunar.

Nánari upplýsingar gefur Sigurður Jarlsson hjá RML.

ÓMISSANDI Í SAUÐBURÐINN

Icevet Dýraheilsa

LAMBBOOST OG FLORYBOOST eru fæðubótarefni sem verka styrkjandi og efla ónæmiskerfi unglamba. 100% náttúrulegar vörur sem löngu hafa sannað sig. Auðvelt í notkun, þarf ekki að blanda og kemur með íslenskum leiðbeiningum.



FLORYBOOST

Floryboost stuðlar að jafnvægi þarmaflórunnar og saltbúskap líkamans þegar meltingartruflanir gera vart við sig.

Verndar þarmana – Viðarkol og leir sem draga í sig eiturefni
Kemur jafnvægi á saltbúskap líkamans – Natríumklóríð, magnesíumklóríð, kalíumklóríð og fosföt
Eykur orku – Dextrósi
Styrkir erta slímhúð – Nauðsynlegar olíur unnar m.a. úr rósmaríni, cajeput, timótei og thymol



LAMBBOOST

Lambboost er fæðubótarefni sem er auðugt af broddmjólk og næringarefnum og er sérstaklega hannað með þarfir lítilla og léttra lamba í huga.

Heilbrigð þarmaflóra – Mjólkursýrugerlar
Eflir ónæmiskerfið – Broddur
Örvandi – Jurtakraftur (kóla, gúarana)
Eykur líkamlegan styrk – Flókin samsetning vítamína og járns
Eykur orku – Nauðsynlegar fitusýrur, glúkósi, þríglyseríðar



Nánari upplýsingar hjá dýralæknum og umboðsaðila www.dyraheilsa.is







OPIÐ HÚS Á PÁFASTÖÐUM

Laugardaginn 24. mars
Frá kl. 13-17

Glæsilegt nýtt fjós
LELY A4 mjaltaþjónar
LELY Vector fóðurkerfi
Og ýmislegt fleira áhugavert að skoða.

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

Bændablaðið
Kemur næst út
12. apríl

Gámurinn er þarfaþing









Til leigu eða sölu:

- Þurrgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaropnun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur



Hafðu samband 568 0100

www.stolpigamar.is
Stólpi Gámar
Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði

VÉLABÁSINN

Opel Crossland X:

Bílabúð Benna með opnunartilboð í nýju húsnæði


Opel Crossland X.

Myndir HLJ



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Hinn 17. febrúar opnaði Bílabúð Benna glæsilegan nýjan sýningarsal fyrir Ssang Yong og Opel í nýju húsnæði á Krókhálsi 9.

Við opnunina var frumsýndur nýr Opel Crossland X. Ég fékk sjálfskipta Crossland-bílinn eftir frumsýninguna til prufuaksturs.

Vélin ótrúlega kraftmikil þrátt fyrir að vera ekki nema 1.200 cc

Fyrir fram gerði ég mér ekki miklar vonir um þennan bíl þegar ég sá í auglýsingabæklingi að vélin væri ekki nema 1.200 rúmsentímetra (cc) en annað kom á daginn. Þessi litla vél skilar bílnum vel áfram, snerpa er góð og er bíllinn snöggur að ná umferðarhraða úr kyrrstöðu. Þegar kemur að brekkum hefur mér fundist nánast allir bílar með minni vélar en 1.500 cc vera að tapa leiðinlega mikilli ferð, en mér til furðu tapaði Opel Crossland ekki mikilli ferð í þeim brekkum sem ég ók upp á meðan ég var með bílinn. Það voru nokkrir búnir að prufukeyra bílinn í næsta nágreni við Bílabúð Benna og þegar ég settist inn í bílinn var búið að keyra hann yfir 400 km og meðaleyðsla þeirra á hundraðið var 9,1 lítrar.

Fyrst prófaði ég bílinn innanbæjar og var mín eyðsla 8,4 l á hundraðið á meðalhraða upp á 32 km. Í akstri upp á Mosfellsheiði og til baka á meðalhraða upp á 66 var ég að eyða í langkeyrslu 6,0 lítrum af bensíni á hundraðið, allavega var ég vel sáttur við þessa túrbó-bensínvél sem er ekki nema 1.199 cc og skilar 110 hestöflum.

Mismikið veghljóð frá fram- og afturhjólum

Það er þægilegt að keyra bílinn og fjöðrunin góð á malarvegi. Þó fannst mér Crossland sóða sjálfan sig full mikið að aftan eftir aksturinn á malarveginum.

Veghljóð er lítið frá framhjólunum en heldur meira frá afturhjólum. Á malarveginum heyrðist aðeins í steinum undir bílnum aftan til en minna frá framhjólum, en þess ber að geta að bíllinn var á frekar grófum vetrardekkjum, stíf fjöðrunin heggur aðeins í verstu malarvegaholunum.

Þegar ekið var í holur á malarveginum var bíllinn aðeins að höggva á fjöðruninni en á móti var bíllinn afar skemmtilegur á bundnu slitlagi og liggur vel í beygjum.

Akreinalesarinn les vel illa málaðar línurnar í vegköntum og lætur vita ef ekið er yfir miðlínu eða línuna í kantinum með blikkljósi í mælaborðinu og hljóðmerki líka.

Mikið lagt upp úr öryggi og þægindum

Framsætin eru sérstaklega þægileg og fara vel með þann sem í þeim situr enda hefur Opel fengið viðurkenningu frá læknum fyrir góða hönnun þessara sæta þar sem þau þykja öðrum sætum fremri fyrir að halda vel við mjóbak og upp með hliðum.


Svolítill sóði við sjálfan sig eftir aksturinn á mölinni.


Rauði takkinn með merkingunni SOS er til að hringja í neyðarlínuna.


Glettilega hátt undir lægsta punkt.




Bakkmyndavélin sýnir vel aftur og er með línur sem áætluð bakkleið er sýnd.


Framsætin í þessum bíl eru einhver þau bestu sem ég hef setið í.

Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	1.163 kg
Hæð	1.605 mm
Breidd	1.976 mm
Lengd	4.212 mm

Flestir bílar eru með handfrjálsan símabúnað í gegn um útvarpið, en Opel bætir um betur og er með einn takka upp undir baksýnisspeglinum sem er neyðarhringitakki. Ef maður er með „app“ í símanum virkjað inn á þennan takka er nóg að ýta á hann og maður fær samband við neyðarlínuna. Síminn er það fyrsta sem virðist týnast og jafnvel svífa út úr bílnum við veltu, en ekki það langt í burtu að hann missi sambandið við útvarpið.


Varadekkið er það sem ég kalla aumingi, en allavega betra en að vera án varadekks.

Vel útbúinn bíll og fáir ókostir

Í Opel Crossland X er mikið af aukabúnaði, s.s. kæling í hanskahólfi. Slíkt er ekki í mörgum bílum. Þá er gott útvarp með sex hátölurum, upphitaðir hliðarspeglar, varadekk sem ég kalla almennt aumingja, brekkuhjálp sem heldur við bílinn á meðan verið er að fara af stað í brattari brekkum, sjö tommu litaskjár fyrir bakkmyndavélina og fleira, upphitað stýri, hiti í framsætum, en slíkt hefði alveg mátt vera í aftursætunum líka.

Pláss inni í bílnum er gott og fótarými ágætt, farangursrými gott og með plötu til að stilla hæð eða lagskipta farangursrýminu. Auglýst opnunartilboðsverð á beinskiptum Opel Crossland X Enjoy er 2.690.000 og dýrari bílnum af Opel Crossland X Innovation sem er sjálfskiptur er auglýst tilboðsverð 3.290.000. Ef einhver vill fræðast meira er hægt að nálgast frekari upplýsingar á vefsíðunni www.benni.is.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Það sem kom fyrir mig getur hugsanlega komið fyrir þig



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Í 4. blaði Bændablaðsins 2018 var sagt frá slysavarnaskóla í Írlandi fyrir bændur sem er nýjung á Írlandi til að sporna við slysum. Fyrir nokkrum árum voru gerð myndbönd í samvinnu við HSE á Írlandi þar sem írskir bændur sögðu frá reynslu sinni um slys sem þeir höfðu lent í og voru þessi myndbönd aðgengileg á vef HSE og Youtube.

Yfirleitt voru þetta átakanlegar sögur um mjög alvarleg slys sem viðkomandi fólk hafði lent í. Í byrjun árs 2018 tóku sig saman fjögur stór samtök og fyrirtæki í Bandaríkjunum og stofnuðu með sér samstarf sem felst í að birta frásagnir og gera myndbönd um reynslu fólks í bandaríkjunum sem hefur lent í alvarlegum slysum við störf sín í landbúnaði.

Segjum frá - við viljum ekki að þetta henti neinn annan

Verkefnið nefnist á ensku: Telling the Story Project og er með einkunarorðunum: We don't want this to happen to anyone else (í minni þýðingu: Segjum frá - við viljum ekki að þetta henti neinn annan). Verkefnið er samstarf fjögurra samtaka og fyrirtækja, stjórnað og fjármagnað af þjóðhagsstofnun um vinnuverndarmál, landbúnað, skógrækt og veiðistofnun í um 10 ríkjum Bandaríkjanna

(NORA Agriculture, Forestry and Fishing Council NIOSH AgFF). Slóð inn á vefsíðu verkefnisins er: www.http://tellingthestoryproject.org .

Fimm öflugir samstarfsaðilar með mikla reynslu og þekkingu

Miðstöð fyrir landbúnaðaröryggi og heilsuvernd (Center for Agricultural Safety Health - CS-CASH) var stofnað árið 2011 og er í Háskólanum í Nebraska, Medical Center College of Public Health í Omaha. CS-CASH þjónar sjö ríkjum innan Bandaríkjanna og stundar fyrst og fremst rannsóknir á öndunarfærasjúkdómum, hefur eftirlit með meiðslum, gefur ráðgjöf og vinnur að forvörnum.

The Great Plains Center for Agricultural Health (GPCAH) er í University of Iowa College of Public Health í Iowa City. Var stofnað árið 1990, GPCAH er á landsvísu viðurkennd uppbyggileg stofnun um vinnuvemdarmál og forvarnir.

Öryggis- og heilsugæslustöð Upper West Midwest (UMASH), sem er í Minneapolis og stofnuð árið 2011. Þetta er þverfagleg samstarfsstofnun fimm rannsókna- og heilbrigðisstofnana með víðtæka þekkingu á heilsufari bænda og landbúnaðarslysum. Þær eru: Háskólinn í Minnesota, heilbrigðis- og háskólasviði, landbúnaðarlyf, miðstöðin Marshfield Clinic og Minnesota Department of Health.

National Farm Medicine Center (NFMC) var stofnað árið 1981 til að bregðast við heilsufarsvandamálum hjá bændum sem komu til Marshfield Clinic í Marshfield, Wisconsin. Miðstöðin einbeitir sér að rannsóknum í dreifbýli og leggur mikla áherslu á börn á bændabýlum.

Að deila óhöppum og segja frá er vanmetin forvörn

Frá því að þessu áhugaverða verkefni var hleypt af stokkunum hefur það vakið mikla athygli og hefur verkefnið verið kynnt á mjög mörgum vefmiðlum sem tengjast landbúnaði. Hafa verið settir inn tenglar sem vísa beint á vefsíðuna Telling the Story Project og á fjölmargar vefsíður bæði innan og utan Bandaríkjanna.

Allt frá því að ég byrjaði að skrifa þessa litlu forvarnarpistla hér í Bændablaðið hefur mig langað að fá sögur þeirra sem hafa lent í slysum til að byggja á forvarnir og forvarnarskrif.

Ef þú hefur lent í slysi er nokkuð öruggt að einhver annar getur lent í eins slysi. Með því að deila og segja frá slysinu er mikill möguleiki á að frásögnin geti orðið til þess að forða slysi hjá öðrum.

Vortilboð á fjárgrindum





Liprar og léttar fjárgrindur. Krækt saman án aukahluta, engir teinar eða skrúfur. Breidd 180 cm, hæð 90 cm.

Verð kr. 7.900 stk. auk vsk.
Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð kr. 6.900 stk. auk vsk.
Fyrstu 200 grindurnar á kr. 5.900 stk. auk vsk.

Fyrstur kemur, fyrstur fær!

Pantanir og upplýsingar í símum 899 1776 og 669 1336.

AURASEL
Meira fyrir aurinn

KROSSGÁTA Bændablaðsins



MYND: MOHYLEK (CC BY-SA 3.0)

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

80	HLUNKUR	SUÐA	GUFU-HREINSA	SPRIKL	OFANFERÐ		SKRAMBI	HAFNA	GNÝR	FAG
LOKKANDI										
DYS						BÁGINDI / SLÆMA				
LYKT					ÓÞÉTTUR / PEST					
ÚTUNGUN / SEYTLAR						GÁÐU / MEGIN				SPYRJA
	↓	RANNSAKA	MJAKA / ÓÐUR				KOSNING / ÁLITS		KK NAFN / BRÚKA			
TOGAÐI						SAMTÍMIS / HITA					ÁGÆTT	ILMUR	
MINNKA					EIGA / ÝKJUR					NIÐUR / AÐ BAKI			
UTAN			LABB / STANDA SIG					TUNGUMÁL / BÓT					
MISSIR				FÝLA / ÞURFA-LINGUR					AFLI / ÁMÆLA				YNDI
		SLÁTRA / HEILA					ÞROT / SÓLUNDA			EFNI / DRASL			
SPIL						ANDA					TVEIR EINS / KYRRA		
ANGAR						REYNSLU-LAUS / Í RÖÐ						GJALD-MIÐILL	
HÖGG					KORN					ÁRÁS			
AGAÐUR							ÍLÁT						

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



MYND: BRIAN SNELSON (CC BY-SA 2.0)


HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

79	DÚSKUR	ÁGÓÐI	HINDRA	TVEIR EINS	FEIKNA	SVIF		SKJÓÐA	STÓ	TVEIR EINS
HERPINGUR	S	A	M	D	R	Á	T	T	A	R
TEKJU-HLIÐ	K	R	E	D	I	T	REIÐI-HLJÓÐ / FÍNT	U	R	R
SÚLD	Ú	Ð	I	MÆLTI / SLÓR	S	A	G	Ð	I	SJÚKDÓM
ÞINGA / BÆTA VIÐ	F	U	N	D	A	HLÝJA / AUM	O	R	N	A
	↓	HYGGJAST	SANDMÖL / PRÓF-TITILL	A	U	R	A	R	STOPP / ÍLÁT	S	T	A	N	S
VIÐ-KVÆMUR	N	Æ	M	U	R	IÐKA	OFNEYSLA / ÞRÁÐA	O	F	Á	T	RIFA	ÚT	T
ÁHRIFA-VALD	Í	T	A	K	HYGGST / GAFL	Æ	T	L	A	R	PILI / KALLORÐ	R	I	M
TVEIR EINS	L	L	JARÐBIK / FOR-LEGGJARI	A	S	F	A	L	T	FUGL / BIRTA	H	A	N	A
RÁN	H	A	F	EFNI / FLEINN	T	A	U	EFNA-SAMBAND	BRÚÐL / SÖGULJÓÐ	S	Ó	U	N	SAGGI
	E	MUNDA / FÖGNUÐUR	O	T	A	LABBAÐI	G	E	K	K	SPOR / ÝR	F	A	R
FET	S	K	R	E	F	ATBURÐUR / GLÁP	A	T	V	I	K	ÁTT / MAGUR	N	A
VÉLUN	T	Æ	L	I	N	G	RUNNI / LÍKA	E	I	N	I	R	TVEIR EINS	K
ERLENDIS	U	T	A	N	VANSÆMD	Ó	O	R	Ð	STIKK-PRUFA	S	Ý	N	I
VOTVIÐRI	R	I	G	N	I	N	G	HNETA	A	K	A	R	N	

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Lindarbrekka



Ábúendur í Lindarbrekku keyptu jörðina, sem hafði þá verið í eyði í um 30 ár, í lok árs 2014. Þeir hafa síðan verið að byggja upp, breyta og bæta.

Þeir eru aðallega í kálfakjötsframleiðslu, en eru líka með kindur, hænur og sumargrísi. Allar afurðirnar eru seldar beint frá býli í gegnum síðuna þeirra lindarbrekka.is og senda vörurnar um allt land.

Býli: Lindarbrekka.

Staðsett í sveit: Staðarsveit á sunnanverðu Snæfellsnesi.

Ábúendur: Guðbjörg Guðlaugsdóttir og Hilmar Þór Sunnuson.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við hjónin og börnin okkar fjögur – Thea Líf, Embla Sól, Emil Breki og Lena Bríet. Á bænum býr líka hundurinn okkar hann Tígull og kisurnar Pétur, Sól og Mía.

Stærð jarðar? Um 77 hektarar.

Gerð bús? Blandað bú.

Fjöldi búfjár og tegundir? Um 50 nautgripir, 25 kindur og 23 hænur, hrútur og hani. Svo höfum við verið með nokkra grísi á sumrin.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Gjafir kvölds og morgna og svo mismunandi verkefni þess á milli.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Sauðburðurinn er skemmtilegastur, leiðinlegt þegar allt gengur á afturfótunum, bilanir og slíkt.





Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Verðum vonandi búin að koma öllum húsum og túnum í betra stand og búin að stækka í allar áttir.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Bændur ættu að standa betur saman.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Vel ef rétt er haldið á spöðunum hér höfum við ótrúleg tækifæri til að gera svo flotta hluti, nóg af hreinu vatni og lítil lyfjanotkun til dæmis. En það þurfa allir að leggjast á eitt, bændur, stjórnvöld og neytendur.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Hér erum við með svo hreinar afurðir og ættum að markaðssetja okkur þar á sem flestum sviðum.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Ostur, smjörvi, mjólk, gúrka, sultur og fleira.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Útigrilluð kálfasteik með sætum kartöflum, grilluðu grænmeti og piparostasósu.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þau eru nokkur, en þau bestu eru framfarirnar sem hafa orðið, til dæmis að fá rennandi vatn í húsin, færa kálfana upp af taðinu og fá kálfafóstruna. Svo allt brasið, fastur traktor á ýmsum stöðum og fleira.

MATARKRÓKURINN

Páskalambahryggur og -egg

Bjarni Gunnar Kristinsson
Matreiðslumeistari

Hvernig á að elda lambakjöt á beini?

Lambahryggur er oft safaríkur og góður. Hefðbundinn lambahryggvöðva þekkja allir, þá er hann úrbeinaður, sem getur valdið því að kjötið er ekki eins safaríkt og gamli ömmuhryggurinn.

Þess vegna er klofinn hálfhryggur með lundinni góð tilbreyting, sem er þá eins og T-bein steik en í heilu lagi og svo er hann skorinn í sneiðar eftir eldun með góðum hnífi (þarf að skera í gegnum hrygginn). Það bragð sem fæst aukalega af beininu ætti að vera þess virði að prófa þennan skurð af lambahrygg, sem er vinsæll erlendis.

1. Látið kjötið ná stofuhita, sem ætti að taka klukkutíma.
2. Hitið ofninn í 180 gráður.
3. Penslið kjötið með smjöri eða ólífuolíu á bretti. Nuddið með salti og ferskmöluðum pipar eftir smekk.
4. Setjið kjötið á steikarpönnu. Brúnið á öllum hliðum.
5. Setjið lambið í ofninn í um 15-20 mínútur. Ekki opna ofndyrnar þegar það er að eldast.
6. Látið standa að lágmarki í 20 mínútur og setjið svo aftur inn í fimm mínútur eða þar til hitamælir sem stungið er inn í þykkasta partinn sýnir 60 gráður að lágmarki, fyrir bleikt kjöt. Hitið að 63 gráðum fyrir miðlungsvel eldað kjöt og að 68 gráðum fyrir vel eldað.



Það er gaman að prófa sig áfram með bragðbættar salttegundir, en úrval af slíku er orðið ágætt og fá má á bændamörkuðum og í sérverslunum. Það má einnig gera sína eigin saltblöndu, til dæmis með þurrkuðu rósmaríni eða kryddjurtum að eigin vali sem er svo unnið saman við saltið í mortéli eða í kryddkvörn.

Borið fram með meðlæti að eigin vali.

Páskaeggja kex-trufflur

- 2 Oreo-kexpakkar
- 1 msk. Nutella hnetusúkkulaðismjör
- 8 msk. rjómaostur
- Tvenns konar skraut að eigin vali
- 2½ bolli hvítt súkkulaði

Aðferð

Myljið Oreo-kex í matvinnsluvél, með kreminu. Blandið Oreo-mylsnunni saman við rjómaostinn. Bætið einni skeið af Nutella saman við. Hnoðið deigið saman í egglaga bolta og setjið á smjörpappír. Setjið í frysti í 15 mínútur.


Þá eru Oreo-trufflur tilbúnar í súkkulaðibað. Bræðið hvítt súkkulaði í tvöföldu vatnsbaði (skál ofan á potti með vatni undir), eða í örbylgjuofni þar til bráðið. Takið eggin úr frysti. Dýfið í súkkulaðið annað hvort með gaffli eða setjið á ykkur einnota plasthanska og handleikið eggin þannig. Setjið á nýtt stykki af smjörpappír. Látið herðast. Dýfið í annað sinn ef þið viljið þykkari skel og látið þorna.

Skreytið að eigin vali. Látið þorna alveg. Og berið fram í brotnu páskaeggi.

Páskabrúnkökur

Það er tilvalið að fullkomna veisluhöldin um páskana með því að gera súkkulaðiköku úr öllu afgangs





súkkulaðinu og stuðla að minni matarsóun.

- 175 g smjör
- 200 g mjólkursúkkulaði, brotið í sundur (gott að nota afgangs-páskaegg)
- 225 g ljós púðursykur
- 2 miðlungsstór egg
- 1 tsk. vanilluþykkni (valfrjálst)
- 100 g hveiti
- 30 g kakóduft

Forhitið ofninn í 180 gráður. Setjið smjör og súkkulaði í örbylgjuofnskál. Krakkarnir elska að hjálpa til við að brjóta eggin og bræða. Örbylgjuofn er stilltur á meðalhita og á eina mínútu. Hrærðu svo blönduna hressilega í 20 sekúndur. Setjið blönduna til hliðar og kælið svolítið.

Setjið sykur, egg og vanillu (ef hún er notuð) í sérstaka skál og hrærðu lítillega svo þetta blandist vel saman. Hrærið saman við súkkulaðiblönduna . Bætið loks hveiti og kakói við súkkulaðideigið og blanda vel með sleif.

Hellið blöndunni í smurt form og bakið í 20-25 mínútur, þar til þunn skorpu hefur myndast á yfirborðinu.

Takið úr ofninum og látið kólna í forminu í 30 mínútur. Skerið í ferninga.

Það má auðveldlega frysta kökurnar ef búið er að fylla súkkulaðikvótann þessa páska.

Framreiðið með ís og berjum.

HANNYRÐAHORNIÐ

Sokkar með bylgjumynstri

